



Það var hátíðleg stund þegar Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri tóku skóflustungu að nýbyggingu á Alþingisreit í gær. Það markaði upphaf framkvæmda við 6.000 fermetra nýbyggingu Alþingis. Þar verða skrifstofur þingmanna, aðstaða fyrir þingflokka, fundarherbergi nefnda, ráðstefnuaðstaða og margt fleira. Kostnaður er áætlaður um 4,4 milljarðar króna. Þetta er mesta framkvæmd á vegum Alþingis í 140 ár, eða allt frá því að sjálft Alþingishúsið var reist á árunum 1880–1881. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Rannsaka dauðsfall á dvalarheimili

Alvarlegt atvik á hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli var tilkynnt til Landlæknisembættisins um miðjan janúar. Talið er að maður á tíræðisaldri hafi látist eftir að fataskápur féll á hann í herbergi hans. Skápurinn var á hjólum og var ekki veggfastur.

**HEILBRIGÐISMÁL** Karlmaður á tíræðisaldri er talinn hafa látist í voveiflegu slysi á Kirkjuhvoli, hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Hvolsvelli, um miðjan janúar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að slysið hafi orðið með þeim hætti að fataskápur féll á manninn þegar hann reyndi að reisa sig á fætur inni á herbergi sínu. Afleiðingarnar voru þær að maðurinn slasaðist illa og lést hann af sárum sínum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að sérstaklega sé talið ámælisvert

að fataskápurinn hafi ekki verið tryggður með festingum auk þess sem skápurinn var á hjólum, sem gerði hann mögulega ótryggari.

Eins og skylt er samkvæmt lögum um alvarleg atvik, sem valdið hafa eða geta valdið sjúklingum alvarlegu tjóni, var málið tilkynnt Landlæknisembættinu. Það staðfestir Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis, og að málið sé í rannsókn. „Við munum fara yfir þau gögn sem liggja fyrir í málinu og óska eftir frekari upplýsingum frá stjórnendum ef þess

þarf.“ segir Kjartan Hreinn. Við munum fara yfir þau gögn sem liggja fyrir í málinu og óska eftir frekari upplýsingum frá stjórnendum ef þess þarf.

Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður landlæknis



þarf.“ segir Kjartan Hreinn.

Vardandi möguleg úrræði í málinu segir Kjartan Hreinn að Landlæknisembættið rannsaki öll slík tilkynnt alvarleg atvik með það að markmiði að draga af þeim lærdóm, leita úrbóta og tryggja þannig að slík atvik eigi sér ekki aftur stað.

Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir, hjúkrunarforstjóri Kirkjuhvals, segist ekki geta tjáð sig um einstök mál en að hjúkrunarheimilið muni aðstoða Landlæknisembættið við rannsókn málsins í hvívetna.

Í ársskýrslu Landlæknisembætt-

isins frá árinu 2018 er greint frá því að skráðum alvarlegum óvæntum atvikum hafi fjölgað stöðugt síðastliðin ár. Árið 2017 voru þau 29 en 45 árið 2018. Tekið er fram í skýrslunni að líklega sé þó um bættu skráningu á atvikum að ræða vegna vitundarvakningar en ekki raunaukningu á óvæntum atvikum.


Rangárþing eystra sér um rekstur Kirkjuhvals en hann hófst þann 1. mars 1985. Heimilismenn á Kirkjuhvoli eru 30 talsins. Hjúkrunarrými eru 28 og dvalarrými tvö. — bp, kkg

Bestar  
núna!

Krónan  
mælir með!

KRÓNAN

## Veður



Vaxandi sunnanátt, 8-15 m/s með slyddu eða snjókomu upp úr hádegi, en síðar rigningu. Heldur hægari og þurr NA-lands, en dálítil slydda þar í kvöld. Hlýnandi veður, hiti 1 til 7 stig. **SJÁ SÍÐU 18**



Sigurjón Kjartansson og framleiðandinn Baltasar Kormákur við tókur á Ófærð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vík í Mýrdal yfirgefin í vísindatrylli

**KVIKMYNDAGERÐ** „Við biðjum ykkur góðfúslega um að sýna okkur tillit,“ segir í ákalli frá RVK studios sem hyggur á gerð sjónvarpsþáttaseríu og ætlar að vera við tókur í Vík í Mýrdal um miðjan mars.

„Þetta er fyrir sjónvarpsþáttaseríuna „Kötl“ sem er skálduð þáttaröð sem gerist í Kötlugosi. Bærin á að lita út fyrir að vera yfirgefin að mestu og því þurfum við að breyta ástandi gatna og nokkurra húsa í bænum. Þetta gerum við ekki án ykkar hjálpar,“ segir í tilkynningu sem birt er á veg Mýrdals-hrepps. „Við reynum að hafa viðdöl okkar í bænum sem stysta og lofum því að taka vel til eftir okkur.“

Katla er framleidd fyrir alþjóðlegu streymisveituna Netflix. Þáttunum hefur meðal annars verið lýst sem yfirnáttúrulegum eldfjallatrylli þar sem atburðarásin hefst þegar alþjóðlegur hópur vísindamanna sendir neyðarkall ofan af jökli. Í ljós kemur að undir ísnum reynist geymd hætta sem mikil ógn stafar af sé hún leyst úr læðingi. – sar

## Heim á hádegi



Aðgerðir verkalýðsfélagsins Eflingar hafa raskað leikskólastarfi hjá Reykjavíkurborg. Á skóla- og frístundasviði borgarinnar starfa um eitt þúsund félagsmenn Eflingar. Senda þurfti 3.500 börn, eða helming allra leikskólakabarna borgarinnar, heim á hádegi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Spá leysingum um allt land

**VEÐUR** Gular veðurviðvaranir eru í gildi í dag um allt land og gilda til hádegis á morgun. Hljújum sunnanáttum með mikilli rigningu er spáð á sunnan- og vestanverðu landinu.

Leysingum er spáð um allt land en reiknað er með vatnavöxtum í ám og lækjum á sunnanverðu og vestanverðu landinu, á Tröllaskaga og sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig auknum líkum á krapaflóðum. Veðurstofan hvetur íbúa til að hreinsa frá niðurföllum og fráveituskurðum.

Þá eru í gildi gular viðvaranir vegna sunnanstorms á Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Búist er við að vindstyrkur verði 15-23 metrar á sekúndu en 40 metrar í staðbundnum vindstrengjum.

Vetrarfærð hefur verið í öllum landshlutum. Vegagerðin varar við aukinni hálfu vegna hlýinda. – sar

# Áhyggjur lögreglu af rafhlaupahjólaslysum

Sala á rafhlaupahjólum hefur aukist umtalsvert. Aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglu hefur áhyggjur en sex slys voru skráð í fyrra. Horft til reynslu Norðurlanda af rafskútuleigum þar sem ölvaðir leigutakar hafa valdið slysum.

**SAMGÖNGUR** Innflutningur og sala á rafhlaupahjólum, eða rafskútum, hefur aukist mikið á síðustu árum. Hægt er að kaupa slík tæki á fjölmörgum sölustöðum. Eru nú starfræktar tvær leigur í Reykjavík, þar af ein sem býður upp á hlaupahjól allt árið um kring með negldökk. Stefnir allt í mikla aukningu á notkun í sumar. Lögreglan hefur áhyggjur af þróuninni í ljósi reynslu annarra þjóða.

„Við höfum áhyggjur af þessu. Við höfum komið þeim á framfæri við Samgöngustofu,“ segir Árni Friðleifsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Við urðum nokkuð vör við þessi hlaupahjól síðasta sumar. Það eru skráð sex slys á hlaupahjólum í fyrra hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“

Jökull Sólberg Audunsson ráðgjafi hefur fylgst vel með rafhlaupahjólamarkaðnum, bæði hér á landi og erlendis, hann segir rafhjólín komin til að vera. „Það er mögulegt að svona rafknúinn ferðamáti fari að saxa á bíla, við erum að sjá Póstinna vera að nota rafmagnshjól og svo veit ég að það hefur verið skoðað að senda mat á rafhjólum,“ segir Jökull. Verð á rafhlaupahjólum hefur farið lækkandi, er hægt að fá þau á allt niður í 50 þúsund krónur.

Varðandi slys segir Jökull Sólberg að hjól séu öruggari en hlaupahjólín. „Þyngdarpunkturinn er hærri til dæmis. En það er eitthvað sem heillar á móti, þetta er skemmtilegt og fólk virðist vera opið fyrir að prófa þetta.“

Samkvæmt umferðarlögum mega rafmagnshjól eingöngu vera á gangstéttum og göngustígum, ekki á götum. Gangandi vegfarendur



Tvær rafskútuleigur eru starfræktar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Við höfum áhyggjur en á móti kemur að þetta er sniðugur ferðamáti og umhverfisvænn ef þetta er notað rétt.**

Árni Friðleifsson, aðalvarðstjóri



eiga alltaf réttinn á gangstéttum eða göngustígum. Hjólreiðamaður eða sá sem er á rafmagnshlaupahjólum á að vikja fyrir gangandi vegfarenda. Þá er hjálmaskýlda

fyrir alla undir 16 ára aldri. Einnig er bannað að keyra á þeim undir áhrifum áfengis.

„Við höfum verið í sambandi við kollega okkar á hinum Norðurlöndunum. Þar eru vandamál í kringum rafhlaupahjólaleigur þar sem ölvaðir einstaklingar leigja hjól og valda slysum á sér og öðrum. Við sáum eitt slíkt slys í fyrra hér á landi,“ segir Árni. „Við höfum áhyggjur en á móti kemur að þetta er sniðugur ferðamáti og umhverfisvænn ef þetta er notað rétt. Nú verður að koma í ljós hvernig Íslendingar geta unnið á gangstéttum ýmist gangandi, hjólandi, skokkandi eða á rafhlaupahjólum.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Öskudagsbúningar!



Finndu okkur á



**PARTÝBÚÐIÐ**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

# Er þitt fyrirtæki búið að skrá upplýsingar um raunverulegan eiganda?

Á grundvelli laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda þurfa allir lögaðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá að skrá raunverulega eigendur sína inn á þjónustuvef Skattsins, ***www.skattur.is***

Frestur til skráningar er til

**1. mars 2020**

Að fresti loknum leggjast dagsektir á þá aðila sem ekki hafa skilað.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skattsins, ***www.rsk.is/raunverulegur***



# Sigríður og Arnfríður hlýða á málflutning í Strassborg

**MANNRÉTTINDI** Landsréttarmálið verður flutt munnlega í yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu í dag klukkan 9.15 að staðartíma í Strassborg. Sautján dómarmenn munu hlýða á mál annars vegar kærandsans Guðmundar Andra Ástráðssonar, sem Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson flytur, og hins vegar vörn íslenska ríkisins flutta af breska lögmanninum Tim Otty og Fanneyju Rós Þorsteinsdóttur, settum

rikislögmanni. Hvor málsaðili fær tíu mínútur til málflutnings og tíu mínútur að auki til að bregðast við ræðu gagnaðila og til að svara fyrirspurnum dómstólsins. Upptaka af málflutningnum verður tiltæk á vef dómstólsins síðar í dag.

Tugir Íslendinga eru nú í Strassborg til að fylgjast með málflutningnum auk málflytjendanna sjálfra. Óskað hefur verið eftir því að fólk mæti snemma vegna þess



Sigríður Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra.

hve margir áhorfendur hafa pantað sæti en færri komust að en vildu til að hlýða á málflutninginn. Meðal þeirra eru Arnfríður Einarsdóttir

sem skipuð var dómari við Landsrétt þrátt fyrir að vera ekki meðal þeirra fimmtán sem dómnefnd taldi hæfasta til að hljóta skipun í réttinn. Landsréttarmálið er sprottið af því að Arnfríður dæmdi mál Guðmundar Andra í Landsrétti og ekki var orðið við kröfu um að hún vikki sæti. Þá afstöðu kærði Guðmundur Andri fyrst til Hæstaréttar og svo til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem dæmdi honum í vil í

mars í fyrra. Arnfríður hefur ekki tekið þátt í dómstörfum við Landsrétt frá því dómur MDE féll. Hún er nú í launuðu leyfi frá réttinum.

Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, verður einnig viðstödd málflutninginn. Hún óskaði eftir meðalgönguáðild að málinu á þeim grundvelli að þungar sakir væru bornar á persónu hennar í málflutningi kærandsans en dómstóllinn synjaði beiðninni. – aa



## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Íslendingur í hálfgerðu „stofufangelsi“ í Peking vegna kórónaveirunnar** Snorri Sigurgeirsson, Íslendingur í Peking, lýsir því í samtali við Fréttablaðið hvernig kínversk stjórnvöld hafa brugðist við útbreiðslu kórónaveirunnar svokölluðu.

**2 Skólastjóri Hagaskóla gengur í uppvaskið í verkfallinu** Starfsmenn mótuneytisins í Hagaskóla lögðu niður störf klukkan 12.30 í gær og tók skólastjóri þá við störfum þeirra svo ekki þyrfti að farga hádegismat skólubarna.

**3 Verfall hefur mismikil áhrif á foreldra: „Griðarlega ólíkt milli leikskóla“** Verkfallsáðgerðir Eflingar hafa mismikil áhrif á foreldra leikskólubarna þar sem eðlileg starfsemi heldur áfram á einhverjum deildum á meðan öðrum verður lokað.

**4 Segir flugferðir ekki óvininn í baráttunni gegn loftslagsbreytingum** Flugvallarstjóri Heathrow telur að baráttan gegn loftslagsbreytingum eigi ekki að snúast um það að fá fólk til að hætta að fljúga.

**5 Búið að spara þrjár milljónir plastpoka eftir plastpokabannið** Krónan hefur sparað 3.372.000 plastpoka frá því að plastpokabannið tók gildi þann 1. júlí árið 2019.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

# Áforma útboð í Skálholtsskóla með grænu ljósi frá kirkjuráði

Stjórn Skálholts fékk heimild kirkjuráðs til að bjóða út rekstur í Skálholtsskóla til einkaaðila. Formaður stjórnarinnar segir að bæta þurfi nýtinguna á dauðum tímum. Héraðsprestur Suðurprófastsdæmis lagðist gegn málinu í kirkjuráði. Hann segir reksturinn kannski þungan en að hann njóti þó meðgjafar.

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Það vantar meiri starfsemi og við þurfum að nýta þann tíma sem kirkjan er ekki að nota,“ segir Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholts, sem hefur fengið heimild kirkjuráðs til að bjóða út rekstur Skálholtsskóla.

Drífa segir það hins vegar ónákvæmni í fundargerð kirkjuráðs að tala um að bjóða eigi út rekstur Skálholtsskóla.

„Þetta er aðeins hluti af starfsemi í Skálholti,“ undirstríkar Drífa um þann þátt sem koma eigi í hendur einkaaðila. Stjórn Skálholts sjái áfram algjörlega um skólann sjálfan, námskeiðahald og slíkt.

„Það er ekkert víst að við förum í útboð heldur bara semjum við einhvern sem getur tekið að sér að sjá um eldhúsið og sjá um þrif á herbergjum og allt það. Sá aðili getur þá nýtt sér þá dauðu daga sem kirkjan er ekki að nota,“ útskýrir formaður stjórnarinnar.

„Það eru göt í almanakinu. Þá er svo gott finnst mér – ég er mikið fyrir einkarekstur – að fá einkaaðila til þess að reyna að afla sér tekna með því að að fá fólk til að koma á staðinn. Efsá sem er að reka þetta fær eitthvað fyrir sinn snúð þá reynir hann það,“ útskýrir Drífa áfram.

Við afgreiðslu málsins í kirkjuráði sem er ædsta stjórn Skálholts bókaði Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, einn af sex fundarmönnum andstöðu gegn tillögunni. Annar kirkjuráðsmaður til viðbótar sat hjá.

„Ég tel þetta rangt,“ segir Axel við Fréttablaðið. „Við eigum að gera allt annað en að koma þessu í hendur



Stjórn Skálholts sér áfram um námskeið en vill að einkafyrirtæki annist eldhús og þrif. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er ekkert víst að við förum í útboð heldur bara semjum við einhvern sem getur tekið að sér að sjá um eldhúsið og sjá um þrif á herbergjum og allt það.

Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholts



einkaaðila. Það er sagt að Skálholt sé móðir allra kirkna á Íslandi og það er í verkahring þjóðkirkjunnar að reka í Skálholti kirkjulega miðstöð sem gagnast landi og þjóð. Axel bendir á að þannig hafi verið búið um hnútana frá því árið 1963 er Alþingi samþykkti lög um afhendingu á Skálholtsstað til þjóðkirkjunnar.

„Þetta er ekki eins og hvaða hótél sem er í landinu. Þetta er menntastofnun og það á að hafa þarna trúarlega uppbyggingu. Reksturinn í Skálholti er kannski þungur

sem slíkur en hann hefur meðgjöf til þess að geta rekið kirkjulegan menningar- og helgistað,“ segir héraðspresturinn í Suðurprófastsdæmi.

Drífa tekur fram að ekkert sé enn akveðið þótt áður nefnd heimild kirkjuráðs sé fengin.

Til stóð að stjórn Skálholts ræddi málið á fundi í gær en fundinum var frestað. Í stjórninni sitja auk Drífu séra Óskar H. Óskarsson, sóknarprestur í Hruna, og Sólborg Lilja Steinþórsdóttir hótélstjóri.

[gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## Lögreglustjórinn telur Hval brotlegan

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á Vesturlandi hefur lokið rannsókn sinni á Hval hf. vegna verkunar án yfirbyggingar árin 2013 til 2015. Telur embættið að fyrirtækið hafi með háttsemi sinni gerst brotlegt við reglugerð frá árinu 2009. Engu að síður vill lögreglustjórinn ekki hefja saksókn með vísan til 146. greinar laga um meðferð sakamála, þar eð umfang málsins sé ekki í samræmi við þá refsingu sem vænta má og að almannahagsmunir krefjist ekki málsköfnunar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í desember hefur lögreglustjórinn í tvígang horfið frá rannsókn og vísað til þess að MAST færi með eftirlitið. Ríkissaksóknari, sem telur Hval hf. hafa brotið lög, hefur ógilt þær ákvarðanir og falið lögreglustjóranum að rannsaka málið á ný.

Málið hófst í ágúst árið 2018 þegar náttúruverndarsamtökin



Mál Hvals gengur á milli Ríkissaksóknara og lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Hvalur hf. var kærður fyrir að hafa verkað hvalkjöt árin 2013 til 2015 án yfirbyggingar.

Jarðarvinir kærðu Hval fyrir að hafa gerst brotlegan á umræddu tímabili, en síðan hefur reglugerðinni verið breytt. Jarðarvinir hyggjast kæra úrskurð lögreglustjórans enn á ný og krefjast þess að saksókn verði hafin. – khg

### K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir  
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

H Ú S G A G N A V E R S L U N

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](http://nyform.is)

Opíð virka daga  
11-18  
laugardaga  
11-15

# Snjallari og glæsilegri Hyundai Tucson.



ENNEM / SIA / NW98107

## Líttu vel út hvert sem þú ferð.

Nýr og endurhannaður Tucson uppfyllir kröfur nútímafólks með glæsilegu útliti, nýjustu akstursöryggistækni og uppfærðum aflrásum. Í honum sameinast sveigjanleiki jeppans og einkennandi útlit Tucson sem fær enn sterkari svip í nýju hönnuninni. Nýr Tucson er hannaður til að láta þig líta vel út hvert sem þú ferð.

Hyundai Tucson – 4wd, dísil, sjálfskiptur. Verð frá 5.190.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

# Vill fá að vita hvað Ríkisútvarpið hafi greitt í sektir og bætur

**STJÓRN MÁL** Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, lagði fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um hvað Ríkisútvarpið hefði greitt mikið í sektir eða bótagreiðslur árin 2007 til 2019. Annaðhvort til einstaklinga eða lögaðila og annaðhvort eftir úrskurð dómstóla eða samninga á milli deiluaðila.

„Ég tel að það sé áhugavert að þessar upplýsingar liggja fyrir, sérstaklega með það í huga hvort samið sé innanhúss um deilumál. Hversu algengt þetta er og hversu hátt hlutfall komi fram í fjölmiðlum,“ segir



Fyrirspurn Bergþórs nær til árunna 2007 til 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Árið 2017 greiddi RÚV 2,5 milljónir til þess að meiyrdámál yrði dregið til baka.

Bergþór og á þá fyrst og fremst við mál sem eru tilkomin vegna fréttatflutnings.

Þegar er vitað að RÚV hefur greitt bætur í einstaka málum á umræddu tímabili. Síðastliðið haust var sjónvarpsmanninum Jóni Ársæli

Þórðarsyni og RÚV gert að greiða Gyðu Dröfn Grétarsdóttur eina milljón króna vegna viðtals í Paradísarheimt. Árið 2017 greiddi RÚV Guðmundi Spartakusi Ómarssyni 2,5 milljónir gegn því að hann drægi meiyrdámál til baka.

Í fyrirspurn Bergþórs er einnig spurt um kostnað við lögfræðiráðgjöf og hvað vinna starfsmanna við málin hafi kostað. En RÚV hefur á undanförunum árum verið fundið brotlegt af úrskurðarnefndum, til dæmis Persónuvernd og Fjölmiðlanefnd. – kth

## Póstinum gert að endurskoða gjaldskrána

**SAMKEPPNI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur lagt fyrir Íslandspóst að endurskoða gjaldskrá sína, sem tók gildi um áramót, fyrir 5. maí næstkomandi. Á meðal ástæðna sem PFS nefnir fyrir þörf á endurskoðun er að fyrirtækið þurfi að sýna fram á að verðlagning þess taki mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði, í samræmi við ákvæði póstlaga.

Þessi gjaldskrá stenst ekki lög og skekkir mjög samkeppni í pakkaflutningum.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

„Á þetta sérstaklega við um kröfuna um sömu gjaldskrá um allt land þar sem ÍSP kys að miða verðlagningu á landinu öllu við gildandi verð á svæði 1, þ.e. vegna svæða 2 3 og 4 sem orsakar samsvarandi tekjutap á þökkum innanlands að óbreyttu,“ segir í bréfi PFS.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, hefur sakað Póstinn um undirverðlagningu í pakkaflutningum. „Við fögnum því að Póst- og fjarskiptastofnun taki þetta upp að eigin frumkvæði. Þessi gjaldskrá stenst ekki lög og skekkir mjög samkeppni í pakkaflutningum,“ segir Ólafur. – ds



Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Dýpkun hefst í mánuðinum

**SAMGÖNGUR** Danska dýpkunarfyrirtækið Rhode Nielsen A/S mun vinna að dýpkun Landeyjahafnar frá 15. febrúar næstkomandi og út marsmánuð. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Vegagerðinni þar sem greint er frá samningum við danska fyrirtækið.

Áður umsamin vordýpkun hafnarinnar hefst svo í apríl en það er Björgun sem vinnur það verk.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar segir að dýpkunin nú sé tilrauna- verkefni þar sem notast verði við aðrar aðferðir en hingað til. Þá sé staða dýpis í höfninni óvenju góð miðað við árstíma og reynslu síðustu ára.

Notast verður við dýpkunarskipið Trud R við verkið. Á heimasíðu Rhode Nielsen segir að það henti vel við aðstæður þar sem grunnt er en það ristir 3,8 metra fullhláðið. – sar



Ásta Kristín Guðbjörnsdóttir | Leiðbeinandi á leikskóla

„Ég er hér til að styðja við okkar rétt og þau réttindi sem við eigum skilið frá borginni. Ég skynja mikla samstöðu hér í dag og ég skynja líka mikla samstöðu frá leikskólanum sem ég starfa á. Leikskólakennararnir styðja þétt við bakið á okkur.“



Magnús Freyr Magnússon | Starfsmaður á leikskóla

„Ég er kominn hingað því að ég vil að það heyrist í okkur. Við erum undirstaða þessarar borgar, borgin er í okkar höndum og mig bara virkilega langar að koma fólki áfram, að við eigum fyrir því sem við þurfum að borga um mánaðamót en að það sé ekki alltaf sama stressið.“



Evelin Peralda | Starfsmaður á leikskóla

„Ég er mætt hingað til þess að krefjast þess að fá betri laun til þess að lifa betra lífi. Það er mjög jákvæð orka hérna og mikil samstaða.“



Kolfína Elíasdóttir | Starfsmaður í heimaþjónustu

„Ég er hér því að við viljum fá réttlát laun fyrir mikilvæga vinnu. Það er mikil samstaða og baráttuhugur í okkur. Þetta snýst bara um réttlæti, að fá leiðréttingu launa okkar og viðurkenningu á mikilvægi starfa okkar.“

# Samstaða á baráttufundi

Félagsmenn Eflingar lögðu niður störf í gær og fjölmenntu í Iðnó þar sem fram fór baráttufundur. Formaður Eflingar segist ekki bjartsýnn á að samningar náist fyrir næstu vinnustöðvun á fimmtudaginn.

**KJARAMÁL** Mikil samstaða ríkti á baráttufundi í Iðnó í gær þar sem félagsmenn Eflingar söfnuðust saman og kröfðust bættra kjara. Félagsmenn Eflingar lögðu niður störf klukkan 12.30 í gær og stóð verkfallið til miðnættis.

Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Eflingar rann út þann 31. mars í fyrra og tóku þær vinnustöðvanir sem fram fóru í gær, ásamt þeim vinnustöðvunum sem fyrirhugaðar eru, til allra þeirra sem vinna undir þeim samningi.

Náist ekki nýr samningur munu félagsmenn Eflingar leggja niður vinnu í 24 klukkustundir á fimmtudaginn. Í kjölfarið eru boðaðar fjór-

ar vinnustöðvanir á tímabilinu 11. til 17. febrúar. Fari svo að samningar náist ekki fyrir 17. febrúar stefnir í ótímabundna vinnustöðvun félagsmanna.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir magnað andrúmsloft hafa ríkt á fundinum og að þar hafi verið fullt út úr dyrum. „Það ríkti hér mjög mikil samstaða og stemning,“ segir Sólveig. Þá segir hún einlæga baráttugleði hafa ríkt meðal félagsmanna Eflingar. „Baráttugleðin er bara mjög raunveruleg þegar láglaunafólk ákveður að setja hendurnar í vasann og sýna öllum mikilvægi sitt,“ segir hún.

BSRB hefur lýst yfir stuðningi

Það ríkti hér mjög mikil samstaða og stemning.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

við verkfallsaðgerðir Eflingar og í tilkynningu frá félaginu eru félagsmenn í aðildarfélögum BSRB hvattir til að virða verkfallsrétt Eflingar og ganga ekki í störf þeirra sem séu í verkfalli. Sólveig segist hafa upplifað mikinn stuðning úr hinum

ýmsu átum og fyrir það séu félagsmenn þakklátir.

„Við vorum ekki í verkfallsvörslu í dag en við munum sinna markvissri verkfallsvörslu á fimmtudaginn en auðvitað ætlumst við til þess að borgin og sviðin sem um ræðir sendi skýr skilaboð um það hvað má og hvað ekki og að verkfallsbrot verði ekki liðin,“ segir Sólveig.

Spurð hvort hún sé bjartsýn á að samningar náist fyrir næstu vinnustöðvun, á fimmtudag, svarar Sólveig því neitandi. „Ég held að það sé útilokað nema einhver stórkostlegur viðsnúningur eigi sér stað hjá viðsemjendum okkar,“ segir hún.

birnadröfn@frettabladid.is

# RÝMINGARSALA Á NOTUÐUM BÍLUM

ALLIR Í GÓÐU STANDI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



### Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 43 þús.km.,  
bensín, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.290.000**

Verð áður kr. 1.590.000 - kr. 300.000 afsláttur



### Honda Jazz Elegance

Nýskráður 7/2018, ekinn 3 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 2.490.000**

Verð áður kr. 2.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda Civic 5dr Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 11 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 2.490.000**

Verð áður kr. 2.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda Civic 4dr Comfort

Nýskráður 10/2017, ekinn 21 þús.km.,  
bensín, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Honda Jazz Comfort

Nýskráður 6/2016, ekinn 15 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.490.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 500.000 afsláttur



### Honda CR-V Comfort

Nýskráður 10/2012, ekinn 139 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.490.000**

Verð áður kr. 1.890.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 92 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur.

**Tilboð kr. 1.590.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 400.000 afsláttur



### Peugeot 108 Active+

Nýskráður 8/2016, ekinn 36 þús.km.,  
bensín, 5 gírar.

**Tilboð kr. 690.000**

Verð áður kr. 890.000 - kr. 200.000 afsláttur



### Renault Captur

Nýskráður 9/2015, ekinn 53 þús.km.,  
dísel, sjálfskiptur 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.390.000**

Verð áður kr. 1.790.000 - kr. 400.000 afsláttur.



### Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,  
dísel, 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.590.000**

Verð áður kr. 1.990.000 - kr. 400.000 afsláttur.



### Honda Civic Tourer Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel,  
beinskíptur.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur



### PEUGEOT 5008 style 7 manna

Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km  
dísel, sjálfskiptur 6 gírar.

**Tilboð kr. 1.990.000**

Verð áður kr. 2.390.000 - kr. 400.000 afsláttur

LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL  
MEÐ FARNIR BÍLAR  
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

### Opnunartími

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga  
milli kl. 12:00 og 16:00

Opnið allan sólarhringinn  
á notadur.bernhard.is

**BERNHARD**  
NOTAÐIR BÍLAR  
Vatnagördum 24 • Sími 551 7171 • bernhard.is

# Martraðarkennt upphaf forvals Demókrata í Iowa

**BANDARÍKIN** Niðurstöður forvals Demókrata í Iowa fyrir komandi forsetakosningar í Bandaríkjunum lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær, tæpum sólarhring eftir að meðlimir flokksins í fylkinu hópuðust hver um sinn frambjóðanda íþróttahúsum, kirkjum og skólum í fyrsta forvali flokksins fyrr forsetakosningarnar.

Framkvæmdastjóri kjörstjórnar einnar sýslunnar sagði fjölmiðlum vestanhafs að nýtt app sem nota átti til að senda tölur hefði aldrei virkað og að enginn svaraði í hjálparlínuna sem kjörstjórnnum var uppálagt að

hringja í efvandráði yrðu með smáforritið.

Í yfirlýsingu flokksstjórnarinnar í fylkinu var fullyrt að engin hætta væri á því að öryggi kosninganna væri ógnað og enginn grunur léki á að brögð væru í tafla. Þá hafi smáforritið ekki klikkað heldur stemmdu ekki þrjár talningar og mikilvægt væri að skila réttum niðurstöðum.

Frambjóðendurnir taka klúðrinu misjafnlega. Sumir tala um stórkostlegt klúður en aðrir reyna að varðveita heiður flokksins og trúverðugleika forvalsins, meðal annars með því að útvega kosningastjórninni

myndir af talningum og önnur gögn. Repúblikanar hafa dregið Demókrata sundur og saman í háði á samfélagsmiðlum og minnt á ásakanir um kosningasvindl í þágu Donalds Trump í kosningunum 2016.

Repúblikanar eiga þó sjálfir erfðar minningar af talningu í Iowa. Árið 2012 var Mitt Romney sviptur sigri í forkosningum í fylkinu eftir endurtalningu. Eftir nýja talningu kom í ljós að helsti keppinautur Romneys hafði betur þótt ekki munaði nema 34 atkvæðum. Kjörstjórn Repúblikana þurfti hins vegar að jata sig sigraða þar sem



niðurstöður nokkurra kjördeilda vantaði og lýsti því yfir að úrslitin væru óráðin.

Forvalið í Iowa markar upphaf forkosninganna og sigurvegari þess hefur nær undantekningarlaust fengið mikinn byr í seglin að því loknu. Hagsmunir sigurvegarans af því að niðurstöður séu kynntar á tilsettum tíma eru því miklir. Stjórnmalaskýrendur vestanhafs velja því nú fyrir sér hver raunveruleg ástæða þessa klúðurs sé og ekki síður hver áhrif þeirra kunni að verða bæði fyrir frambjóðendurna og trúverðugleika flokksins. – aá

# Segir vandann aðeins tímabundinn

Meira en 20 þúsund manns hafa nú smitast af kórónaveirunni sem kennd er við borgina Wuhan. Sendiherra Kína á Íslandi segir viðbrögð Íslendinga hafa verið til fyrirmyndar. Stjórnvöld í Kína binda vonir við að veiran nái hámarki eftir rúmar tvær vikur.

**UTANRÍKISMÁL** Kínversk yfirvöld eiga von á því að smit og dauðsföll vegna kórónaveirunnar, sem oft er kennd við borgina Wuhan, eigi eftir að ná hámarki eftir rúmar tvær vikur. 427 eru látnir af völdum veirunnar og meira en 20 þúsund hafa smitast. Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi, segir að vonir séu bundnar við að aðgerðir kínverskra stjórnvalda verði til þess að veiran verði í renun jafnvel í lok mánaðarins.

Zhijian er mjög ánægður með viðbrögð Íslendinga við veirunni. Nokkuð hefur borið á fordómum í garð Kínverja í tengslum við kórónaveiruna, eru dæmi um að veitingahús í Suður-Kóreu og Taílandi hafi neitað Kínverjum um borð. Hann segist ekki hafa orðið var við neitt slíkt hér á landi, þvert á móti. „Það hafa engar kvartanir í þá veru ratað til okkar,“ segir Zhijian. Nefnir hann svo sérstaklega samúðarkveðjur Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra til Kína sem hafi verið tekið fagnandi.


Í samfélagi Kínverja á Íslandi eru um 500 manns, sá fjöldi breytist þó oft og mikið. Sendiráðinu er ekki kunnugt um að fjölskyldumeðlimur nokkurs sem býr hér á landi hafi smitast. Hins vegar er mikill fjöldi kínverskra ferðamanna staddur hér á landi á hverjum tíma. Zhijian segir að þó nokkrir hafi leitað til sendiráðsins þar sem erfitt sé að ferðast heim. „Það er talsverður fjöldi, nokkrir tugir, sem hefur leitað til

okkar síðustu daga þar sem búið er að fella niður flugið heim, áhrifin eru auðvitað minni hér þar sem það er ekki beint flug milli landanna. Það er enginn kínverskur ríkisborgari fastur hér á Íslandi á þessari stundu,“ segir Zhijian. „Vandinn er öllu stærri annars staðar og það eru dæmi um að kínversk stjórnvöld hafi leigt flugvélar til að koma fólki heim.“

Aðilar í ferðapjónustu hér á landi hafa orðið varir við afbókanir frá Kína, Zhijian segir það vera hluta af aðgerðum yfirvalda þar á landi. „Engar hópferðir, þetta er ein besta leiðin til að koma í veg fyrir að smit geti borist til annarra landa. Þetta var mjög erfið ákvörðun, en þegar okkur mun takast að ráða niðurlögum veirunnar í náninni framtíð þá verður þessu breytt og það fljótt,“ segir Zhijian. „Vandinn sem við erum að glíma við núna er aðeins tímabundinn.“

Bretar hafa beðið ríkisborgara sína í Kína að koma heim og Bandaríkjamenn hafa sett strangar hömlur á ferðir fólks þangað frá Kína. Zhijian segir þetta of harkaleg viðbrögð. „Þetta eru meiri hömlur en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, mælir með. Leið Íslendinga er mun skynsamari en þeirra. Dánarhlutfallið er 2,1 prósent. Minna en með HABL, sem tók okkur hálf ár að ráða bug á árið 2003. Við erum líka loksins að sjá tölu þeirra sem hefur batnað orðna hærra en þeirra

/// **Fjöldi skráðra smita og dauðsfalla af kórónaveirunni**  
Staðfest tilfelli 4.2.2020 kl. 16.00



Land	Tilvik	Dauði
Kína	20.492	425
Ástralía	12	
Bandaríkin	11	
Belgía	1	
Bretland	2	
Filippseyjar	2	1
Finnland	1	
Frakkland	6	
Hong Kong	17	1
Indland	3	
Ítalía	2	
Japan	20	
Kambódía	1	
Kanada	4	
Malasía	10	

Land	Tilvik	Dauði
Makaó	10	
Nepal	1	
Rússland	2	
SAF	5	
Singapore	24	
Spánn	1	
Srí Lanka	1	
Suður-Kórea	16	
Svíþjóð	1	
Taíland	25	
Taívan	11	
Víetnam	8	
Þýskaland	12	
<b>Samtals</b>	<b>20.701</b>	<b>427</b>

Heimild: The Center for Systems Science and Engineering at Johns Hopkins og kínversk heilbrigðisvirkvöld.

/// Vandinn sem við erum að glíma við núna er aðeins tímabundinn.

Jin Zhijian, sendiherra Kína á Íslandi



sem hafa dáið. Við það má bæta að aðeins eitt prósent af smitum er utan Kína. Það er engin ástæða til að stressa sig. Við sjáum ljós við enda ganganna.“

Zhijian segir að viðbrögð Kínverja hafi svo verið talsvert meiri en WHO hafi mælt með. „Við byggðum sjúkrahús á níu dögum, það er ekkert nema kraftaverk. Við erum búin að einangra borgir, það er ekki auðvelt að koma í veg fyrir að fólk ferðist til og frá 11 milljón manna borg. Við getum rétt svo ímyndað okkur stöðuna ef við hefðum ekki einangrað Wuhan og svæðið í kring.“

Varðandi flugfélagið Juneyao sem hyggst hefja flug til Íslands í lok mars segir Zhijian að það sé enn á áætlun. „Við krossleggjum fingur, að þetta verði allt gengið yfir þegar að því kemur.“ [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS 2020

Í DAG, MIÐVIKUDAGINN 5. FEBRÚAR KL. 8.30-11.30

Í HÖRPU – NORÐURLJÓSUM

# SKÖPUN



**+PLÚS**



Elísabet 2. Bretadrottning, sem er 94 ára, slær ekki slöku við í embættisskyldum sínum. Hér gengur hún með James Beck, foringja í Konunglega breska flughernum (RAF), fram hjá heiðursverði RAF, í heimsókn á nýrri þjálfunarmiðstöð flughersins fyrir flugmenn nýrra herþota sem bera heitið F-35B Lightning II. NORDICPHOTOS/GETTY



Það var mikið um dýrðir í gær á þjóðhátíðardegi Alþýðulýðveldisins Sri Lanka. Þetta eyriki út af suðausturströnd Indlandsskaga fékk sjálfstæði frá Bretlandi 4. febrúar 1948. Hér eru dansarar í skrudgöngu á þjóðhátíðinni í Kólobó, höfuðborg og stærstu borg landsins. NORDICPHOTOS/AFP




Christina Koch, geimfari hjá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, um borð í alþjóðlegu geimstöðinni í gær. Hún mun snúa aftur til jarðar 6. febrúar, eftir 328 daga búsetu og störf um borð í geimstöðinni. Engin kona hefur dvalið lengur í geimnum. Hlutverk hennar hefur verið að hjálpa vísindamönnum við öflun gagna fyrir framtíðarverkefni á tunglinu og á Mars. MYND/NASA



Það þarf ekki bara að verja mannfólkið fyrir kórónavírus með andlitsgrímum. Það var að minnsta kosti skoðun eiganda þessa hunds sem hefur fengið pappírshúsið fyrir vitin á göngu sinni í Peking í gær. NORDICPHOTOS/AFP



Par með andlitsgrímur tekur sjálfu eða selfi á útsýnisstað í Hong Kong, Kína. NORDICPHOTOS/AFP



# Cheerios síðan 2006

Briët, tónlistarkona

# Stjórn í eigin skugga



Sunna Karen Sigurþórsdóttir  
sunna@frettabladid.is

Þekking á fjölmiðlum og fjölmiðlun er eitthvað sem ætla mátti að ætti að veita þungt hjá þeim sem fær það hlutverk að ráða í stöðu útvarpsstjóra. Stjórn RÚV stóð því frammi fyrir vandasömu verkefni þegar velja þurfti úr hópi fjölda hæfra umsækjenda sem ætlast er til að búi yfir viðtækri reynslu og ekki síður þeim eiginleika að geta skapað traust utan um þá sameign þjóðarinnar sem stofnunin vissulega er.

Háværar deilur um niðurstöðuna sem stjórn RÚV kynnti í síðustu viku benda fyrst og fremst til þess að innan stjórnarinnar vantaði eitthvað upp á grundvallarþekkingu á eðli fjölmiðla. Stjórnin varpaði skugga á ráðningarferlið og þá sjálfa sig um leið og hún tók einhliða ákvörðun um að ganga þvert á reglur stofnunarinnar um hið svokallaða gagnsæi sem hún kennir sig við.

Reglum var breytt eftir hentisemi og ákvæði í persónuverndaryfirlýsingu RÚV fellt úr gildi þegar aðrir fjölmiðlar bentu á að það gengi í berhög við stefnu RÚV að birta ekki nöfn umsækjenda um stöðu útvarpsstjóra. Vinnubrögð sem ekki geta talist nokkrum fjölmiðli sáemandi enda er það hreinlega ein frumskylda fjölmiðla að veita hinu opinbera aðhald og ganga á eftir því að það fari að lögum.

Fjórutíu og einn sótti um starf útvarpsstjóra. Valið stóð að endingu á milli tveggja karlmanna en frumkvöðlastarf annars þeirra á samfélagsmiðlum gerði hann að lokum fremstan meðal jafningja. Sá hafði stýrt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um árabil og var megintilgangur þessa frumkvöðlastarfs að bæta mynd lögreglunnar með breytingum á upplýsingagjöf hennar til fjölmiðla og þar með almennings. Slitið var á samskipti við fjölmiðla og lögreglan sá í framhaldinu um að segja fréttir af sjálfri sér í gegnum samfélagsmiðla. „Við gerðum kröfu um samfélagsmál og það er mikið samfélagsmál að stjórna Facebook,“ sagði Kári Jónasson, stjórnarformaður RÚV, í samtali við RÚV.


Ummæli stjórnarformannsins sæta nokkurri furðu enda munu þessar breytingar á upplýsingagjöf lögreglunnar seint teljast heillaspor í heimi fjölmiðla, og hafa blaðamenn allar götur síðan barist fyrir bættum samskiptum við lögregluna. Sömuleiðis telst það ekki til fréttamennsku að segja fréttir af sjálfum sér – og er raunar skýrt brot á síðareglum blaðamanna. Það ætti stjórn RÚV, fjölmiðils í almannabágu, að vita og virða. Þar fyrir utan heyrir hvergi neitt ákall um frekari virkni RÚV á samfélagsmiðlum.

Hér er ekki efast um hæfi nýs útvarpsstjóra heldur stjórnar RÚV því framganga hennar hefur litlu skilað öðru en auknu vantrausti á stofnunina. Það mun reynast stjórninni erfitt að uppfylla hlutverk sitt ef hvorki traust né grundvallarþekking er til staðar. Á tímamótum sem þessum ætti að endurskoða og skilgreina hlutverk fjölmiðilsins og það er verkefni sem nýr stjórnandi ætti að taka föstum tökum. Vonandi farnast nýjum útvarpsstjóra vel í starfi.



Háværar deilur um niðurstöðuna sem stjórn RÚV kynnti í síðustu viku benda fyrst og fremst til þess að innan stjórnarinnar vantaði eitthvað upp á grundvallarþekkingu á eðli fjölmiðla.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Endurritun

Gunnar Smári gerir atlögu að endurritun sögunnar þegar hann segir Þjóðarsáttarsamningana hafa markað upphaf mesta niðurlægingskeiðs verkalyðshreyfingarinnar og lengi á eftir hafi hreyfingin í engu sinnt kröfum verkafólks. Við hin teljum flest það til gæfu að tekin hafi verið upp skynsamlegri vinnubrögð við kjarasamninga. 1980-1989 hækkuðu laun um 1.300% en verðlag um tæp 1.500%. Kaupmáttur minnkaði, fyrirtækin urðu örmagna, pólitíkin ráðalaus og verðbólgan lék verst þá fátaeku. Því er skiljanlegt að mörgum fyrrverandi verkalyðsforkölfum sárni.

### Hreppurinn

Samkvæmisleikur minnstu sveitarfélaganna, hreppanna, byrjar hægt enda hrepparar ósáttir við þvingað hjónaband við kaupstaði. Allir þurfa að vera komnir í hjónasæng árið 2026 ella ráðin tekin af þeim. Sá fjölmennasti, Hrunamannahreppur, telur 800 sálir, vel undir marki ráðherrans. Verður þá enginn hreppur eftir. Enginn hreppsstjóri, hrepparigur eða hreppsómagar. Það er óneitanlega leitt að missa orðið úr tungunni. Eins og þegar við misstum amtið árið 1904. Í fljótu bragði virðist ein leið til að bjarga hreppnum. Að sameina höfuðborgarsvæðið í einn Reykjavíkurhrepp. kristinnhaukur@frettabladid.is

## Meira gagnsæi og ábyrgð



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir  
oddiviti@viðreisnar.org

Vegna nálægðar okkar hvers við annað og vegna þess hve samofin sveitarfélög eru lifi og starfi okkar sem búum á höfuðborgarsvæðinu þurfum við að reka verkefni saman í gegnum byggðasamlög. Í rekstri þessara félaga eigum við ekki að láta stjórnsmál leiða okkur áfram, heldur góða stjórnarhætti.

Nýlega hafa komið fram alvarlegar ábendingar Innri endurskoðunar Reykjavíkur, vegna gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Vegna þeirra er mikilvægt að hefja strax endurskoðun stofnsamninga og eigendastefnu allra byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu hjá landshlutasamtökunum okkar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Á síðasta aðalfundi SSH hvatti ég til slíkrar endurskoðunar sem myndi leiða til betri stjórnarháttar og eftirlitsumhverfis og benti meðal annars á að núverandi fyrirkomulag ýtir undir óstöðugleika og áhættu. Stöðugar breytingar á stjórnun gerir það til dæmis að verkum að þekking og innsýn stjórnar er takmörkuð en völd starfsmanna aukast á kostnað stjórnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti í gær, í þverpólitískri sátt, að beina því til SSH að farið verði yfir skipulag og stjórnarhætti allra byggðasamlaganna. Tryggja þarf hagsmunum og aðkomu þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að byggðasamlögum og bera ábyrgð á rekstri þeirra. Í endurskoðun á stofnsamningum og eigendastefnu þarf einnig að skerpa hlutverk, umboð og ábyrgð stjórnar byggðasamlaganna. Nú þegar er verið að móta nýja eigendastefnu Reykjavíkurborgar og nýja eigendastefnu í stjórn Faxaflóahafna, í þverpólitísku samstarfi og getur sú vinna verið ákveðinn grunnur fyrir byggðasamlögin.

Í mörg horn er að líta, eins og hvort setja þurfi skýrar hæfisreglur um þá sem kosnir eru til stjórnarstarfa, líkt og Innri endurskoðun leggur til. Einnig er sjálfsagt að horfa til lýðræðislegs umboðs, í samræmi við ábendingar Innri endurskoðunar, og skoða hlut stjórnarmanna Reykjavíkurborgar í samræmi við íbúafjölda og meiri hlutaeign. Reykjavíkurborg þarf að vera leiðandi í því samtali til að tryggja hagsmunum borgarbúa allra.



Reykjavíkurborg þarf að vera leiðandi í því samtali til að tryggja hagsmunum borgarbúa allra.

GÓLFEFNA

# ÚTSALA

## 30-70% AFSLÁTTUR

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARPARKETI O.FL.

**ALFABORG** - allt á gólfð

Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

# Mannréttindadómstóll Evrópu tilnefndur til Friðarverðlauna Nóbels



Rósa Björk Brynjólfssdóttir, varaforseti Evrópuráðsþingsins og þingmaður VG

Örðin „Aldrei aftur“ voru mikið notuð við lok seinni heimsstyrjaldarinnar og eru enn. Með „Aldrei aftur“ er ekki eingöngu átt við að styrjöld líkt og seinni heimsstyrjöldin eigi aldrei að eiga sér stað aftur, heldur að við eigum aldrei aftur að upplifa eða láta viðgangast viðlíka illsku og önnur eins brot á mannréttindum og raungerðust í hræðilegum glæpum seinni heimsstyrjaldarinnar. Mörg krefjandi verkefni biðu íbúa Evrópu við uppbyggingu álfunnar eftir hörmungar og viðbjóð seinni heimsstyrjaldarinnar.

Samvinna, skilgreining á mannréttindum og virðing fyrir lýðræði, lögum og reglum urðu einkennisorð uppbyggingarinnar og nauðsynlegur leiðarvísir áfram fyrir stríðshrjóða álfu sem þurfti að koma á varanlegum friði og sátt um samfélagsleg gildi og leikreglur, til þess að koma í veg fyrir að stríðshörmungarnar endurtækju sig.

Ein af lykilákvörðunum við uppbygginguna var stofnun Evrópuráðsins 5. maí árið 1949 og

samþykkt Mannréttinasáttmála Evrópu ári síðar upp á dag. Árið eftir sýndu íslenskir stjórnálmenn þess tíma mikla framsýni fyrir nýja, sjálfstæða lýðræðisríkið Ísland sem gerðist aðildarríki 1950 og fagnar því 70 ára aðild að Evrópuráðinu í ár. Nú eru aðildarríkin 47 og í þeim ríkjum búa um 804 milljónir manna. Mannréttinasáttmálinn er lykilsáttmáli aðildarríkja Evrópuráðsins. Hann tryggir að mannréttindi og réttindi borgaranna séu fest í lög aðildarríkjanna. Og til að tryggja að aðildarríkin standi við skuldbindingarnar sem samningurinn felur í sér, var Mannréttindadómstóll Evrópu stofnaður árið 1959.

## Einstök réttindi

Á þessum 60 árum hefur dómurinn kveðið upp meira en 10 þúsund dóma og frá árinu 1998 hafa einstaklingar getað leitað til dómstólsins með mál sín. Íbúar aðildarríkja Evrópuráðsins njóta því aðildar síns ríkis á þann mikilvæga hátt að ef þau telja ríkisvaldið brjóta á réttindum sínum, getur viðkomandi leitað með mál sitt til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Það er magnað úrræði og ótrúlegt réttaröryggi fyrir íbúa aðildarríkjanna. En þúsundir dóma Mannréttindadómstólsins lúta líka að því að úrskurða um samfélagslegar krísur eða jafnvel átök. Enda er Mannréttindadómstólum

oft lýst sem „krúnudjánsni“ Evrópuráðsins og vitnað í dómstöð hans í dómstöllum víða um heim.

Og nú hefur forseti Evrópuráðsþingsins tilnefnt dómstólinn til Friðarverðlauna Nóbels árið 2020. Ekki að ósekju þar sem dómstólinn hefur leikið algjört lykilhlutverk í því að tryggja friðsamlega uppbyggingu Evrópu og skýrt leikreglurnar sem voru og eru enn svo nauðsynlegar til að koma á og viðhalda varanlegum friði og sátt um samfélagsleg gildi og leikreglur. En líka til að koma í veg fyrir að hatursglæpir og fordómar leiði til þess að stríðshörmungarnar endurtaki sig.

## Berum meiri virðingu fyrir alþjóðastofnunum

Það eru því mikil vonbrigði að íslenska ríkið skuli á þessum tímamótum dómstólsins grípa til ítrustu varna og setja mikla fjármuni í að verjast í afar umdeildu máli sem snertir og veikir dómskerfi okkar. Það er skiljanlegt að ríki verji sig og eðlilegt, en munum að dómur Mannréttindadómstólsins eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir Ísland sem íslenskir dómstólar hafa ávallt og undantekningarlaust beygt sig undir. Líka þegar íslenska ríkið hefur tapað máli.

Að áfrýja dómsmáli um ólög-mæta skipan dómara við Landsrétt til yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu í stað þess að lúta fyrstu niðurstöðum dómstólsins, var



Mannréttinasáttmálinn er lykilsáttmáli aðildarríkja Evrópuráðsins. Hann tryggir að mannréttindi og réttindi borgaranna séu fest í lög aðildarríkjanna. Og til að tryggja að aðildarríkin standi við skuldbindingarnar sem samningurinn felur í sér, var Mannréttindadómstóll Evrópu árið stofnaður árið 1959.

einfaldlega dapurleg ákvörðun sem jók á réttarövíssu.

Enn dapurlegra er þó þegar stjórnálmenn, sem virðast nánast eingöngu hugsa um sitt eigið orðspor og stöður, halda opinberlega á lofti málflutningi sem grefur undan einni af meginstofnunum mannréttinda, laga og reglna sem Ísland á aðild að.

Þess háttar málflutningur stjórnálmanna sem og að taka til ítrustu varna, er bæði niðurlægjandi fyrir okkur sem aðildarríki Evrópuráðsins en líka fyrir

okkur sem viljum láta taka okkur alvarlega sem þróað lýðræðisríki og alvöru réttarríki án beinna afskipta stjórnálmanna að dómskerfi okkar. Enda sýndi það sig að eini opinberi stuðningurinn við málatilbúnaðinn kom frá Póllandi sem fékk afskaplega hörð tilmæli á Evrópuráðsþinginu fyrir nokkrum dögum vegna afar umdeilda breytinga á dóms- og réttarkerfi sínu sem taldar eru grafa undan lýðræði í Póllandi og réttindum borgaranna þar. Þingið ákvað að fara í eftirlitsferli á Póllandi sem er með þeirri ákvörðun eina ESB-ríkið sem þarf að lúta þannig eftirliti. Svona stuðning er betra að vera laus við.

Nær væri að íslenska ríkið myndi sýna Mannréttindadómstól Evrópu þá virðingu sem hann á skilið og meira til á tímamótum sem þessum.

Hvernig sem dómsniðurstaða yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu verður í vikunni, þá verðum við að hlúa að og auka almenna virðingu fyrir alþjóðastofnunum og sáttmálum sem snúast um virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði og lögum og reglum. Að tala mannréttindastofnanir niður er grafalvarlegur hlutur og snýst um miklu meira en stöður, embætti eða að slá pólitískar keilur. Það snýst um ábyrgð og virðingu. Eitthvað sem sumt íslenskt stjórnálfólk mætti tileinka sér í meiri mæli.



**NISSAN**

Innovation that excites

NISSAN

# QASHQAI 4X4

SJÁLFSKIPTUR

**NÝR QASHQAI ACENTA**  
**VERÐ: 5.340.000 KR.**

Gríptu einn nýjan Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasareykjaness.is  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

# Varanlegt hús fyrir kvikmyndalistina eins og aðrar listgreinar hafa



**Þór Elís Pálsson**  
kvikmyndaleikstjóri og varaborgarfulltrúi Flokk fólksins

Öfan á öll ótíðindin sem dunið hafa yfir nú í byrjun nýs árs þá bættust enn ein við er fréttir bárust að aðstandendur Bíó Paradísar neyðast til að skella í lás með vorinu. Gamma forkólfar, eigendur húseignarinnar að Hverfisgötu 54, vantar meiri pening. Það er auðvitað hlutverk peningamanna og þeirra fyrirtækja að hámarka gróðann, sama hvað. Nú virðist, eftir fólkskulegt ævintýr þessara manna með fjármuni Gamma, eiga að ráðast á litilmagnann og láta hann hjálpa sér að bjarga fjárglæfratapinu. Borið er fyrir sig að leigan fylgi ekki markaðsvirði. Hvaða markaðsvirði spyr maður? Það hefur nefnilega verið óeðlilegt ástand í miðborg Reykjavíkur eftir að heimsbyggðin uppgötvaði þetta litla eyriki í Norður-Atlants-

hafi. Klondike var fljótur til og nú er miðborg Reykjavíkur orðin eins og sildarplanið á Siglufirði var forðum tíð, allir ætla að græða. Þá er aftur spurt, við hvaða markaðsvirði á að miða? Er raunhæft að miða við markaðsvirði óeðlilegrar sveiflu upp á við sem nú virðist samkvæmt öllum tíðindum stefna í hraða niðursveiflu. Ef nánast þrefalda þarf leiguna á Hverfisgötu 54 í dag gæti hún verið eðlileg án margföldunarinnar á morgun þegar túrisminn minnkar, jafnvel töluvert. Þá munum við líklega upplifa eyðimerkurtilfinninguna sem nú er í uppsiglingu á Laugaveginum enn frekar þegar lundabúðirnar hverfa og mannfjöldinn skreppur saman nánast bara í innfædda Íslendinga sem hafa þörf fyrir að njóta lista og hver annars, alltaf og endalaust. Hvi er Gammamenn að fæla Heimili kvikmyndanna út úr þessu húsi, getur verið að þeir séu með hótél í huga fyrir væntanlega ferðamenn og mikinn gróða? Er ekki komið nóg af hótélum í miðborg Reykjavíkur? Ef tilgáta mín er rétt þá spyr ég: Hafa Gammamenn ekki áttað sig á að Reykjavíkurborg hefur sett kvóta á hótélrekstur í miðborginni.



**Það er ekki hægt að biða lengur, svo mikið er víst.**

Ekki víst að leyfi fáist.

Það ber að þakka borgarfulltrúa Hjálmari Sveinssyni að stíga strax fram og lýsa furðu sinni á framkomu húseiganda gagnvart kvikmyndalistinni í landinu. Kvikmyndahúsið á Hverfisgötu er nú eina kvikmyndahúsið í miðborginni, en ekki fyrir svo margt löngu voru þau sjö, hvorki meira né minna í rétt 100 þúsund manna borg. Ásamt Regnbogunum sem þá hét voru, Gamla bíó, Nýja bíó, Austurbæjarsíó, Stjórnubíó, Hafnarbíó og Tjarnarbíó. Hvort þau voru öll starfandi samtímis man ég ekki svo glögg, en hugsanlega voru Hafnar- og Tjarnarbíó aflögð þegar Regnboginn tók til starfa sem nú er Bíó Paradís. Elsta bíóhúsið í

Reykjavík er ekki lengur til, Fjalakötturinn, það fallega og merka hús var rífið einmitt vegna gróðasjónarmíða. Álika er uppi á teningnum í dag, litil virðing er borin fyrir kvikmyndalistinni, það sannast m.a. að einvörðungu eru rekin kvikmynda-hús í borginni með gróða í huga og sýndar aðeins Hollywood myndir sem gefa mikið í kassann en lítið fyrir sálina. Þessi bíóhús fá til sín ýmsar „kúltúr“ myndir, en sýna þær ekki á almennum sýningum. Hvers vegna, jú, vegna þess að slíkar kvikmyndir gefa ekkert í aðra hönd, það er tómahljóð í kassanum ef þær fara í almenna sýningu.

Með einstöku átaki og hugsjónina fyrir kvikmyndalistinni að leidarljósi hefur starfsfólki Bíó Paradísar aftur á móti, með Hrönn Sveinsdóttur í fararbroddi, tekist að reka kúltúr bíóhús með miklum sóma og skapað þá bíómenningu sem hverri höfuðborg sæmir. Slík hús finnum við um alla Evrópu í stórum borgum sem smáum. Bíó Paradís hýsir jafnframt helstu kvikmyndahátíðir sem haldnar eru í landinu. Slíkar hátíðir draga til sín fólk alls staðar að úr heiminum sem skiptir okkur Íslendinga miklu máli. Það er vitað með

vissu að kvikmyndagerðin hefur haft mikil áhrif á ferðamennsku í landinu og því skýtur það skökku við að ráðast á mjólkurkúna með slíkum hætti sem nú er gert.

Í höfuðborginni okkar eru starfrækt með myndarlegum hætti leikhús, tónlistarhús og myndlistarhús sem öll eru annaðhvort byggð og/eða rekin af ríki og borg. Þegar kemur að húsi fyrir kvikmyndalistina þá hafa yfirvöld einhvern annan hátt á, sem nú þarf sannarlega að breyta.

Því skora ég á bæði ríkis- og borgarstjórn að sýna þessari ört vaxandi listgrein og jafnframt iðnaði í landinu þá virðingu með að styrkja þann vettvang greinarinnar sem snýr að almenningi, þ.e. kvikmyndasýningin sjálf. Yfirvöld geta ekki lengur horft með blinda auganu á þá staðreynd að það vantar gott og tryggt húsnæði fyrir þessa listgrein eins og aðrar listgreinar til þess að almenningur geti notið á sem bestan hátt. Nú er mál að linni, það þarf að kaupa eitt stykki bíóhús fyrir kvikmyndalistina hvort sem það er hús Bíó Paradísar, Austurbæjarsíós eða jafnvel Gamla bíós. Það er ekki hægt að biða lengur, svo mikið er víst.

## Hálendisþjóðgarður og orkuauðlindir þjóðarinnar



**Ingibjörg Ólöf Isaksen**  
stjórnarformaður Norðurorku hf.



**Helgi Jóhannesson**  
forstjóri Norðurorku hf.

mið með því að virða leikreglur laga um vernd- og orkunýtingu, svokallaðar rammaáætlanir. Hér á ráðherrann við rammaáætlun þrjú sem að líkindum mun koma fram á Alþingi á þessum vetri. Í rammaáætlun þrjú er aðeins einn orkunýtingarkostur innan vænts hálendisþjóðgarðs sem er í nýtingarflokki. Um er að ræða orkukostinn Skrokköldu með um 45 MW afl, af orkukostum upp á rúmlega 2000 MW sem voru til umfjöllunar í rammaáætlun þrjú og falla innan marka hálendisþjóðgarðs. Aðrir kostir eru í bið- eða verndarflokki. Það kemur fram í skrifum umhverfisráðherra að eigi að færa verkefni úr biðflokki í nýtingarflokk rammaáætlunar þrjú, verði það gert á forsendum þjóðgarðsins. Því er ekki hægt að búast við miklu, ef einhverju, til viðbótar síðar í nýtingarflokki ef rammaáætlun þrjú verður samþykkt óbreytt. Í verkferli er nú rammaáætlun fjögur og í framtíðinni var, og er gert ráð fyrir, að fleiri áfangar komi fram. Því er enn ekki komin fram nein endanleg sýn á

hversu stór orkuauðlind Íslendinga er á hálendinu en vafalítið er það orkuríkasta svæði landsins

Það er í hæsta máta einföldun að tala um virkjanir sem hlutlægán og sérstæðan hlut. Virkjun er bara birtingarmynd þess að þjóðfélagið er að nýta orkuauðlind í efnahagslegu samhengi, til að að þjóna þörfum heimila og atvinnulífs í landinu. Í stóru myndinni, fyrir okkur Íslendinga, snýst málið um það hvort breyta eigi landnotkun hálendisins þannig að lokað verði fyrir aðgengi þjóðarinnar að orkuauðlindum sínum um alla framtíð. Það er einnig í hæsta máta óeðlilegt og óráðlegt að lokað sé á mögulega orkunýtingu á hálendi Íslands áður en lokið er gerð orku- og orkuöryggisstefnu fyrir Ísland. Ljóst er að þörfin fyrir orku fer vaxandi eftir því sem samfélagið stækkar, auk þess sem huga þarf að nægu framboði af innlendi grænni orku fyrir orkuskiptin sem stefnt er að. Við sem störfum í orku- og veitugeiranum teljum okkur skylt að draga ofangreinda staðreynd fram. Við erum ekki að virkja virkjananna

vegna, heldur vegna þeirra samfélagslegu og efnahagslegu áhrifa sem nýting orkuauðlinda skapar fyrir þjóðarbúið. Enda hefur gagnýning okkar endurnýjanlegu orkuauðlinda lagt grunninn að lífsgæðum og verðmætasköpun í landinu síðustu hundrað árin. Það koma kynslóðir á eftir okkur sem þurfa og vilja hafa tækifæri til að nýta landið á sinn hátt m.a. af efnahagslegum ástæðum. Þá er rétt að minna á það framlag sem orkuauðlindir í vatnsafli og jarðvarma skapa til hnatt-rænna loftlagsmála.

Annað er að umræðan um hálendisþjóðgarð hefur ekki náð að þróast og er keyrð fram í flýti. Það er þekkt erlendis að þjóðgarðar eru flokkaðir í svæði þar sem mismikil friðun á sér stað, allt eftir verðmætamati þeirrar náttúru sem friða á og þörfum viðkomandi þjóða fyrir atvinnustarfsemi og hagnýtingu auðlinda á þeim svæðum. Í fyrstu umræðum um þjóðgarð var þess alltaf getið að svo myndi einnig verða innan vænts þjóðgarðs eins og fram kemur í grein ráðherra hér er verið að draga línu



**Annað er að umræðan um hálendisþjóðgarð hefur ekki náð að þróast og er keyrð fram í flýti.**

í sandinn gegn mögulegri framtíðarnýtingu orkuauðlinda. Hér er um veigamikla stefnubreytingu í landnotkun að ræða því hátt í 70% af raforkuframléiðslu þjóðarinnar í dag eru upprunnin innan marka fyrirhugaðs hálendisþjóðgarðs. Ekki er rétt að draga þá mynd upp að þetta sé baráttan á milli þeirra sem vilja friða, eða breyta landnotkun hálendisins, og þeirra sem vilja virkja. Það er of mikil einföldun því öll viljum við náttúrunni hið besta. Það er réttmætt og eðlilegt, þegar svo mikið er í húfi sem hér, að benda löggjafanum á ofangreint svo þingmenn taki ákvörðun um breytta landnotkun hálendisins með „opin augu“ og með framtíðarkynslóðir Íslendinga í huga.

## Er nánast engin losun frá byggingariðnaði á Íslandi?



**Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir**  
framkvæmdastjóri Grænni byggðar



**Dagur Bollason**  
verkefnistjóri Grænni byggðar

mótaðar eru tillögur um aðgerðir í loftslagsmálum er lítill sem engri athygli varið í þann málaflökk og í aðgerðaáætlun stjórnvalda um loftslagsmál er byggingariðnaðurinn tæplega nefndur. Í átaki stjórnvalda í húsnæðismálum var svo að segja ekkert minnst á umhverfismál í neinum af þeim 44 tillögum sem þar voru kynntar.

Er byggingariðnaðurinn á Íslandi svona loftslagsvænn? Við erum jú með hreina orku, nóg af vatni og landi. Það er rétt að Ísland sker sig úr vardandi loftslagsáhrif byggingariðnaðarins miðað við flestar aðrar þjóðir þar sem við kyndum húsinn okkar með jarðhita, með mjög litlu kolefnisspori miðað við aðra orkugjafa. Okkur hættir hins vegar til þess að vanmeta þátt byggingariðnaðarins í umhverfismálum sökum endur-

nýjanlegu orkugjafanna sem veita okkur einstakar aðstæður.

Loftslagsáhrif bygginga snúast ekki bara um orku, þau snúast til að mynda um hvar byggingar eru staðsettar, hvernig aðgengið og þjónustan er fyrir fjölbreyttan ferðamata, hvaða efni eru notuð, hvernig byggingunni er viðhaldið og hvernig hún er rifin niður. Í þessum efnum erum við eftirbátar nágrannaþjóða okkar.

Losun á gróðurhúsalofttegundum frá byggingum á Íslandi er að stórum hluta falin undir mörgum öðrum þáttum, svo sem samgöngum, orkuframléiðslu, úrgangi og iðnaði. Við búum einnig við einstakar aðstæður að því leytnu til að hingað þarf að flytja inn næstum öll efni og aðföng. Framleiðsla efna erlendis og flutningar skilja eftir sig stórt kolefnisspór. Hér er hægt að

gera mun betur með því að endurnýta meira efni, nota byggingarefni með lítið kolefnisspor og efni sem mögulegt er að nota aftur í kjölfar niðurriðs.

Eftir að Ósló kortlagði nánar sína losun á gróðurhúsalofttegundum kom í ljós að losun frá byggingarsvæðum var töluvert meiri en búist var við. Í framhaldinu voru sett markmið um að öll byggingarsvæði í Ósló yrðu svo að segja losunarlaus árið 2025.

Hingað til hefur ekki verið gerð nein heildstæð kortlagning á því hver losun byggingariðnaðar er á Íslandi, því er erfitt að setja sér markviss markmið.

Ríki og sveitarfélög hafa þegar sett sér metnaðarfull markmið í samgöngumálum. Nú er hins vegar kominn tími á að stjórnvöld skapi sér stefnu í átt að sjálfbærari bygg-


ingarmarkaði – sú stefna er ekki til sem stendur. Undirstaða þeirrar stefnumótunar felst í að kortleggja raunveruleg umhverfisáhrif byggingariðnaðarins.

Nýlega skrifuðu allir norrænu húsnæðismálaráðherrarinnir undir yfirlýsingu þar sem undirstrikuð var sú nauðsyn að draga úr losun koltvísyrings frá byggingariðnaðinum og að iðnaðurinn tileinki sér sjónarmið hringrásarhagkerfisins. Mikilvægt er að Ísland fylgi þessari yfirlýsingu eftir með markvissri langtíma-stefnumótun í átt að loftslagsvænni byggingariðnaði.

Ísland, með alla sína sjálfbæru og hreinu orkugjafa, er í dauðafæri á heimsælikvarða til þess að vera alþjóðasamfélaginu fyrirmynd í húsbýggingum. En fyrst þurfum við að átta okkur á að við getum og verðum að gera betur.

Leida má að því rök að þáttur byggingariðnaðarins í losun gróðurhúsalofttegunda sé oft vanmetinn hér á landi. Þegar

## Meðalraforkukostnaður stórnotenda á Norðurlöndunum árið 2018



## Sérstaða íslenskrar orku á alþjóðlegum mörkuðum



**Sveinbjörn Finnsson**  
sérfræðingur í viðskiptagreiningu

**Valur Ægisson**  
forstöðumaður viðskiptagreiningar



**Við stefnum á að halda áfram á þeirri vegferð og byggja alla umræðu á gögnum og bestu þekkingu sem völ er á hverju sinni.**

Landsvirkjun hélt á dögunum opinn morgunverðarfund, þar sem fjallað var um raforkuverð og samkeppnishæfni Íslands, auk nýjustu strauma á norrænum raforkumörkuðum. Ásamt erinda okkar kynnti sérfræðingur alþjóðlega greiningarfyrirtækisins CRU vandaða greiningu á stöðu almarkaða á heimsvísu og samkeppnishæfni íslensks áliðnaðar.

Afhálfu Samtaka iðnaðarins hefur komið fram gagnrýni á þær upplýsingar sem komu fram um samkeppnisstöðu íslensku orkugeirans og þeirra stórnotenda sem hér starfa á alþjóðlegum mörkuðum.

**Samkeppnishæfni raforkuverðs**  
Raforkusamningar Landsvirkjunar eru gerðir á viðskiptalegum forsendum. Það þýðir að verð í þeim þarf að vera yfir kostnaðarverði fyrirtækisins og samkeppnishæft fyrir viðskiptavinum okkar, en stórnotendur á Íslandi starfa almennt á hördum alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Viðskiptagreining Landsvirkjunar vaktar samkeppnishæfni fyrirtækisins og stöðu á samkeppnis-mörkuðum reglulega. Í því felst m.a. að skoða raforkumarkaði og samkeppnisstöðu okkar viðskiptavina á þeim mörkuðum þar sem þeir starfa. Við mat á samkeppnishæfni er stuðst við ýmis gögn, t.d. opinber gögn um verðþróun á upp-böðsmörkuðum í Evrópu (mikilvægt að miða ekki við punktstöðu þar sem raforkuverð getur sveiflast mikið erlendis), skýrslur erlendra greiningaraðila og samtöl við ráðgjafa. Við leggjum áherslu á að skoða málin heildrænt, byggja á raunverulegum gögnum og horfa ekki til jadartilfella sem eiga ekki við um markaðinn í heild.

Dæmi um þetta er samanburður á raforkukostnaði lítilla stórnotenda á Norðurlöndunum. Evrópska hagstofan, Eurostat, birtir slík gögn og eru nýjustu aðgengilegu gögnin í dag fyrir árið 2018. Sé meðalkostnaður stórnotenda sem nota 10-20 MW borinn saman við þau verð sem Landsvirkjun býður í nýjum samningum í dag og gjaldskrá Landsnets fyrir flutning kemur í ljós að raforkukostnaðurinn er lægstur á Íslandi. Raforkuverð var 20-30% lægra á Íslandi en hinum Norðurlöndunum og flutningskostnaður um helmingi lægri á Íslandi en í Danmörku og Finnlandi, en sambærilegur við Svíþjóð og Noreg. Opinber gjöld eru svo lægst á Íslandi og í Noregi. Séu sambærileg gögn skoðuð fyrir almennan markað, þ.e.

heimili og fyrirtæki, þá kemur í ljós að raforkukostnaður á Íslandi var í öllum tilfellum lægstur.

### Áskoranir og opinber inngríp á mörkuðum

Landsvirkjun fylgist grannt með stöðu alþjóðlegra samkeppnismarkaða Íslands. Allt bendir til þess að raforkuverð á Íslandi sé samkeppnishæft á viðskiptalegum forsendum. Við leitumst ávallt við að horfa á heildarmynd samkeppninnar en ekki sértílfella og raforkusölu sem ekki fer fram á markaðsfor-sendum.

Undanfarið hafa sérstakir þættir haft áhrif á raforkumarkaði á Norðurlöndunum sem rýra tímabundið samkeppnisstöðu raforkusölu til stórnotenda á Íslandi. Dæmi um það eru beinir ríkisstyrkir stjórnvalda, t.d. í Noregi, til vissra stórnotenda til að lækka raforkukostnað þeirra. Árið 2019 námu þessir ríkisstyrkir rúmlega 20 milljörðum íslenskra króna í Noregi.

Annað dæmi eru niðurgreiðslur til vindorkuvera sem selja niðurgreidda raforku í mörgum tilfellum til stórnotenda. Stjórnvöld víða um heim hafa ráðstafað gríðarlegum fjármunum til þessara styrkja, en Alþjóðaorkumálastofnunin áætla að árlegir styrkir til vindorkuverkefna í heiminum séu um 6.000 milljarðar íslenskra króna. Það er rúmlega tvöföld landsframleiðsla Íslands.

Á Íslandi eru engar opinberar niðurgreiðslur til nýrra eða eldri raforkuverkefna. Því má segja að þessi inngríp erlendra stjórnvalda á frjálsa markaði hafi óbein áhrif á íslenska markaðinn og veiki hlutfallslega stöðu innlendra orkufyrirtækja. Þessi stuðningur er þó almennt á undanhaldi, en vindorka er að nálgast það að vera samkeppnishæf án ríkisstyrkja og núverandi ríkisstyrkjakerfi stórnotenda í Evrópu rennur út í árslok 2020 og er óvissa um framhald þess í Noregi.

### Krafa um aukið gegnsæi

Við sem störfum á orkumarkaði finnum fyrir auknum kröfum um bætt upplýsingagjöf. Við hjá Landsvirkjun höfum tekið þetta til okkar og bætt upplýsingagjöf og fræðslu, m.a. með opnum fundum um raforkumarkaði og útgáfu skýrslu um viðskipti með raforku á Íslandi, en skýrslan er aðgengileg öllum á heimasíðu okkar, landsvirkjun.is. Við stefnum á að halda áfram á þeirri vegferð og byggja alla umræðu á gögnum og bestu þekkingu sem völ er á hverju sinni.

## Bankarnir okkar



**Þorvaldur Örn Arnason**  
einn af eigendum Landsbankans og Íslandsbanka

Leiðari Fréttablaðsins 17. janúar, undir yfirskriftinni „Hóflæg krafa“ ber keim af orðfæri og hugsunarhætti kapitalista, þeirra sem telja rétt að auðmenn hirði arð og þeir einir hafi hagsmuni.

### Eru ríkisbankarnir á sjálfstýringu?

Bankar eru hjarta hagkerfis okkar, dæla blóði um æðar þess. Skiljanlega sviður auðmönnum sárt að öflugustu bankar landsins séu árum saman í eigu almennings. Þeim finnst hagnaður Íslandsbanka óeðlilega litill, var 10,6 milljarðar árið 2018, fer heldur lækkanði. Þó nógur til þess að sjóðurinn okkar, ríkissjóður, fékk 5,3 milljarða í arð af þessum eina banka það ár. Kapitalistar hefðu viljað sjá enn meiri arð, og að honum væri sópað ofan í vasa auðmanna sem vita ekki aura sinna tal. En meðan við – almenn-ingur – eigum bankann fer mest af þessum auði í að reka hér mennta-, heilsugæslu- og velferðarkerfi – og veitir ekki af.

Ritstjórinn segir að bankarnir „...hafa verið reknir sumpart á sjálfstýringu í of langan tíma, án aðkomu nokkurra virkra eigenda með hagsmuni undir hverju þurfi að breyta og hvað bæta...“ Sem sannur talsmaður kapitalista telur hann



auðmenn eina vera „virka eigendur“ sem hafi hag af arðbærum rekstri. Hann skilur ekki að samfélagið getur gert hlutina á ábyrgan hátt.

Við sem byggjum þetta land getum verið „virkir eigendur“ banka. Við kjósum fulltrúa til að gæta okkar hagsmuna – í rekstri bankanna okkar sem öðru. Ef fulltrúar okkar standa sig ekki rekum við þá í næstu kosningum og veljum aðra sem við teljum að muni gæta okkar sameiginlegu hagsmuna betur.

Ritstjórinn bendir á að bankarnir hafa verið að segja upp starfsfólki, en það er eðlileg afleiðing stóráukinnar tölvuvæðingar bankastarfsemi, sem sparar vinnuafli.

### Selja eða eiga áfram?

Brennd af bankahruni höfum við, eigendur bankanna, hert öryggis-kröfur, m.a. aukið eigið fé þeirra, þó það minnki ögn arðsemina. Við höfum sett öryggið á oddinn. Við, sem höfum átt bankana frá hrúni, höfum sýnt ábyrgari rekstur en kapitalistarnir sem áttu þá árin

fyrir hrun og keyrðu í þrot með hamslausri græðgi. En ritstjórinn kvartar undan rekstrarumhverfi bankanna og að arðurinn sé ekki nógur. Hvers vegna? Vegna þess að hann virðist líta á það sem hvert annað náttúrulegt að bankarnir verði seldir auðmönnum. Því „ættu stjórnir ríkisbankanna, Íslandsbanka og Landsbankans, að leggja sitt af mörkum við að bæta reksturinn og þrýsta á frekari ráðstafanir svo arðsemin verði ásættanleg í aðdraganda fyrirsjáanlegs söluferlis...“

Nútíma bankar eru í raun eitt af veitukerfum samfélagsins og eiga að vera undir stjórn okkar, almennings, ekki á valdi girugra kapitalista sem nota þá í glæfralegar tilraunir til að skara eld að eigin köku. Fulltrúarnir sem við kjósum til að stýra þeim standa sig mis vel og eru mis heiðarlegir, en við getum hafnað þeim í næstu kosningum og valið aðra til að takast á við verkefnið. Við höfum undirtökin ef við kunnum að nýta lýðræðisrétt okkar og samtakamátt.



**LAVA**  
ÓSKAÐ ER EFTIR  
REKSTRARADILA FYRIR  
VEITINGASAL Í LAVA CENTER



- Um er að ræða fullbúinn veitingastað með öllum helstu tækjum, staðsettur í Lava Center á Hvolsvelli. Um 160 þúsund manns fóru um miðstöðina 2019 og því miklir möguleikar fyrir veitingarekstur, verslun og kaffihús á staðnum.



Frekari upplýsingar veitir Guðlaugur I. Guðlaugsson, löggiltur fasteignasali, í síma 864 5464 / guðlaugur@eignamidlun.is



**EIGNAMIÐLUN**

SALA FASTEIGNA  
SÍÐAN 1957

Grensásvegur 11  
Sími 588 9090  
www.eignamidlun.is

# Góð fyrirheit fyrir það sem koma skal

Það er stórt ár fram undan hjá Patreki Andrés Axelssyni en hann stefnir að því að komast á Ólympíuleika fatlaðra sem fram fara í Tókýó í Japan síðsumars. Patrekur Andrés hefur ekki náð lágmarkum fyrir leikana en hann telur raunhæft að ná þeim í tæka tíð.

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** Spretthlauparinn Patrekur Andrés Axelsson, sem hleypur fyrir Ármann, hljóp um síðustu helgi 60 metra á tímanum 7,99 sekúndur þegar hann tók þátt í Reykjavíkurlöngunum. Þetta er í fyrsta skipti sem hann fer undir átta sekúndur í þessari grein. Patrekur Andrés sem er sjónskertur hljóp án aðstoðarmanns að þessu sinni og náði þarna markmiði sem hann setti sér þegar hann hóf hlaupaferil sinn fyrir um það bil fimm árum.

Patrekur Andrés byrjaði að hlaupa af fullum krafti þegar hann byrjaði að missa sjónina árið 2014 en haustið 2015 var besti tími hans í 60 metra hlaupi 8,65 sekúndur. Fyrir hlaupið um helgina átti Patrekur best 8,24 sekúndur. Hann bætti sig þar af leiðandi um 0,24 sekúndur og hefur bætt sig um 0,66 sekúndur á fimm árum. Það er afar gott í jafn stuttri vegalengd og 60 metra hlaup er.

„Það var mjög góð tilfinning að ná að hlaupa á þessum tíma, sérstaklega í ljósi þess að ég var ekki með aðstoðarmann og á hvaða tímamarki ég næ því. Eg næ alla jafna betri tíma þegar ég hleyp með aðstoðarmanni þar sem ég næ að sleppa mér meira og er öruggari í því sem ég er að gera. Af þeim sökum er rúm fyrir enn meiri bætingu,“ segir Patrekur Andrés í samtali við Fréttablaðið.

„Ég kys það frekar að hlaupa með aðstoðarmann þar sem mér þykir það mun þægilegra. Ég lenti hins vegar í því á Evrópumótinu í fyrra að aðstoðarmaðurinn tagnaði í miðju hlaupi og svo í vikunni fyrir Meistararnót Íslands að aðstoðarmaðurinn sem ætlaði að hlaupa með mér þar meiddist og gat ekki aðstoðað mig.“

Það er fínt að vita af því að ég get hlaupið með góðum árangri ef sú staða kemur upp aftur. Það er meira en að segja það að útvega aðstoðarmenn til þess að fylla skarðið með stuttum fyrirvara.“



Patrekur Andrés tekur af stað í 60 metra hlaupi á Reykjavíkurlöngunum um síðustu helgi en þar bætti hann besta tíma sinn í greininni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hefur trú á að hann fari til Tókýó

„Aðaláherslan hjá mér á þessu ári er hins vegar að bæta mig nægilega mikið í 100 og 400 metra hlaupi þar sem það eru þau hlaup sem eru á dagskrá á Ólympíuleikunum og ég á raunhæfa möguleika á að ná lágmarki í. Þessi tími gefur góð fyrirheit um að ég nái nógu mikilli bætingu til þess að ná lágmarkinu fyrir leikana síðar á þessu ári. Mér finnst ég vera í góðu formi og þróunin á æfingum og keppnum vera í rétta átt,“ segir hann um komandi verkefni hjá sér.

Patrekur á best 12,23 sekúndur í

100 metra hlaupi en lágmarkið fyrir Ólympíuleikana er 11,90 sekúndur. Hann á svo best 57,87 sekúndur í 400 metra hlaupi og lágmarkið fyrir leikana þar er 57 sekúndur.

„Það skiptir svo miklu máli fyrir mig að eins og staðan er núna lítur út fyrir að ég verði áfram með sama aðstoðarmann og byrjaði að vinna með mér fyrir tæpu ári. Samhæfing milli mín og hans er mjög mikilvæg til þess að ég geti bætt mig enn frekar og hún verður betri og betri með tímanum. Við erum að vinna með stutt band á milli okkar þegar við hlaupum og allir hnókrar okkar á



**Aðaláherslan hjá mér á þessu ári er að bæta mig í 100 og 400 metra hlaupi þar sem það eru þau hlaup sem eru á dagskrá á Ólympíuleikunum og ég á raunhæfa möguleika á að ná lágmarki í.**

milli gera það að verkum að tíminn verður lakari sem munar um í svona stuttum vegalengdum,“ segir þessi metnaðarfulli hlaupari.

„Ég er á leiðinni á alþjóðlegt mót í Dúbaí um miðjan mars og æfingaplanið núna miðar að því að toppa á þeim tíma. Það væri geggjað að vera búinn að tryggja mig til Tókýó eftir það mót. Ég er afar vongóður um að það takist og hlaupið um helgina gefur mér sjálfstraust og trú á að ég sé á leiðinni á Ólympíuleikana. Síðan fer ég á EM og það er því nóg af spennandi verkefnum handan við hornið.“ [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Ríkið hefur lítið lagt af mörkum í uppbyggingu á íþróttaaðstöðu

**ÍPRÓTTIR** Samstarf íþróttafélaga við skóla er takmarkað, rekstur íþróttafélaganna er erfiður, mörg sérgreinafélög eru á hrakholum með aðstöðu fyrir sína íþróttgrein, mörg íþróttamannvirki eru úr sér gengin og þarfnast meira viðhalds og ríkisvaldið hefur lítið lagt af mörkum við uppbyggingu á aðstöðu og því byggir aðgengi landsliða að aðstöðu á velvild sveitarfélaga og félaga.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í drögum að lokaskjali borgaryfirvalda í stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2030 sem lögð voru fram á síðasta fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Alls eru drögin 32 síður og eftir fallegan texta um hversu jákvætt íþróttastarf sé og að draumurinn sé að árið 2030 muni nær allir Reykjavíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu er komið að punktum þar sem glansmyndin hverfur.

Þar er bent á að mörg íþróttamannvirki séu úr sér gengin og þarfnast meira viðhalds. „Þau mannvirki sem borgin rekur er viðhaldið á vegum hennar, sem hækkar leig-

» Mörg sérgreinafélög eru á hrakholum með aðstöðu fyrir sína íþróttgrein og mörg íþróttamannvirki eru úr sér gengin og þarfnast meira viðhalds.

una á ÍTR í gegnum eignasjóðinn á móti,“ segir ordrétt í drögnum. Í viðhorfskönnun sem gerð var meðal íþróttafélaganna í Reykjavík töldu 67 prósent þátttakenda að aðstaðan væri einn af helstu þáttunum sem hindruðu félagið/-deildina í að ná árangri. Hlutfallið bendir til að þó nokkurt verk sé fram undan við að koma aðstöðumálum í gott horf.

Mörg sérgreinafélög eru á hrakholum með aðstöðu fyrir sína íþróttgrein. Margar óskir liggja fyrir frá íþróttafélögum um uppbyggingu íþróttamannvirkja og er reynt að vinna með þeim að því að þróa lausnir sem eru skynsamlegar.

Í punkturnum er einnig bent á hvað ríkisvaldið sé lélegt að sinna uppbyggingu og er hvergi dregið

undan. „Ríkisvaldið hefur lítið lagt af mörkum varðandi uppbyggingu á aðstöðu og því byggir aðgengi landsliða að aðstöðu á velvild sveitarfélaga og félaga. Slík velvild hefur leitt til þess að árekstrar verða þar á milli við aðrar æfingar íþróttafélaga.“

Um nýjan þjóðarleikvang er sagt: „Mikill þrýstingur er á um byggingu þjóðarleikvanga fyrir ýmsar íþróttgreinar. Nýting slíkra mannvirkja til æfinga fyrir íþróttafélög einkennast af árekstrum við keppnisleiki og aðra viðburði og eru því ekki eins heppileg fyrir æfingar og önnur æfingaaðstaða.“

Þá er bent á stöðu afreksíþróttafólks sem hefur ekki hæfa þjálfara til að bæta sig í sinni íþrótt. „Staða afreksfólks á Íslandi er erfið. Umhverfi til afreksíðkunar í flestum greinum er ekki gott.“

Í sumum greinum er skortur á hæfum þjálfurum til að þjálfa afreksfólk. Stuðningur við afreksfólk er almennt lítill miðað við þann förnarkostnað sem afreksíþróttafólk verður fyrir og tekjumöguleikar afreksmanna eru frekar takmarkaðir í flestum íþróttgreinum.“ – bb



Rekstrarúttekt hefur verið gerð á íþróttafélögum í borginni sem sýnir að rekstur félaganna versnaði á árinu 2018 miðað við fyrri ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. febrúar 2020

5. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		<p>Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi</p> <p><b>MICHELSEN</b> 1909</p> <p>Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is</p>
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		



## Stórhuga frumkvöðlar

Þrjú af stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi ákváðu nýverið að nýta lausnir tækni-fyrirtækisins Controlant. Horft er til þess að hafa samið við sex til átta af tíu stærstu lyfjafyrirtækja heims í lok árs. Stefna á að safna milljarði frá fjárfestum. »6

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



### »2 Í viðræðum um sölu á Borgun fyrir 7 milljarða

Viðræður við tvö erlend félög um kaup á öllu hlutafé Borgunar langt komnar. Áætlað kaupverð um 7 milljarðar. Vildi ekki hleypa íslensku félagi inn í söluférlid í ársbyrjun.

### »4 Allt að 120 milljarðar fara til fjárfesta

Óvenju háar fjárhæðir verða greiddar í afborganir og vexti af skuldabréfum á fyrsta ársfjórðungi. Stórir gjalddagar fram undan. Nær helmingur rennur til lífeyrissjóða. Gæti blásið lífi í verðbréfamarkaði.

### »10 Að skuldsetja sig út úr niðursveiflu

„Skuldir íslenskra fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu eru rúmlega 10% hærra en í Bandaríkjunum, þar sem aukin skuldsetning á tímum lágra vaxta hefur mikið verið til umræðu,“ segir Krístrún Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku.



 EYECARE



## Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

# Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



## Stoðir hagnast um fjóra milljarða

Stoðir högnuðust um 4.020 milljónir króna á síðasta ári, að því er fram kemur í ársreikningi fjárfestingafélagsins sem sendur var hluthöfum félagsins í síðustu viku. Ávöxtun félagsins á árinu, að teknu tilliti til 3,6 milljarða króna hlutfárhækkunar í maimánuði, var 20,5 prósent.

Samkvæmt ársreikningi Stoða, sem Markaðurinn hefur undir höndum, námu tekjur félagsins af fjárfestingarverðbréfum liðlega 3,8 milljörðum króna í fyrra en níutíu prósent tekanna komu til vegna skráðra eigna félagsins. Vaxtatekjur voru um 65 milljónir króna á árinu og þá var gengishagnaður félagsins um 344 milljónir króna.

Rekstrarkostnaður Stoða nam tæplega 203 milljónum króna í fyrra, borið saman við 131 milljón króna árið 2018, en þrjár starfsmenn störfuðu að meðaltali hjá fjárfestingafélaginu á árinu samanborið við tvo starfsmenn árið áður.

Fjárfestingareignir Stoða voru metnar á samanlagt 22 milljarða króna í bókum félagsins í lok síðasta árs en þær riflega fjórfölduðust á árinu. Þar af nema skráðar eignir félagsins 17,7 milljörðum króna, eftir því sem fram kemur í stuttri samantekt félagsins um afkomu síðasta árs, og er þar um að ræða fimm prósent hlut í Arion banka, fjórtán prósent hlut í Simanum og tíu prósent hlut í TM. Umræddir eignarhlutir hækkuðu allir í verði á árinu en til marks um það nam ársávöxtun skráðra eigna Stoða 23 prósentum.

# 25,2

milljarðar króna var eigið fé Stoða í lok síðasta árs.

Stoðir áttu í lok síðasta árs auk þess óskráðar eignir upp á 1,7 milljarða króna, lán og skuldabréf að virði samanlagt 2,6 milljarðar króna og reidufé fyrir tæplega 3,2 milljarða króna. Til samanburðar átti félagið reidufé upp á 12,2 milljarða króna í lok árs 2018.

Heildareignir fjárfestingafélagsins voru 25,2 milljarðar króna í lok síðasta árs borið saman við 17,5 milljarða króna í árslok 2018.

Stjórn Stoða leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa í ár. Hluthafar fjárfestingafélagsins voru 54 í lok síðasta árs samanborið við 42 í byrjun ársins en stærsti hluthafinn er sem fyrr félagið S121 með tæplega 65 prósent hlut. Það er meðal annars í eigu félaga á vegum Jóns Sigurðssonar, stjórnarformanns Stoða, Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Örvars Kjærnested, fjárfestis og stjórnarformanns TM.

Landsbankinn er næststærsti hluthafi Stoða með rúmlega tólf prósent hlut og þá fara tveir sjóðir í stýringu Stefis, dótturfélags Arion banka, með um tíu prósent í félaginu. Stoðir eiga jafnframt um 9,9 prósent af útistandandi hlutfé félagsins. – kj



H&M opnaði verslun á Hafnartorgi haustið 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Seldi fyrir 3,2 milljarða á Íslandi

Sænska verslanakeðjan H&M seldi varning fyrir alls 251 milljón sænskra króna, jafnvirði 3,2 milljarða íslenskra króna, hér á landi á síðasta rekstrarári frá desember árið 2018 til nóvember árið 2019. Til samanburðar nam sala keðjunnar um 192 milljónum sænskra króna, sem jafngildir tæplega 2,5 milljörðum íslenskra króna, á rekstrarárinu 2017 til 2018.

Upplýsingar um sölu H&M á síðasta rekstrarári birtust í ársuppgjöri H&M í síðustu viku.

Sænska verslanakeðjan rekur sem kunnugt er sex verslanir hér á landi, þrjár H&M-verslanir sem höfðu allar verið opnaðar fyrir síð-

asta rekstrarár og COS, Monki og Weekday en þær verslanir opnuðu dyr sínar hér á landi á rekstrarárinu, nánar tiltekið í maí í fyrra.

Sala H&M-samstæðunnar hér á landi jókst um 31 prósent í sænskum krónum á síðasta rekstrarári, miðað við rekstrarárið 2017 til 2018, en í íslenskum krónum nam söluaukningin 37 prósentum.

H&M opnaði fyrstu verslun sína hér á landi í Smáralind í ágúst 2017 en önnur verslunin var opnuð í Kringlunni um mánuði síðar. Sú þriðja var opnuð á Hafnartorgi í október 2018 og loks verslanir COS á Hafnartorgi og Monki og Weekday í Smáralind í maí í fyrra. – kj

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFELAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Núverandi verðhugmyndir eru undir þeim væntingum sem eigendur höfðu á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Í viðræðum um sölu á Borgun fyrir 7 milljarða

Viðræður við tvö erlend félög um kaup á öllu hlutfé Borgunar langt komnar. Áætlað kaupverð um 7 milljarðar. Íslandsbanki vildi ekki hleypa íslenskum fjárfesti inn í söluferlið í ársbyrjun. Óvíst hvort bréf í Visa Inc. fylgi með.

Viðræður um kaup á öllu hlutfé Borgunar eru langt komnar en Íslandsbanki, sem á 63,5 prósent eignarhlut í greiðslukortafyrirtækinu, hefur verið með hlut sinn í söluferli frá því í ársbyrjun 2019. Samkvæmt heimildum Markaðarins standa nú yfir viðræður við tvö erlend félög og í þeim er gert ráð fyrir að kaupverðið fyrir Borgun verði í kringum sjö milljarðar króna, eða sem nemur liðlega bókfærðu eigin fé félagsins.

Væntingar eru um að mögulega verði hægt að ganga frá söluhlut á næstu vikum en Corestar Partners hefur verið bankanum til ráðgjafar í söluferlinu. Íslandsbanki, sem er að fullu í eigu íslenska ríkisins, vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en að þreifingar hefðu verið við áhugasama fjárfesta.

Minnihluta eigendur Borgunar munu jafnframt selja hlut sinn í fyrirtækinu nái kaupin fram að ganga. Þar munar mestu um eignarhaldsfélagið Borgun, sem er samlagsfélag í eigu meðal annars Stálskipa og Einars Sveinssonar fjárfestis, en það fer í dag með 32,4 prósent hlut í greiðslukortafyrirtækinu. Félagið kom fyrst inn í hluthafahóp Borgunar þegar það keypti sem þekkt er rúmlega 31 prósent hlut í fyrirtækinu af Landsbankanum í árslok 2014 fyrir um 2,2 milljarða króna.

Samkvæmt heimildum leitaðist íslenskt félag eftir því í byrjun ársins að komast inn í söluferlið á Borgun en því var hins vegar hafnað af Íslandsbanka með þeim rökum að ferlið væri komið of langt. Aðkoma nýs fjárfestis að söluferlinu væri því til þess að fallið, að mati bankans, að valda frekari töfum á að niðurstaða fengist í söluferlið í bráð. Heimildir Markaðarins herma að þeir tveir fjárfestar sem nú séu í við-

# 759

milljónum króna nam tap af reglulegri starfsemi Borgunar á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

ræðum við Íslandsbanka um kaup á Borgun, erlend fyrirtæki sem starfa á sviði greiðsluþjónustu, hafi farið fram á það við bankann, sem hann hafi orðið við, að ekki yrði rætt við aðra mögulega fjárfesta að félaginu á meðan á þeim stæði.

Talsvert tap hefur verið af starfsemi Borgunar undanfarin misseri en á árinu 2018 nam það um 1.080 milljónum króna. Á fyrstu níu mánuðum síðasta árs var afkoma af reglulegri starfsemi félagsins neikvæð um tæplega 760 milljónir. Eignir Borgunar námu þá um 29 milljörðum króna og var eigið fé félagsins nærri 6,5 milljarðar. Auk þess að standa að útgáfu greiðslukorta og í færsluhirðingu á Íslandi er félagið með starfsemi í Bretlandi, Króatíu, Ungverjalandi, Tékklandi og Slóvakíu.

Á meðal eigna félagsins eru forgangshlutaþréfi Visa Inc. sem Borgun eignaðist þegar það seldi hlut sinn í Visa Europe á árinu 2016 með um 6,2 milljarða hagnaði. Í árslok 2018 voru þau bréf bókfærð á rúmlega 1.840 milljónir króna. Í þeim viðræðum sem nú standa yfir, samkvæmt heimildum Markaðarins, ríkir óvissa um verðmat á brefunum í Visa Inc. og ekki liggur fyrir hvort þau muni fylgja með í kaupunum á Borgun.

Þær verðhugmyndir sem nú eru uppi í viðræðunum um kaup á Borgun eru nokkuð undir þeim

væntingum sem eigendur félagsins höfðu fyrir um tveimur árum. Söluferli á félaginu hófst haustið 2016 þegar bankinn fékk Corestar Partners til ráðgjafar við að móta framtíðarstefnu um hlut sinn í Borgun. Því ferli var hins vegar í reynd sjálfhætt eftir að Fjármálaeftirlitið gerði í febrúar 2017 alvarlegar athugasemdir við eftirlit kortafyrirtækisins með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í árslok 2015 fékk Borgun ráðgjafarfyrirtækið KPMG, eins og fram kom í fjölmiðlum á sínum tíma, til að verðmeta félagið í tengslum við yfirtökutilboð breska greiðslukortafyrirtækisins UPG en tilboði þess var ekki tekið. Niðurstaða verðmatsins var að heildarvirði fyrirtækisins næmi 19 til 26 milljörðum.

Auk Borgunar hefur greiðslukortafyrirtækið Valitor verið í formlegu söluferli í meira en eitt ár en í árslok 2018 fékk Arion banki, eigandi Valitor, bandaríska fjárfestingabankann Citi sem ráðgjafa við sölu á félaginu, að hluta eða í heild, í opnu ferli. Ekkert hefur orðið af sölu á hlut í Valitor en ferlið var í reynd sett á ís síðastliðið haust en þá var meirihluta stjórnarmanna fyrirtækisins skipt út. Mikið tap hefur verið af starfsemi Valitor erlendis og undir lok síðasta árs ákvað stjórn félagsins að ráðast í endurskipulagningu á rekstrinum, meðal annars með því að fækka starfsmönnum um sextíu, í því skyni að snúa taprekstrinum við.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa að stórum hluta sömu fjárfestarnir verið að skoda bæði Borgun og Valitor á undanföllum mánuðum og misserum auk þess að sýna færsluhirðingar fyrirtækinu Korta, sem er í eigu Kviku banka og hóps einkafjárfesta, sömuleiðis áhuga. hordur@frettabladid.is

## Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



# TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS




FRÍTÍMASLYS

HAFÐU SAMBAND



511 5008



GERUM ÍSLAND AÐ  
NÝSKÖPUNARLANDI



## ▶▶ Áskoranir og tækifæri í íslenskum framleiðsluiðnaði

**Framleiðsluþing SI 2020 í Norðurljósum í Hörpu miðvikudaginn 12. febrúar kl. 14.00**

Á Framleiðsluþingi SI verður kastljósinu beint að helstu áskorunum sem íslensk framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir um þessar mundir. Horft verður sérstaklega til tækifæra í nýsköpun í umhverfis- og loftslagsmálum. Ný hugsun og ný tækni geta ráðið úrslitum um framtíðarvöxt framleiðsluiðnaðar á Íslandi.

### Dagskrá



#### Setning

- ▶ **Guðrún Hafsteinsdóttir**  
formaður SI



#### Áskoranir og sóknarfæri í iðnaði

- ▶ **Sigurður Hannesson**  
framkvæmdastjóri SI



#### Nýsköpun eða framleiðsla

- ▶ **Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri Marel á Íslandi



#### Árangur í umhverfis- og loftslagsmálum

- ▶ **Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir**  
starfandi stjórnarformaður, Prentmet Oddi



#### Loftslagsmál – framtíðarsýn

- ▶ **Þorsteinn Hannesson**  
framkvæmdastjóri sérverkefna hjá Elkem Ísland



#### Umhverfisvandamál eða viðskiptatækifæri?

- ▶ **Sunna Gunnars Marteinsdóttir**  
samskiptastjóri MS



#### Sjálfbær framleiðsla framtíðarinnar?

- ▶ **Guðlaug Kristinsdóttir**  
stjórnarformaður, Límtré Vírnet



#### Minni losun – meiri hagsæld

- ▶ **Eggert Benedikt Guðmundsson**  
forstöðumaður Grænvangs



#### Horft til framtíðar – umræður

- ▶ **Halldór Þorgeirsson**  
formaður Loftslagsráðs



- ▶ **Einar Snorri Magnússon**  
forstjóri CCEP



- ▶ **Ingólfur Guðmundsson**,  
forstjóri CRI



- ▶ **Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir**  
framkvæmdastjóri Álklasans



#### Fundarstjórn

- ▶ **Stefán Magnússon**  
markaðsstjóri CCEP  
og formaður Framleiðsluráðs SI

Boðið verður upp á léttar veitingar og tengslamyndun að þingi loknu. Litla Ísland verður á staðnum.

**Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)**

2020  
ÁR NÝSKÖPUNAR



Samtök  
iðnaðarins

# Allt að 120 milljarðar fara til fjárfesta

Óvenju háar fjárhæðir, um 120 milljarðar, verða greiddar í afborganir og vexti af skuldabréfum á fyrstu þremur mánuðum ársins. Stórir gjalddagar eru fram undan. Nær helmingur greiðslnanna rennur til lífeyrissjóða. Gæti blásið lífi í hérlenda verðbréfamarkaði.

**A**É tla má að allt að 120 milljarðar króna renni til fjárfesta á skuldabréfamarkaði vegna afborgana og vaxtagreiðslna af skuldabréfum á fyrstu þremur mánuðum ársins. Stórir gjalddagar, einkum á skuldabréfaflokki Landsvirkjunar og óverðtryggðum ríkisbréfaflokki, eru fram undan.

Því til viðbótar munu á sama tíma renna tugir milljarðar króna, mögulega allt að fimmtíu milljarðar króna, til fjárfesta á hlutabréfamarkaði vegna arðgreiðslna og endurkaupa skráðra félaga.

Útlit er fyrir að greiðslur afborgana og vaxta af skuldabréfum muni nema umtalsvert hærri fjárhæð í ár en sem nemur fyrirhuguðum skuldabréfaútgáfum samkvæmt þeim áætlunum sem þegar hafa verið gefnar út fyrir árið. Þannig má gróflega áætla að allt að 250 milljarðar króna verði greiddir í afborganir og vexti af skuldabréfum á þessu ári á meðan gert er ráð fyrir skuldabréfaútgáfum fyrir 135 til 155 milljarða króna.

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði benda á að umræddar greiðslur til fjárfesta séu til þess fallnar að blása lífi í hérlenda verðbréfamarkaði. Fjármunirnir leiti enda að stórum hluta aftur inn á markaðina.

Stór hluti greiðslnanna, nærri helmingur, fer til lífeyrissjóðanna og þá má áætla að nokkrir milljarðar króna renni til erlendra fjárfesta. Afgangurinn, um helmingur fjárhæðarinnar, fer svo til annarra fjárfesta og má þar meðal annars nefna verðbréfasjóði, tryggingafélög og banka.

„Lífeyrissjóðirnir hafa vegna stærðar sinnar mikil áhrif á markaðinn og því skiptir það markaðinn máli hver fjárfestingargeta og eftirspurn þeirra er á hverjum tíma. Það á ekki síst við í þeim tilfellum þegar þeir horfa fram á auknið innstreymi, til dæmis vegna stórra afborgana á skuldabréfum,“ segir Arnar Ingi Jónsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, í samtali við Markaðinn.


Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í markaðsviðskiptum Arion banka, segir að fram undan séu þungir gjalddagar á tveimur skuldabréfaflokkum. Þannig megi búast við því að alls um 120 milljarðar króna falli á gjalddaga á fyrsta ársfjórðungi. Það sé óvenju mikið á einum fjórðungi en þurfi þó ekki endilega að



Útlit er fyrir að greiðslur afborgana og vaxta af skuldabréfum muni nema umtalsvert hærri fjárhæð á þessu ári en sem nemur fyrirhuguðum skuldabréfaútgáfum, ef miðað er við útgafnar útgáfaáætlanir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Greiddsluflæði af skuldabréfum á fyrsta ársfjórðungi

■ Greiddsluflæði ■ Uppsafnað



## Vinnur gegn markmiðum peningastefnunnar

Íl-sjóður, sem sér um umsýslu og úrvinnslu eigna og skulda gamla Íbúðalánasjóðs, keypti umtalsverðan hluta af 27 milljarða króna víxlaútgáfu ríkisins í síðustu viku, samkvæmt viðmælendum Markaðarins á fjármálamarkaði. Þeir benda á að útgáfan, en kjörin í henni voru 0,4 prósentustigum yfir markaðsvöxtum, kunni að vera til þess fallin að draga úr áhrifum aðgerða Seðlabankans, sem ákvað síðasta haust að fækka þeim aðilum sem geta átt viðskiptareikning í bankanum, og

vinna gegn markmiðum peningastefnunnar.

Seðlabankastjóri hefur sagt að með því að fækka þeim sem geta átt í viðskiptum við bankann sé verið að reyna að örva hagkerfið og fjármálakerfið.

Sjóðurinn er talinn hafa fært umtalsverða fjármuni inn á innlánsreikninga í bönkunum síðasta haust en um mitt síðasta ár námu innlán hans í Seðlabankanum um 80 milljörðum. Með því að geyma fé sjóðsins í Seðlabankanum hefur dregið úr virku peningamagni í umferð.

skipta sköpum fyrir flæði á skuldabréfamarkaðinum þegar lítið er til ársins í heild.

Óverðtryggði ríkisbréfaflokkurinn RIKB 20 0205 fellur í gjalddaga í dag og verða þá greiddir ríflega 62 milljarðar króna með vöxtum til skuldabréfaeigenda. Í seinni hluta mars fellur svo skuldabréfaflokkur Landsvirkjunar, LAND 05 1, í gjalddaga og greiðir orkufyrirtækið þá tæplega 29 milljarða króna til eigna skuldabréfsins. Sjóvá er í þeim hópi en fjárfesting tryggingafélagsins í bréfinu var metin á tæplega fjóra milljarða króna í bókum þess í lok september í fyrra. Er skuldabréfaeignin langsamlega stærsta einstaka fjárfestingareign Sjóvár eða um ellefu prósent af eignasafni félagsins.

Allt í allt má gera ráð fyrir að hátt í 120 milljarðar króna verði greiddir í afborganir og vexti af skuldabréfum á fyrsta fjórðungi þessa árs. Við bætast svo tugir milljarða króna vegna arðgreiðslna og endurkaupa félaga á hlutabréfamarkaði, eins og áður sagði.

Umræddar greiðslur gætu leitt til aukinnar eftirspurnar á skulda- og hlutabréfamarkaði, að sögn viðmælenda Markaðarins, en þeir benda á að þegar séu merki um mikla eftirspurn eftir skuldabréfum. Til marks um það bærust tilboð upp á alls 25,3 milljarða króna að

Það skiptir markaðinn máli hver fjárfestingargeta og eftirspurn lífeyrissjóðanna er á hverjum tíma.

Arnar Ingi Jónsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans



nafnverði í ríkisbréfaflokkinn RIKB 21 0805 í útboði í síðustu viku og er það hæsta fjárhæð móttekinnna tilboða sem borist hafa í útgáfu ríkis-skuldabréfa frá árinu 2010.

**Svigrúm fyrir fyrirtækjaútgáfu**  
Hrafn segist buast við því að aðstæður til skuldabréfaútgáfu verði hagstæðar í ár. Útgáfa fyrirtækjabréfa geti notið góðs af því. „Útgáfa sértryggðra skuldabréfa hefur einnig verið að dragast saman síðustu ár og er minni í ár en í fyrra. Það gæti mögulega skapað meiri svigrúm fyrir fyrirtækjaútgáfu,“ nefnir hann.

Eins og áður sagði gera útgafnar áætlanir ráð fyrir skuldabréfaútgáfum upp á allt að 155 milljarða króna í ár. Við þá fjárhæð munu svo bæstast útgáfur sveitarfélaga, fasteignafélaga og annarra fyrirtækja.

Aðspurður um áhrif aukins innstreymis til lífeyrissjóðanna segir Arnar Ingi að spurningin snúist að miklu leyti um hvernig sjóðirnir ráðstafi jafnan því fé sem renni til þeirra. „Hvernig ætla þeir sér til dæmis að haga útlánum sínum til heimila? Hvernig meta þeir stöðu sína á erlendum mörkuðum? Og svo framvegis. Það er ekki endilega svo að fjármunir sem renna til þeirra vegna afborgana á skuldabréfum fari allir inn á hlutabréfamarkaðinn.“

Hvað varðar flæði á hlutabréfamarkaðinum segir Arnar Ingi að fjárfestingar erlendra fjárfesta, svo sem tímasetning þeirra og umfang, skipti miklu máli. „Við höfum séð að þegar þeir koma inn á markaðinn af miklum krafti getur það haft talsverð jákvæð áhrif á virðið á markaðinum.“

Almennt segir Arnar Ingi það forsendu fyrir heilbrigðum markaði að breiður hópur fjárfesta, stofnana-fjárfesta og einstaklinga, taki þar þátt. Virk skoðanaskipti séu til þess fallin að auka skilvirkni markaðarins. kristinningi@frettabladid.is



ÞAÐ TEKUR AÐEINS UM 30 SEK. AÐ SKIPTA UM POKA

## SJÁLFBÆR FLOKKUN SORPS ER KRAFA

Paxxo Longopac flokkunarkerfið er byltingarkennd lausn í sjálfbærri flokkun. Paxxo er sænskur framleiðandi í fremstu röð á sínu sviði í heiminum.



COMMERZ

H: 100 cm  
B: 107,5 cm  
D: 44 cm  
**132.230 KR.**  
VERÐ AÐUR  
188.900 KR.



LONGOSTAND MINI

H: 100 cm  
B: 107,5 cm  
D: 44 cm  
**9.023 KR.**  
VERÐ AÐUR  
12.890 KR.



MINI BULLET

H: 86 cm  
B: 38 cm  
D: 20 cm  
**27.923 KR.**  
VERÐ AÐUR  
39.890 KR.

ÓPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17



# VETRAR TILBOÐ

á skrifborðsstólum



**Fást í svörtu og hvítu**  
með eða án höfuðpúða

**30%**  
AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ  
**58.450**  
m. VSK



**Á. GUÐMUNDSSON**  
STOFNAÐ 1956



[www.ag.is](http://www.ag.is)



[ag@ag.is](mailto:ag@ag.is)



510 7300



Bæjarlind 8-10  
201 Kópavogur



Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, og Gísli Herjólfsson, framkvæmdastjóri og einn af fimm stofnendum fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helgi Vífill  
Júliússon  
helgivifill@frettabladid.is



## Controlant sækir milljarð til fjárfesta

Hluthafar hafa lagt Controlant til um þrjú milljarða. Fyrirtækið hefur samið við þrjú af stærstu lyfjafyrirtækjum heims. Vonast er til að tíu af 20 stærstu verði viðskiptavinir árið 2020. Fjármagnið sem sækja á verður nýtt til að innleiða lausnina hjá viðskiptavinum. Eru tveimur árum á undan keppinautum.

### Björguðu lyfjum að verðmæti 50 milljónir dollara

Tækni Controlant bjargaði lyfjum að verðmæti 50 milljónir dollara, jafnvirði um sex milljarða króna, á fyrstu þremur mánuðunum eftir að lyfjaframleiðandi hóf að prófa þjónustuna í notkun. „Allergan var fyrsta stóra lyfjafyrirtækið sem kom í viðskipti til okkar. Þá voru þeir að prófa þjónustuna í tilraunaskyni en eftir að við hjálpuðum þeim við að bjarga svona miklum verð-

mætum var ákvörðun þeirra um að innleiða lausnina okkar auðveld,“ segir Guðmundur.

Fyrir tæpu ári fór verkefnastjóri Allergan á ráðstefnu um flutning lyfja og sagði frá því hve vel þjónusta Controlant hefði reynst fyrirtækinu. „Þá opnuðust í raun flóðgáttir og það hraðaði verulega hve hratt okkur tókst að selja öðrum fyrirtækjum þjónustuna,“ segir Guðmundur.

Gísli segir að Controlant stefni á að minnka sóun lyfja vegna lélegra geymsluskilyrða um 70 prósent. „Við höfum varið miklum tíma í að reyna að selja lyfjafyrirtækjum þjónustuna en nú virðist dæmið hafa snúist við og mörg þeirra eru að knýja dyra hjá okkur. Þau átta sig á að þau verða mögulega skilin eftir í samkeppninni ef þau nýta ekki þjónustu okkar.“

snurðulaust fyrir sig og styðja við öran vöxt félagsins.

### Mikill vöxtur fram undan

„Við erum með rúmlega 60 starfsmenn og veltum um 3,5 milljónum

dollara í fyrra en væntum þess að á næstu tveimur til þremur árum verði starfsmenn yfir 100 talsins og að félagið muni velta um 30-40 milljónum dollara. Sá vöxtur byggir einkum á því að tekjur fyrirtækisins

muni aukast samfara innleiðingum hjá núverandi viðskiptavinum. Þessi spá um tekjur og fjölda starfsmanna varpar ljósi á hve skalanlegur reksturinn er. Starfsmönnum mun ekki fjölga hlutfallslega í takt

við vaxandi umsvif,“ segir hann. Aðspurður segir Guðmundur að á þeim tíma verði Controlant farið að skila hagnaði.

Gísli Herjólfsson, framkvæmdastjóri og einn af fimm stofnendum fyrirtækisins, segir að innan skamms verði vonandi búið að semja við tvö önnur af stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi og að fyrir lok árs verði sennilega búið að semja við sex til átta af tíu stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi. „Það er gaman að þetta sé loksins að gerast eftir allan þennan tíma.“ Eins og áður segir var fyrirtækið stofnað árið 2007.

### Snjóboltaáhrif

Guðmundur skýtur því að að árið 2018 hafi Controlant verið með eitt stórt lyfjafyrirtæki í viðskiptum og árið 2020 sé vonast til að þau verði orðin tíu. „Það myndast snjóboltaáhrif við það að hafa náð nokkrum af 20 stærstu í bransanum.“

Hann segir að það sé stundum haft á orði í frumkvöðlaheiminum að ein versta stefnan sé að herja á stærstu fyrirtækin strax í upphafi. „En við töldum að til lengri tíma myndi það skili betri árangri að fá þau stærstu til að innleiða lausnina því það myndi sanna virði hennar.“


### Hvað er Controlant?

Gísli: „Controlant er tæknifyrirtæki sem þjónustar fyrst og fremst lyfja- og matvælagæirann. Við tryggjum gæði varanna í gegnum alla virðisdeyjuna með því að vakta



MIDVIKUDAGUR 5. FEBRÚAR 2020

Heimili



Þór Pálsson er framkvæmdastjóri hjá RAFMENNT, fræðslusetri rafiðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

# Aldrei jafn áriðandi að halda sér á tánnum

Á tímum snjallvæðingar með tilheyrandi breytingum hefur aldrei verið jafn brýnt að öðlast, viðhalda og bæta við þekkingu. Þór Pálsson, framkvæmdastjóri RAFMENNTAR, segir nám í rafiðn fela í sér ótal spennandi möguleika. ➔

## Framhald af forsiðu →

Í hartnær 50 ár hafa rafíðnaðarmenn verið virkir í endurmenntun fagmanna í greininni. Þegar árið 1973 hófst formleg endurmenntun á vegum Félags íslenskra rafvirkja en þar var lagður grunnurinn að því sem við erum í dag," segir Þór.

## Tækniframfarir kveikjan að endurmenntun

Drifkrafturinn að baki endurmenntuninni var að bregðast við tækninýjungum í starfsgrein sem er í stöðugri þróun. „Það sem ýtti endurmenntuninni formlega í gang á þessum árum var gríðarleg tækniþróun og framfarir í rafíðngreininni með tilkomu stórvirkjana og stóriðju. Menn áttuðu sig á því að þekking rafíðnaðarmanna þess tíma náði ekki yfir þessar nýjungar og almennt í námi þess tíma til sveinsprófs var ekki fjallað um þær," skýrir Þór frá.

Þór segir nemendum í grunnnámi hafa fjölgað sem sé afar ánægjulegt, enda sé nám af þessu tagi afar hagkvæmt og bjóði upp á ótal valmöguleika. „Segja má að nám í rafíðnaði sé góður grunnur fyrir framtíðina. Þar sem ljóst er að framtíðin stefnir bara í meiri sjálfvirkni, hvort sem það snýr að framleiðslu, flokkun eða kringum daglegt líf einstaklinga. Nám í rafíðnaði er einnig mjög góður grunnur að frekara námi í tækni- og verkfræði.“

Námið opni dyr í allar hugsanlegar áttir. „Störf rafíðnaðarmanna eru mjög fjölbreytt og má segja að það fari eftir áhugasviði á hvaða línu rafíðnaðarmenn lenda. Störfin spanna allt frá framleiðslu, flutningi, dreifingu orkunnar til notkunar hvers konar. Notkunin getur verið hjá stóriðju, sveitarfélögum, minni fyrirtækjum og einkaheimilum," útskýrir Þór. „Alls staðar á þessari leið eru rafíðnaðarmenn starfandi. Þá eru ótalin fjarskiptafyrirtækin, hvort sem um er að ræða hljóð, mynd eða önnur rafræn samskipti og svona má lengi telja.

## Sveigjanleg þjónusta

Óhætt er að fullyrða að það sé nóg um að vera innan veggja RAFMENNTAR.

„RAFMENNT sinnir fjölda verkefna sem snúa að menntun rafíðnaðarmanna. Árlega eru hér í húsi rúmlega 150 rafvirkjar í sveinsprófi sem haldið er tvisvar á ári. Einnig eru hér kenndar faggreinar í meistaranámi rafíðnaðarmanna. Nú eru um 70 nemendur skráðir í fagnámi meistaranáms á þessari önn.“

Þjónustan einkennist af miklum sveigjanleika en starfsemi er til að mynda ekki bundin við höfuðborgarsvæðið. „Framkvæmd endurmenntunar er með ýmsum hætti. Haldin eru námskeið hér í húsi en einnig erum við færarleg þannig að námskeið eru einnig haldin í fyrirtækjum eða í skólum á landsbyggðinni," segir Þór.

Ýmist sé óskað eftir tilteknum eða jafnvel sérsníðnum námskeiðum sem þjóna ólíkum þörfum mismunandi fyrirtækja. „Oft óska fyrirtæki eftir því að fá námskeið sem eru í bði hér til sín en einnig koma þau með óskir um sérhæfð námskeið sem við þá útbúum í samvinnu við þau.“

## Tenging við yngri kynslóðir

Verksvið RAFMENNTAR nær víða og er af ýmsum toga.


„Við sjáum um umsýslu um námssamninga og getum verið nemendum innan handar við að finna sér fyrirtæki til að gera námssamning við. Einnig sjáum við um vottun menntunar erlendra rafíðnaðarmanna.“

Þá stendur skjólstaðingum okkar til boða að gangast undir svokallað raunfærnimat.

„Raunfærnimat er stórt verkefni



Pau Marianna Ragna og Partyk Slot eru þessa dagana að undirbúa sig fyrir keppni í rafvirkjun á Euroskills 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hér má sjá hluta af verkefni þeirra Mariönnu Rögnu og Partyks.

Við erum stödd í miðri fjórðu iðnbyltingunni og vitum ekkert hvert tæknin er að taka okkur. Því er ljóst að endurmenntun kemur sterk inn til að starfandi rafíðnaðarmenn verði tilbúnir í þau nýju störf.

hjá okkur, þar sem við sjáum um kynningu og fræðslu, útvegum fagmenn sem meta þátttakendur og útbúum þannig ferli sem þátttakendur geta fengið metið inn í skólana til að ljúka námi.“

RAFMENNT leggur jafnframt ríka áherslu á að skapa tengingu við yngri skólastig.

„RAFMENNT er í góðu samstarfi við framhaldsskólana á landinu, árlega færum við nemendum sem hefja nám í rafíðngreininn spjaldtölvur. Við það tilefni hittum við kennara og stjórnendur sem eykur samtalið og önnur jákvæð samskipti," segir Þór. „Einnig höldum við úti rafbók þar sem allt náms efni sem nemendur í grunnnámi þurfa, nemendur og kennarar hafa þar gjaldfrjálsan aðgang að þessu efni. Spjöldin sem nemendur fá eru einmitt ætluð til að auðvelda þeim aðgang að þessu efni á meðan á námi stendur.“

## Endurmenntun hefur aldrei verið mikilvægari en nú

Þór leggur sérstaka áherslu á mikilvægi og nauðsyn endurmenntunar í sibreytilegum sam-



Það krefst kunnáttu og hæfileika að útbúa rafmagnstöflur fyrir Euroskills.



Hér fer fram kennsla í PLC-stýringum í einni af skólastofum RAFMENNTAR.

„Hafi verið ástæða til að rafíðnaðarmenn sæktu endurmenntun árið 1973, hver er þá staðan í dag! Það er auðvitað alveg morgunljóst að þær framfarir, þróun og nýjungar sem komið hafa fram í þessari grein eru gríðarlegar og fjölbreytni í störfum rafíðnaðarmanna er gríðarleg.“

Rafíðnaðarmenn geti víða komið sterkir inn. „Veröldin er að verða svo snjöll að ljósastaurarnir ákveða sjálfir hvenær þeir lýsa götur og gangstiga. Bílar keyra sjálfir svo maður geti slakað á á leiðinni heim. Þarna kemur rafíðnaðurinn sterkur inn þar sem þetta er illa framkvæmanlegt án stýringa og sjálfvirkni.“

Snjallvæðingin geri það þó að verkum að allir þurfi að vera á tánum, ekki einungis þau sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnu- markaðinn. „Það er mikið talað um að ekki séu til þau störf í dag

sem verði til þegar ungt fólk í dag kemur út á vinnu- markaðinn og fer að vinna, það segir manni þá bara það að þeir sem eru á vinnu- markaði í dag þurfa að vera á tánum til að halda í þá þróun.“

Það hafi raunar aldrei verið jafn áriðandi að viðhalda og bæta við þekkingu sína og kunnáttu eins og núna, í hringið fjórðu iðnbyltingarinnar.

„Þar kemur endurmenntun sterk inn til að starfandi rafíðnaðarmenn verði tilbúnir í þessi nýju störf. Við erum í miðri fjórðu iðnbyltingunni og vitum ekkert hvert tæknin er að taka okkur, og því er ljóst að endurmenntun er ekki síður mikilvæg á þessum tímum sem við lifum en hingað til.“

RAFMENNT er á Stórhöfða 27. Sími 540 0160. Sjá rafmennt.is

# UT messan

MIÐVIKUDAGUR 5. FEBRÚAR 2020

Kynningar: Uniconta, Cubus, Spektra



Erik Damgaard hefur komið víða við á löngum og glæsilegum ferli. Síðustu ár hefur hann unnið að því að þróa og selja bókhaldskerfið Uniconta þar sem þarfir viðskiptavinarins eru í fyrirrúmi.

## Lifandi goðsögn í Hörpu

Það er óhætt að fullyrða að Erik Damgaard sé goðsögn í hugbúnaðarheiminum. Hann hefur verið í bransanum í rúm 30 ár og á heiðurinn af Uniconta bókhaldskerfinu sem slegið hefur í gegn. ➔2





Erik Damgaard segir mikilvægt fyrir frumkvöðla í hugbúnaðarheiminum að vera vakandi fyrir tækniþýðingum.

Ég hef verið að vinna í bókhaldskerfum síðan 1984 þannig að ég hef verið að búa til hugbúnað allt mitt líf. Ég stofnaði fyrirtæki þá og bjó til mörg bókhaldskerfi, lítil sem stór, og svo seldi ég Microsoft fyrirtækið mitt,“ segir Erik sem komst þar með á lista yfir milljarðamæringa.

### Skrifað í skýin

„Síðar þegar tölvuský komu fram á sjónarsviðið voru það fyrst um sinn bara lítil sprotafyrirtæki sem gerðu bókhaldskerfi sem skýjalausn, stærri fyrirtækin voru ekki byrjuð í þeim. Svo ég ákváð árið 2014 að skrifa nýtt bókhaldskerfi fyrir millistór fyrirtæki, sem eru svipuð fyrirtæki og ég þjónaði í gamla daga, með þremur eða fleiri starfsmönnum og með aðeins flóknari þarfir en einungis fjárhagsbókhald.“

Það sem vakti athygli mína var að skýjalausnir voru eiginlega bara fyrir bókhald, en ekki aðra þætti viðskiptalausna, það var engin birgðastýring til dæmis eða framleiðsla, þetta var í raun ekkert annað en fjárhagsbókhald og nóg af því fyrir á markaðnum,“ útskýrir Erik.

„Svo að ég tók ákvörðun um að miða hærra og úr varð Unicon. Ég byrjaði á því árið 2014 og fyrsta útgáfan kom út árið 2016. Það var um það leyti sem Ingvaldur frá Íslandi heyrði af þessu verkefni mínu og kom til Danmerkur og við ákváðum að búa líka til íslenska útgáfu sem var sett á laggirnar árið 2017. Síðan þá höfum við verið að þróa kerfið, vinna að markaðssetningu og stækka viðskiptavinahópinn.“

### Tækniþýðingum heillað

Strax í æsku mátti greina áhugasvið Eriks. „Þegar ég var barn var ekki mikið um upplýsingatækni (IT) en ég hafði mikinn áhuga á raftækjum. Ég man eftir að hafa búið til mitt eigið hljóðkerfi, með magnara og kraftmiklum hátölurum. Og útvarp og allan pakkann. Þarna sat maður tímum saman með með þessar litlu einingar að setja þær saman og byggja dót,“ rifjar hann upp.

„Svo tók ég tímabil þar sem ég

var mikið að vinna í vespum (e. moped), sem maður gat keypt 15 ára og hámarkshraði var 30 km. Það var hægt að breyta þeim svo að þær kæmst mun hraðar en það var ólöglegt. Okkur var alveg sama svo við breyttum þeim og fórum miklu hraðar,“ segir Erik og hlær.

„En ég hef alltaf haft mikinn áhuga á tækni, hvort sem það er hugbúnaður eða vélar, eins og áður fyrr. Ég endaði svo á að fara í verkfræði, fór svo fljótlega út í hugbúnað og eftir útskrift stofnaði ég einfaldlega mitt eigið fyrirtæki, þannig að segja má að ég hafi verið í hugbúnaði allt mitt líf.“

### Fyrst og fremst frumkvöðull

Erik bjó í Bandaríkjunum á seinni hluta tíunda áratugarins þar sem hann starfaði fyrir hugbúnaðarísann Microsoft. Hann segir dvölina hafa verið ánægjulega. „Það var fullkomlið að búa þar. Ég bjó á frábærum stað í Seattle og vann í tæp tvö ár fyrir Microsoft. Það var auðvitað mjög fróðlegt að vera innanborðs í svona stóru tækni-fyrirtæki. En á hinn bóginn, ef þú ert vanur því að reka þitt eigið fyrirtæki, sem er minna og þar sem þú getur verið dálítið erfitt að starfa í stóru fyrirtæki vegna þess að þú getur ekki gert það sem þig langar til að gera.“

Reynslan var þó bæði dýrmæt og lærdómsrík. „Það sem ég lærði um sjálfan mig var að ég er miklu meiri frumkvöðull, ég er hrifinn af minni fyrirtækjum þar sem þú ert með hugmynd og kúlur á hana. Þannig að ég stoppaði stutt og fór og stofnaði aftur mitt eigið fyrirtæki.“

### Straumhvörf í hugbúnaði

„Þegar ég byrjaði árið 1984 snerist allt um að selja einhverja diska og að dreifa hugbúnaði á því formi. Svo seldi maður upp færslur sem voru settar upp hjá viðskiptavinum. Svona var hugbúnaður seldur alveg til ársins 2000 en upp úr aldamótum fór iðnaðurinn smám saman að breytast,“ skýrir Erik frá.

„Þá ákváðu einhverjir að hætta að nota diska og selja þá aðgang að gagnþjónum í gegnum hýsi-

„Þetta er ekki beinlínis eitt afrek, heldur frekar röð afreka, að mér hafi tekist, í öll þessi 35 ár í hugbúnaðarheiminum, að koma sífellt auga á nýja tækni, nýjar stefnur, og að búa þannig til hugbúnað sem mætir nýjustu kröfum viðskiptavina.“

þjónustu og þá fékkstu aðgang í gegnum vafra eða önnur forrit, svo borgarðu bara mánaðargjaldið.“

Hægt og rólega breyttist hugbúnaðarbransinn úr því að kaupa og selja diska með hugbúnaði yfir í það að tengja viðskiptavinum við áskriftir. Kostirnir við þetta eru að viðskiptavinirnir þurfa ekki að skuldbinda sig eða borga háar upphæðir fyrirfram, né hugsa um vélbúnað eða upp færslur. Þetta olli miklum breytingum í bransanum vegna þess að núna þurfti ekki bara að dreifa einhverjum diskum eða niðurbrotum, núna var farið að hýsa og keyra hugbúnað,“ segir Erik.

„Ef þú vildir, fyrir 10-20 árum, eiga þinn eigin hugbúnað, þá þurftirðu að setja upp eigin netþjón, fara út að kaupa hann og fá sérstakt fólk til þess að setja hann upp. Núna er internetið svo öflugt þannig að, líkt og við erum að gera hjá Unicon, þú getur bara farið á netið og skráð þig sjálfur og þá er þetta komið og þú getur byrjað að nota það.“

Ef þú ert með olíukyndingu í húsínu þínu þarftu að hringja í einhvern til að fylgjast með en ef þú ert með hitaþing, eins og á Íslandi, þá þarftu ekki að gera neitt, bara skrúfa frá heita eða kalda vatninu,“ segir Erik hlæjandi. „En hér í Danmörku erum við ekki með það neðanjarðar, núna notum við skilvirkari leiðir en ég man að heima hjá ömmu minni var kynt með olíu og stundum þurfti einhver að koma og gera við. Núna í nýju íbúðinni minni í Kaupmannahöfn þarf enginn að

koma, ég er bara með hitara og kveiki og slekk á. Þetta er dálítið eins með hugbúnaðinn.“

### Notendavænt og nútímalegt

Erik segir bókhaldskerfi Uniconna sniðið að þörfum viðskiptavinarins. „Annar hvern mánuð til dæmis upp færur við netþjónana með kerfisupp færslum og viðbótum, svo þú færð sjálfkrafa aðgang að nýjum möguleikum og þarft ekki að hugsa neitt annað en einfaldlega bara að nota hugbúnaðinn. Áður fyrr þurftirðu að hugsa: Hver er að taka afrit, hvenær er netþjónninn fullur, hvenær ætti ég að uppfæra? Þú þurftir að viðhalda öllu sjálfur.“

Núna vilja mörg fyrirtæki nota svona bókhaldskerfi en vera bara notendur, ekki sjá um viðhald heldur bara nota og borga einhverjum fyrir að sjá um allt hitt. Þegar þú borgar áskriftargjaldið borgarðu fyrir notkun á hugbúnaðinum, en líka fyrir umsjón okkar með netþjónunum ásamt afritum og upp færslum. Þetta er svo auðvelt fyrir viðskiptavininn og notendavænt.“

Þá er kerfið einstaklega öruggt. „Fólk hugsar gjarnan að þetta hljóti að vera öruggt vegna þess að þetta er í skýinu, sem það auðvitað er. Það er stöðugt eftirlit með kerfinu, það er sett upp af sérfræðingum og við fylgjum iðrustryggisreglum. Við erum með allan rétta búnaðinn til þess að tryggja öryggi og þetta er í gagnaveri sem er undir stöðugu eftirliti. Öryggið snýr líka að gögnum, að þau séu afrituð á hverjum degi, og svo erum við með vinnslu sem afritar allt sem er skráð inn yfir daginn þar sem fylgst er með öllum breytingunum sem gerðar eru,“ segir Erik.

„Svo er öryggiskerfið keyrt áfram með varaafgjafa svo þú tapir ekki gögnum. Sjáðu til, ef þú ert með þúsund fyrirtæki og hvert þeirra er með sinn eigin netþjón, getur margt hæglega farið úrskeiðis á öllum þessum stöðum. Við erum bara með einn netþjón, eina uppsetningu, og erum með sérfræðinga sem sjá um að setja þetta upp á réttan hátt svo það sé öruggt. En eins og með allt annað. Ef lykilorðið sem þú notar er of

stutt eða eitthvað svoleiðis er hægt að hakka þig, bara rétt eins og með heimabankann eða hvar sem þú þarft að skrá þig inn – ef einhver stelar lykilorðinu þínu getur viðkomandi komist inn. Þú verður að nota örugg lykilorð. Löng og almennileg lykilorð.“

Við bjóðum upp á ýmislegt, eins og takmörkun á IP-tölum, ef fyrirtæki vill koma í veg fyrir að hægt sé að skrá sig inn utan fyrirtækisins geta þau komið í veg fyrir það og einungis samþykkt aðgang frá tilteknum IP-tölum.“

### Velgengnin röð afreka

Þegar Erik er spurður að því hvert sé hans helsta afrek á ferlinum stendur ekki á svörum. „Að ná að vera í bransanum öll þessi ár. Þetta er ekki beinlínis eitt afrek, heldur frekar röð afreka, að mér hafi tekist, öll þessi 35 ár í hugbúnaðarheiminum, að koma sífellt auga á nýja tækni, nýjar stefnur, og að búa þannig til hugbúnað sem mætir nýjustu kröfum viðskiptavina. Að vera með puttann á púlsinum allan þennan tíma. Annars sérðu hugbúnaðarfyrirtæki spretta upp og svo hverfa, hvert á fætur öðru. Vegna þess að þau eru með hugmynd, ná ákveðnu hámarki og fara svo af markaðnum. Það sem mér hefur tekist að gera alla tíð er að fylgjast vel með nýjungum.“

Ég hef heyrt það margoft,“ segir Erik og skellir upp úr þegar hann er spurður að því hvort hann geri sér grein fyrir því að hann sé talinn goðsögn í hugbúnaðarheiminum. „Ég flyt líka oft ræður, fæ margar spurningar og er borinn saman við þann sem er á undan en það er allt í lagi, ég hef verið í þessum bransa alla mína ævi og er vissulega sérfræðingur og goðsögn vegna þess að margir byrja í bransanum og fara út jafnóðum en mér hefur tekist að halda mér á toppnum. Jafnvel þó að ég hafi sett á laggirnar kerfi árið 1984 sem naut velgengni þá get ég gert það sama núna 30 árum síðar og aftur gengið vel, það er eitthvað sem fólk tekur eftir og hugsar með sér: Vá, þér tókst þetta aftur, jafnvel svona mörgum árum seinna, að búa til nýjan hugbúnað og að fá fólk til að nota hann.“

Cubus býður einfaldar og notendavænar lausnir í samstarfi við Jet Global til að veita öllum fyrirtækjum tækifæri til að taka gagnadrifnar ákvarðanir.

**Þ**á getur reynst bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að ná utan um rekstrargögn fyrirtækja til að veita stjórnendum nauðsynlega yfirsýn yfir reksturinn. Þróun og uppsetning gagnafleðis, með flóknum samþættingarverkfærum, krefst oft mikillar sérþekkingar og sú algenga aðferð að safna saman gögnum með því að afrita þau handvirkt beint úr kerfum er bæði tímafrek og skapar villuhættu. Því hefur mörg lítil og meðalstór fyrirtæki skort möguleika á einföldu aðgengi að upplýsingum um sinn rekstur,“ segir Jóhann Örn B. Benediktsson, ráðgjafi hjá Cubus.

Nú sé hins vegar gerð bragarbót á því.

„Með Jet Global er loksins komin einföld lausn sem veitir beint aðgengi að gögnum í bókhaldskerfinu með notendavænum verkfærum sem einfalda greiningar- og skýrslugerð. Lausnir Jet Global henta öllum stærðum fyrirtækja en Jet býður upp á mismunandi einingar, allt frá viðbótum í Excel yfir í miðlægt vöruhús gagna með tilbúnum greiningarmódelum,“ upplýsir Jóhann.

#### Jet Global fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Lausnirnar frá Jet Global hafa notið mikillar velgengni um allan heim, sérstaklega í Microsoft Dynamics-heiminum og nú hefur fjöldi fyrirtækja á Íslandi bæst í þann hóp.

„Cubus hefur verið samstarfsaðili Jet Global frá árinu 2015 og býður upp á notendavænar lausnir fyrir skýrslugerð, greiningar og áætlanagerð. Jet Reports-skýrslugerðarkerfið þeirra kom út árið 2005 og er nú í notkun í um 15 þúsund fyrirtækjum í 94 löndum,“ upplýsir Jóhann. „Fyrir rúmu ári kynntu þeir svo áætlanatílið Jet Budgets, sem einfaldar áætlanagerðarferlið og hefur náð miklum vinsældum á stuttum tíma.“

#### Óþarfi að útiloka Excel

Jóhann segir þekkt að mörg fyrirtæki hafi eytt miklum tíma í að reyna að komast hjá Excel vegna þess að útgáfu- og aðgangsstýringar Excel hafi reynst stjórnendum mikill höfuðverkur.

„Í Excel eru á hverjum degi vistaðar margar útgáfur af sama skjalinu og erfitt að halda utan um hver nýjasta útgáfan er, noti fleiri en einn sama skjalið. Jet Reports er hins vegar viðbót í Excel og því fer öll vinnsla gagna og skýrslugerð fram í gegnum Excel en skjalið uppfærast í miðlægum gagnagrunni. Þar sem allir sem vinna með það geta verið vissir um að nýjasta útgáfan sé ávallt tiltæk. Þar að auki er mjög góð aðgangsstýring á gögnunum. Þessi tilhögun eyðir þörfinni fyrir að vista skýrslur á vinnutölvunni, þar sem gögnin eru vistuð miðlægt og eru aðgengileg hvenær og hvar sem er,“ segir Jóhann og bætir við: „Með því að nýta eiginleika Jet Reports er því hægt að útiloka flest vanda-mál sem stjórnendur upplifa með notkun Excel, án þess að þurfa að læra á nýtt viðmót.“



Jóhann Örn B. Benediktsson er ráðgjafi hjá Cubus sem sérhæfir sig í ráðgjöf í viðskiptagreind og áætlanagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Náðu beinu sambandi við gögn fyrirtækisins

**Með Jet Global er loksins komin einföld lausn sem veitir beint aðgengi að gögnum í bókhaldskerfum með notendavænum verkfærum.**

#### Aldrei aftur copy/paste

Viðskipta- og fjárhagsmódel, sem þegar hafa verið smíðuð hjá fyrirtækjum, nýttast áfram og með Jet Reports verða módelin lifandi með beinni tengingu við fjárhagskerfið. Menn geta því verið vissir um að vinna alltaf með nýjustu tölur og afritunaræfingar með „copy/paste“ eða leit að tölum í gagnagrunni er ekki lengur þörf.

„Við heyrum gjarnan á mörgum stjórnendum að þeir séu þreyttir á því að afrita gögn úr bókhaldskerfinu í hvert skipti sem þeir fara í skýrslu- eða áætlanagerð. Alltaf þegar uppfæra þarf skýrslu þarf að sækja nýjustu tölur úr bókhaldskerfinu og bæta þeim við skjalið en með því að tengja skjalið við gagnagrunninn verður sú endurtekna vinna úr sögunni. Einungis þarf að setja upp tenginguna einu sinni og þá verður skjalið alltaf lifandi,“ upplýsir Jóhann.

#### Áætlanagerfi með notendavænu viðmóti

Jet Budgets er frábær viðbót við Jet Reports og er viðmótið með einfaldasta móti, en aðeins örskamma stund tekur að læra á lausnina.

„Áætlanagerðin er sett upp í gegnum miðlægt vefsvæði sem er aðgangsstýrt eftir hlutverkum starfsmanna. Bæði er hægt að slá inn áætlanatölur í gegnum vefviðmótið eða með Excel í gegnum Jet Reports þar sem hægt er að keyra út alla liði áætlanna. „Þegar áætlun er fyllt út í Excel vistast breytingar sjálfkrafa inn í kerfið og því er engin þörf á því að eiga margar útgáfur af skjalinu. Það eyðir líka þörfinni á því að fá einn stjórnanda til að móttaka mörg Excel-skjöl og samþætta öll skjölin sem sendast frá mismunandi starfsmönnum. Þeir sem koma að áætluninni vista einungis áætlanatölur sínar á miðlæga grunninum. Þá fær sá sem stjórnar áætlanaferlinu meldingu, þar sem hann getur farið inn og samþykkt, hafnað eða breytt tölunum,“ útskýrir Jóhann.

„Jet Budgets er öflug lausn sem hefur þann eiginleika að geta tengt áætlanagerfið beint við Excel og því geta skjöl sem áður hafa verið nýtt þræðst saman við áætlunina. Einnig er hægt að setja upp sjálfvirkar áminningar í gegnum tölvupóst til starfsmanna sem eiga eftir að skila inn sínum áætlanatölum. Þannig sparast mikil vinna hjá fjármálastjórum við að reka á eftir áætlunum við deildar- eða sviðsstjóra, ef fyrirtækið er deildaskipt,“ segir Jóhann.

#### Vöruhús gagna og teningar með hámarks sjálfvirkni

Þegar umfang og flækjustig gagna er komið upp að ákveðnu marki, og margir notendur þurfa að hafa greiddan aðgang að rekstrarupplýsingum, getur verið skynsam-

legt að byggja upp vöruhús gagna. Þar býður Jet Global upp á Jet Analytics, frábæra lausn sem nýtir hámarks sjálfvirkni við uppbyggingu og rekstur vöruhúss gagna og greiningarteninga.

„Jet Global er í samstarfi við TimeXtender sem hefur þróað samnefnda vöruhúsalausn síðastliðin fjórtán ár og hjálpað fjölmörgum fyrirtækjum að spara mikinn tíma og þróunarkostnað, sem oft hefur reynst þungur baggi þegar notuð eru hefðbundin gagnauðrvinnslutól. Með Jet Analytics er því hægt að fá tilbúin vöruhús gagna ásamt teningum fyrir bæði Dynamics Nav og AX og sem fljótlegt er að setja upp,“ segir Jóhann.

Hann bætir við að yfir 80 skýrslur og mælaborð séu tilbúin til notkunar og fylgi með í kaupum eða leigu á kerfinu.

„Þannig geta fyrirtæki gengið beint í greiningarvinnu, hratt og auðveldlega án mikillar fyrirhafnar. Einfalt er að setja upp tengingar við gagnagrunna og ná þannig saman gögnum úr ólíkum kerfum á einn stað.“

#### Námskeið hjá Cubus

Hjá Cubus hefur staðið yfir undirbúningur við að bjóða nýjum við-

skiptavinum að sækja námskeið hjá ráðgjöfum Cubus í skýrslu- og áætlanagerð.

„Það er mikið sótt til okkar varðandi slíka ráðgjöf. Við munum halda ítarleg námskeið í notkun lausnanna og einnig gefa okkar innsýn varðandi „bestu handtökin“ í þeim málum. Þá höfum við skipulagt örnámskeið sem haldin verða í hádeginu, þar sem boðið verður upp á hádegismat, og þeim sem vilja gefinn kostur á að koma og kynna sér kerfin betur,“ segir Jóhann. „Nú þegar geta fyrirtæki fengið prufuadgang þar sem til dæmis Jet Reports er sett upp og lausnir prófuð án allra skuldbindinga.“

Hjá Cubus starfa sérfræðingar í viðskiptagreind, fjárhagsgreiningum og áætlanagerð með mikla reynslu og þekkingu úr hugbúnaðar- og viðskiptageiranum.

Allar nánari upplýsingar á [cubus.is](http://cubus.is) eða hjá starfsmönnum Cubus.

**cubus**



**JET GLOBAL**  
an **insightsoftware** company



**Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri Spektra, segir að nýlega hafi komið uppfærsla á WorkPoint hugbúnaðinn sem auðveldar mjög utanumhald og skipulagningu á Microsoft Teams lausninni.**

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

# Komdu skipulagi á Teams

Spektra býður upp á WorkPoint, sem er vinsæll danskur hugbúnaður sem byggir á SharePoint og Office 365. Workpoint hugbúnaðurinn getur komið skipulagi á Microsoft Teams lausnina.


Spektra er Microsoft ráðgjafarfirmi með 12 starfsmenn sem hefur verið starfrækt frá árinu 2013.

„Við bjóðum upp á tilbúna lausnir, sérlausnir og ráðgjöf í Microsoft lausnum,“ segir Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri Spektra. „Meðal tilbúinna lausna er WorkPoint, sem er danskur hugbúnaður sem byggir á SharePoint og Office 365. WorkPoint býður upp á alls kyns möguleika sem geta auðveldað yfirlit og skipulag á ýmsan hátt, svo sem fullbúna skjalavistun, verkefna- lausn, málaskrá, samningaumsjón og funda- og stjórnargátt.“

Í dag nota um 40 fyrirtæki og stofnanir á Íslandi WorkPoint. Meðal þeirra eru fyrirtækin Arion banki, CRI, Domino's, Efla verkfræðistofa, Fiskistofa, Landsvirkjun, LS Retail, Norðurál, Norðurorka, Veðurstofan og VSÓ Ráðgjöf,“ segir Þór. „Það eru því ýmis stór, reynd og umsvifamikil fyrirtæki sem nýta sér þessa gagnlegu lausn.“

## WorkPoint og Teams

„Nýlega kom uppfærsla á WorkPoint hugbúnaðinn sem auðveldar utanumhald og skipulagningu á hinni vinsælu Microsoft Teams lausn,“ segir Þór. „Þar er meðal annars hægt að stjórna miðlægt hvaða lýsigögn séu á skjölum og gögnum. Þá er einnig hægt að stýra því hvaða flípar stofnast og hvaða gögn birtast þar undir hverju Teams svæði.“



**WorkPoint býður upp á ýmsa notkunarmöguleika sem bæta yfirsýn og veitir miðlæga stjórn, sem auðveldar meðal annars skipulag og utanumhald skjalasafna. Í dag nota um 40 fyrirtæki og stofnanir á Íslandi WorkPoint.**

Í WorkPoint er sett upp eining sem getur falið í sér bæði samþykktarferli og búið upp á öll lýsigögn á Teams svæðum. Einingin gefur manni því yfirsýn yfir öll Teams svæði, hverjum þau tilheyrja og hvernig þau flokkast,“ segir Þór. „Það er svo hægt að uppfæra uppbyggingu lýsigagna skjalasafns miðlægt í Teams, þannig að það er til

dæmis hægt að bæta við nýrri tegund lýsigagna einu sinni og þá skilar breytingin sér í öll núverandi skjalasöfn og þau sem verða stofnuð í framtíðinni. Þessi miðlæga stjórn auðveldar mjög skipulag og utanumhald skjalasafna.“

Með því að nota WorkPoint Express viðbótina í Outlook er svo leikur einn að vista tölvu-

pósta inn á Teams og láta þá birtast þar í flípa,“ útskýrir Þór.

## Tengingar við bókhaldskerfi og tímaskráningu

„Við gerum líka mikið af því að tengja WorkPoint við bókhaldskerfi,“ segir Þór. „Þegar kerfin hafa verið tengd saman flæða upplýsingar um viðskiptavinum, birgja og samstarfsaðila frá bókhaldskerfi

**WorkPoint býður upp á alls kyns möguleika sem geta auðveldað yfirlit og skipulag á ýmsan hátt, svo sem fullbúna skjalavistun, verkefna- lausn, málaskrá, samningaumsjón og funda- og stjórnargátt.**

yfir í WorkPoint. Þá er hægt að sjá á einum stað allar upplýsingar um fyrirtækin, öll verkefni, samninga og skjöl.“

Með því að tengja WorkPoint svo við tímaskráningu fáum við stöðu verkefna miðað við áætlun,“ segir Þór. „Þannig geta verkefnastjórnar meðal annars séð viðvör- unarmerki ef verkefni eru í hættu á að fara yfir á tíma.“

Við bjóðum líka upp á fleiri tilbúna lausnir, meðal annars gæðahandbækur fyrir fyrirtæki sem leggja þeim línurnar til að setja upp verklagsreglur, gátlista, eyðublöð og ferla, ásamt því að gera þeim kleift að setja upp samþykktar- og rýniferli,“ segir Þór. „Við bjóðum líka upp á innri vefi og innri og ytri úttektir. Svo erum við með kennslustofu þar sem við bjóðum upp á námskeið í öllum helstu lausnum í Office 365.“

# ÚTSALAN

## Í FULLU FJÖRI

Full búð af spennandi útvistarvörum



**30-50%**  
afsláttur

**icebreaker<sup>®</sup> MERINO**

100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

Einnig fánleg í barnastærðum



**OSPREY BAKPOKAR**



**30-50%**  
afsláttur

Hágæða bakpokar  
Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar  
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

**30%**  
afsláttur



**FERRINO**



Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar broddar ofl. frá GSI, Ferrino og Veriga með góðum afslætti



Bellamont Gaia, dómu  
fullt verð 29.990 kr.

**50%**  
afsláttur

útsölu verð  
**12.495 kr.**

Bellamont Mid3 Plus, herra  
fullt verð 29.990 kr.

útsölu verð  
**14.995 kr.**



**GÖNGUSKÓR OG SANDALAR**



**30-50%**  
afsláttur



**30-50%**  
afsláttur

**FERRINO**

Allar **GRIVEL** og **singing rock** vörur með góðum afslætti



**30%**  
afsláttur

PeakPerformance<sup>®</sup>

Afsláttarborðin verða að sjálfsgöðu á sínum stað með enn betri kjörum!

# GG-sport

Opið virka daga  
frá 10-18



Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • [www.ggsport.is](http://www.ggsport.is)



Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

## Bílar & Farartæki

### Aukahlutir í bíla



**Demparar**  
- Styrkur  
- Ending

- Fyrir:
- Fólksbíla
  - Jeppa
  - Vörubíla
  - Flutningabíla
  - Rútur



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000. [www.afvelar.is](http://www.afvelar.is)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**  
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.  
Uppýsingar í síma 868-2055

### PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Hreingerningar

#### VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Bókhald

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK, Laun. Gott verð, góð þjónusta. KH bókhald sími 623 2843.

## Ræstingar

**FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.**  
Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Ódýr og góð þjónusta.

FMJ Þrif ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða [raesting2010@yahoo.com](mailto:raesting2010@yahoo.com)

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

### Húsviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

#### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

## Önnur þjónusta

**STARFSMENN**  
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannaþjónusta  
**551 5000**  
[proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
[www.proventus.is](http://www.proventus.is)

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)

Opið mán - fös 11-16,  
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Til leigu lítil stúdíóbúð í 200 kóp. sér inn. lítið eldhús, rafmagn, hiti og internet innfalið í leiguverði. Verð 135 þús á mánuði. Uppl. s:699-5552

3ja herbergja íbúð í Þingholtunum með innbúi til leigu, er laus strax. Uppl. í síma 861-6841.

### Atvinnuhúsnæði

#### FRÍSTUNDBIL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m<sup>2</sup> bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði



[www.velvik.is](http://www.velvik.is)

**NEMI Í RENNISMIÐI / AÐSTODARMANNAVERKSTÆÐI.**


Vélvík ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði.

Viðkomandi þarf að hafa bílþróf. Einnig getum við bætt við nema í rennismiði.

Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar gefa Magnús eða Daniel í síma 5879960.

Einnig má senda netpóst á [velvik@velvik.is](mailto:velvik@velvik.is)



558 5858  
[spanarheimili.is](http://spanarheimili.is)

**Spánarkynning alla helgina**  
Laugardag • Sunnudag  
**13:00 - 17:00**  
Verzlunarmiðstöðin Fjörður, Hafnarfirði  
2. hæð á skrifstofu Spánarheimila

Kaupferlið

Leigumöguleikar

Vildarklúbbur

Fjármögnun

Friar Skoðunarferðir

Afpreying

Rekstur eigna

Búseta á Spáni

Golf

## Þarf fjárfestingasjóði fyrir næstu skref nýsköpunarfyrirtækja

Nýsköpunarumhverfið á Íslandi er gott fyrir fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref, að mati Guðmundar. „Fjárfestingasjóðurinn Frumtak fjárfesti fyrst í fyrirtækinu árið 2011 og hefur fylgt fjárfestingunni eftir með því að taka þátt í hlutfjárukningum. Aðrir sam-bærilegir fjárfestar eru Brunnur, Crowberry og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.

Vandinn er hins vegar svolítið sá að þegar sprotafyrirtækin hafa stækkað – eins og raunin er með Controlant – er ekki til staðar fjárfestingasjóður sem getur lagt fyrirtækjum til einn til þrjú milljarða króna eins og mikið er um erlendis. Oft hafa nýsköpunarfyrirtækin sýnt fram á að það sé markaður fyrir hendi fyrir þjónustuna eða vöruna en þau vantar aukið fjármagn til að vaxa og selja til viðskiptavina á alþjóðlegum mörkuðum. Fyrir-

tækin eru því ekki enn farin að skila hagnaði og hefðbundnir fjárfestingasjóðir gefa þeim því ekki gaum. Það eru held ég mikil tækifæri fyrir rekstraraðila sjóða og lífeyrissjóði að koma á laggirnar stærri nýsköpunarsjóðum sem fjárfesta á þeim tíma í líftíma fyrirtækja. Það eru mörg spennandi fyrirtæki á Íslandi sem áhugavert væri að fjárfesta í og eiga möguleika á að ná langt. Stóru vaxtartækifærin liggja oft í fyrirtækjum sem byggja á hugviti en ekki auðlindum.

Í ljósi þess að við gátum ekki leitað til fjárfestingasjóða hérlendis leituðum við til fjársterkra einstaklinga og fjárfestingafélaga sem eru ótengd lífeyrissjóðum. Langmest af fjármagninu hefur verið sótt innanlands en við erum einnig með nokkra erlenda hluthafa. Það kemur til vegna þess að Íslendingur

í hluthafahópnum kynnti félagið fyrir sínum tengiliðum. Það eru verðmæti fólgin í því að vera með erlenda hluthafa því eins og í okkar tilviki hafa þeir þekkingu á því að selja til stórra fyrirtækja á erlendum mörkuðum. Þeirri þekkingu er svo miðlað til okkar,“ segir Guðmundur.

Á meðal hluthafa Controlant eru meðal annars sjóðir Frumtaks, sem og aðilar sem þekkja lyfjaiðnaðinn vel eins og Hreggviður Jónsson, eigandi Veritas, Bessi Gíslason lyfjafræðingur og Ingi Guðjónsson, stjórnarformaður og einn eigenda Lyfju. Samkvæmt hluthafalista ársins 2018 er líka félag á vegum Kjartans Gunnarssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, og Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, meðal hluthafa.

veður af því hvað það væri mikið skriffræði hjá þessum tæknifyrirtækjum. Okkar var sagt að meirihlutinn af tímanum færi í skriffinnsku í stað þess að vinna hörðum höndum að því að þróa tækni.

Þá ákváðum við að þróa eigin vöru. Kennari, sem síðar tók þátt í stofnun Controlant, benti okkur á að þróa þráðlaus skynjara. Við unnum að þeirri lausn í þrjú ár samhliða námi og ákváðum svo að stofna fyrirtækið árið 2007.

Rúsínan í þessu andanum er að við fengum þessa fordóma fyrir skriffræði beint í bakið því nú erum við örugglega það tæknifyrirtæki sem er með hvað stífustu ferlana og mesta skriffræði af öllum hér á landi. Í lyfjageiranum þarf allt að vera skjalfest. Stjórnendur í lyfjageiranum, sem eru öllum hnútum kunnugir hvað varðar skriffræði, hafa afar gaman af þessari sögu.“

### Svinaflensan áhrifavaldur

*Hvernig sáuð þið fyrirtækið fyrir ykkur í upphafi?*

Gísli: „Við vorum ekki með skýra viðskiptaáætlun til að byrja með. Okkur langaði fyrst og fremst að þróa tækni. Fyrsta hugmyndin var að þróa þráðlaus þrýstiskynjara í dekk fyrir breytta jeppa en það var ekki hægt að byggja upp fyrirtæki í kringum þann litla markað. Skömmu síðar áttuðum við okkur á því að matvælagæirinn hafði þörf fyrir að hitastig matvæla væri vakt. Við lögðum því allt kapp á þann markað.

Það urðu hins vegar straumhvörf í því hvert fyrirtækið stefndi í kjölfar svinaflensufaraldursins árið 2009. Landlæknisembættið brá á það ráð að kaupa bóluferni fyrir alla landsmenn og auknu fé var varið í að vakta með hvaða hætti bóluferni voru geymd. Ef bóluferni eru ekki geymd við rétt hitastig missa þau virkni sína.

Þá vorum við við það að ýta úr vör fyrstu útgáfunni af lausninni okkar sem vakti geymslu fyrir matvæli. Fyrsti fjárfestir Controlant, Bessi Gíslason sem rak um árabíl apótekið Lyfjaver, kom á fundi fyrir okkur við söttvarnalækni. Hann ákvað að nýta okkar lausn til að fylgjast með bóluferninu í rauntíma. Við urðum að hringja í hjúkrunarfræðinga á öllum tímum sólarhrings og biðja þá um að loka hurð að kælisráð eða stilla hitann betur. Misbrest við geymslu á lyfjum má yfirleitt rekja til einfaldra mannglegra mistaka.

Þetta verkefni opnaði augu okkar fyrir því hvað geymsla á lyfjum er viðkvæm. Flest bóluferni verða til dæmis að vera geymd við tvær til átta gráður. Annars skemmast flest bóluferni. Að hafa aðgengi að réttum gögnum á réttum tíma getur því skipt sköpum.

Frá þeim tíma horfðum við til þess að vikka vöruframboðið og vakta líka lyf í flutningi. Það bera ólíkir aðilar ábyrgð á lyfjum á hverjum tíma. Það getur verið framleiðandi, flutningsaðili, heildsali eða smásali. Með okkar lausn eru allir í kedjunni meðvitadur um hvar eitthvað fór úrskeiðis og fara ekki að þratta um hver beri ábyrgðina og í flestum tilfellum er hægt að

koma í veg fyrir að tjón verði.

Okkur tókst að minnka soun á lyfjum um 70 prósent á Íslandi og höfum að spurja okkur: Hvað ef við tókum þessa aðferðafræði og beitum henni á stóran skala? Munum við ná sama árangri? Þetta er til mikilla bóta fyrir sjúklinga sem taka lyfin enda grundvallatriði að þau virki eins og til er ætlast. Til að setja þetta í stærra samhengi þá nemur áætluð soun vegna hitastigsfrávika á lyfjum um 35 milljörðum dollara á heimsvísu á ári. Áætlað er að allt að 35 prósent af bólufernum skemmist í flutningi eða geymslu. Þetta eru vandamál sem okkar lausn tæklar og hefur sýnt mikinn árangur, okkar stærsti viðskiptavinur hefur ekki þurft að farga einni einustu sendingu sem við höfum vakt.

Fyrst hófum við að selja í Danmörku, því næst Bretlandi og loks til Bandaríkjana. Nú erum við með um 200 viðskiptavinum og lausnin er notuð í yfir 150 löndum.“

### Nýjung í lyfjageiranum

Gísli segir að um hafi verið að ræða nýjung fyrir lyfjageirann. Lyfjafyrirtæki hafi ekki verið að vakta lyf í rauntíma heldur hafi þurft að stinga USB-minnislykli með hitamæli í samband eftir að lyf hafi verið vakt. Við flutningi í einhverja daga eða vikur til að sjá hvernig til tókst. „Það var verið að þróa ýmsar lausnir í líkingu við okkar á þeim tíma en þetta var alveg nýtt fyrir lyfjageirann. Lausn Controlant hefur alla tíð verið þráðlaus og mannshöndin þurfti hvergi að koma nærri við að safna gögnum. Allt sjálfkrafa.

Það, að um var að ræða nýjung, hafði engu að síður í för með sér að lyfjageirinn var ekki tilbúinn til að taka lausnina upp á sína arma. Á þeim tíma var hann ekki að nýta skýjalausnir og því ekki reiðubúinn að nýta tækni í rauntíma. Það voru eingöngu allra framsæknustu fyrirtækin sem treystu sér til að nýta nýjustu tækni. Þau sáu ekki eftir því. Við erum stolt af því að allir af okkar fyrstu viðskiptavinum eru enn hjá okkur.

Fyrir um þremur árum tók lyfjaiðnaðurinn að vakna til vitundar um tæknina, fyrir tveimur árum hófu stjórnendur virkilega að kortleggja stefnu um að færa sig í skýið og fyrir ári síðan sögðu allir heldu stjórnendur í lyfjageiranum að það væri kominn tími til að nýta nýja tækni til að vakta lyf.

Það hefur haft í för með sér að við erum tæknilega fremst á markaðnum, með lausnina tilbúna og með reynslu af lyfjageiranum. Við erum því augljós samstarfsaðili lyfjafyrirtækja á þessu sviði.“

### Tveimur árum á undan

*Eruð þið komnir lengra á leið en keppinautar ykkar?*

Gísli: „Langlengst. Við erum einum til tveimur árum á undan. Við erum eina fyrirtækið sem hefur selt allra stærstu lyfjafyrirtækjum í heimi rauntímalausn fyrir þennan hluta virðisbætur.“

Guðmundur: „Til að setja stærð þeirra í samhengi eru þrjár stærstu viðskiptavinir okkar að velja átta sinnum landsframleiðslu Íslands

**Við erum með rúmlega 60 starfsmenn og veltum um 3,5 milljónum dollara í fyrra en væntum þess að á næstu tveimur til þremur árum verði starfsmenn yfir 100 talsins og að félagið muni velta um 30-40 milljónum dollara.**

Gísli Herjólfsson, framkvæmdastjóri Controlant

og eru með yfir 250 þúsund starfsmenn. Það eru 40 þúsund fleiri starfsmenn en á vinnumarkaði hér á landi.“

Gísli: „Við erum stolt af því að stærstu lyfjafyrirtæki í heimi treysti litlu fyrirtæki á Grensásvegi fyrir þessu verkefni. Lyfjafyrirtæki mega nefnilega ekki dreifa lyfjum nema geta sýnt fram á að hitastigið hafi verið í lagi. Það hefur í för með sér að ef þau hafa ekki gögnin okkar stöðvast dreifingin. Þetta er því lífsnauðsynleg þjónusta fyrir þau auk þess sem hún dregur verulega úr soun.“

### Innleiðing tekur tíma

Gísli segir að það taki þrjú til fimm ár að innleiða lausnina að fullu hjá stóru lyfjafyrirtæki sem starfi um allan heim og með tugi verksmiðja. „Það þarf að breyta öllum ferlum tengdum hitastigsvöktun hjá fyrirtækinu. Þar fyrir utan erum við einungis búin að semja um vöktun á litlum hluta af virðisbætur fyrirtækjana. Við vöktum það þegar vara er flutt frá framleiðslustað til dreifingarmiðstöðva í öðrum löndum eða landsvæðum. Þess vegna eru mikil tækifæri fólgin í því að sinna enn fleiri þáttum fyrir okkar núverandi viðskiptavinum. Umfang þjónustunnar fyrir hvern lyfjaframleiðanda gæti margfaldast á næstu árum þegar við förum lengra inn í virðisbætur.“

### Lyfjasendingar muni þrefaldast

Lyfjaiðnaðurinn er að breytast hratt, segir Gísli. „Eftir þrjú til fimm ár munu sendingar lyfjafyrirtækja væntanlega þrefaldast. Lyfin eru að verða æ betri og tæknilega flókin lyf eru viðkvæmari fyrir hitastigi. Það þarf að vakta slík lyf vel. Sum eru jafnvel sérhönnuð fyrir sjúklinginn. Sérhönnuð lyf verða ekki send með gámum til sjúklinga, eins og gefur að skilja, heldur í litlum pakka og hann þarf að vakta.

Reglurnar eru sömuleiðis að verða stífari. Það er ekki nóg að vakta sendinguna til nýs lands heldur þarf að vakta alla virðisbæturina inni í landinu líka. Það gæti tuttugu-faldað umfang sendinga sem þarf að vakta,“ segir hann.

*Hvernig hefur gengið að koma fyrirtækinu á koppinn?*

Gísli: „Það hefur gengið á ýmsu. Við höfum alltaf vaxið en ekki jafn hratt og við gerðum okkur vonir um. Það er vegna þess að lyfjaiðnaðurinn tók tæknina hægar upp á sína arma en við reiknuðum með. En

okkur hefur tekist að halda sjó og höfum þar af leiðandi skapað mikil verðmæti. Við erum að uppskera núna.

Það hafa komið tímar þar sem við vorum á bjargbrúninni en okkur hefur tekist að komast í gegnum þetta án fjöldauppsagna eða að skera mikið niður. Fjárfestar hafa haft mikla trú á vegferðinni og verið þolinmóðir. Bæði þeir og við vissum að þetta myndi taka tíma.“

Fram kemur í ársreikningum að uppbygging Controlant hefur verið kostnaðarsöm. Félagið tapaði til dæmis 605 milljónum árið 2018 og 324 milljónum árið 2017. Guðmundur segir að hluthafar hafi trú á vegferðinni og að um sé að ræða góða fjárfestingu til lengri tíma. „Á meðal fjárfesta eru hluthafar sem þekkja vel til lyfjaiðnaðarins og vita að þetta er langtíma-verkefni. Lyfjaiðnaðurinn er einn erfiðasti markaðurinn til að selja nýjar tæknilausnir vegna þess hve regluverkið er strangt. Hann er afar ihalðssamur, sem er aftur gott þegar við erum komin inn á annað borð.“

### Breyttu viðskiptamódelinu

Guðmundur segir að viðskiptamódeli Controlant hafi verið breytt fyrir þremur árum úr því að selja tækni í að bjóða heildarþjónustu. „Við erum ekki að selja tæki heldur upplýsingakerfi sem heldur utan um hversu skilvirk virðisbætur er í vörudreifingu.

Ég líki starfsemi stundum við rekstur bilaleigu: Við eigum allan tækjafлотann og hugbúnaðinn og nýtum hann til að selja þjónustu, erum þannig með stórfyrirtæki í áskrift.

Fyrirtæki í lyfjaiðnaði eru almennt sein til að taka upp nýjar lausnir og að sama skapi eru þau treg til að skipta um kerfi þegar þau hafa innleitt þau.“

### Sækja fé eftir þrjú ár

*Vonist þið til að Controlant verði yfirtekið eftir einhver ári eða er horft til þess að stækka enn frekar?*

Guðmundur: „Næstu þrjú ár verður ofuráhersla lögð á að reka félagið og vaxa, innleiða þær lausnir sem við höfum selt viðskiptavinum og sýna fram á þann tekjuvöxt sem er í kortunum. Á þeim tíma horfum við frekar til þess að fá inn nýja fjárfesta, mögulega alþjóðlega, og hyggjum á enn frekari vöxt byggðan á þeim árangri sem við erum að ná.

Við teljum okkur vera með bestu lausnina og það þarf ekki að þjóna best hagsmunum hluthafa að renna inn í stórfyrirtæki sem selur gamaldags tækni. En ef einhver býðst til að kaupa félagið gæti auðvitað farið svo að hluthafar vilji selja en markmið okkar stjórnenda er að byggja upp stórt og verðmætt félag til lengri tíma.

Við höfum sagt frá því áður að Marel er okkar fyrirmynd að mörgu leyti. Það þróaðist frá því að framleiða tæki í að veita þjónustu sem er svipuð vegferð og við erum á. Okkar framtíðarsýn er að skoða tækifæri í að kaupa eða sameinast félagi sem myndi bæta þjónustuframboð okkar til hagsbóta fyrir viðskiptavinum. Marel hefur gert það margsinis með afar farsælum hætti.“

**Lyfjaiðnaðurinn er einn erfiðasti markaðurinn til að selja nýjar tæknilausnir vegna þess hve regluverkið er strangt. Hann er afar ihalðssamur, sem er aftur gott þegar við erum komin inn á annað borð.**

Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant

hitastig þeirra. Yfir 70 prósent tekna fyrirtækisins koma frá lyfjageiranum. Í grunninn er verið að vakta lyf í flutningi og geymslu. Viðskiptavinir okkar eru framleiðendur, flutningafyrirtæki, heildsalar og smásalar. Minnsti viðskiptavinurinn rekur eitt apótek og við vöktum lyf í einum kælisráð.“

*Hvernig kom það til, Gísli, að þú stofnaðir Controlant?*

Gísli: „Ég geri stundum grín að því. Rétt upp úr aldarmótum var ég að læra rafmagnsverkfræði í Háskóla Íslands með einum affimm stofnendum fyrirtækisins. Talið barst stundum að því hvað vildum vinna við. Það heillaði meira að starfa hjá tæknifyrirtækjum á borð við Marel og Össur en að starfa á verkfræðistofu. Okkur langaði að taka þátt í að þróa tækni en fengum

# Tískufatnaður Ginu Tricot til Íslands

Íslensk netverslun með tískuvörur Ginu Tricot hóf nýlega starfsemi. Íslendingar hika meira við netverslun en aðrar nágrannabjóðir að sögn stofnandans en það muni breytast. Segir mikilvægt að minnka allt umstang í kringum skil og óvissu um fatastærðir.

**H**ugmyndin er að vera með netverslun með nokkrum völdum vörumerkjum sem þjónar þeim tilgangi að kunninn geti fundið allt á einum stað. Við erum að byrja með Ginu Tricot og það mun verða okkar stærsta vörumerki en ef allt gengur að óskum munum við bæta við fleiri vörumerkjum, sem endurspeglar eftirspurn kunnans, segir Matthildur Ívarsdóttir, annar af stofnendum netverslunarinnar Noomi sem hefur umboð fyrir sænska tískuvörumerkið Gina Tricot á Íslandi og hóf starfsemi sína í lok síðasta árs.

Matthildur er nýflutt til Íslands eftir um átta ára dvöl í Svíþjóð. Þangað flutti hún með eiginmanni sínum og tveimur börnum árið 2012. Hún hóf framhaldsnám í textilstjórnun við háskólann í Borås en þar er þungamiðja sænskrar netverslunar.

„Í náminu lærði ég heilmikið um netverslun og vörustjórnun á því sviði. Á sama tíma var ég sjálf að versla mikið á netinu og ég sá fljótlega að það vantaði netverslun með tískufatnað á Íslandi,“ segir Matthildur. Eftir útskrift fékk Matthildur tímabundna lærlingsstöðu hjá Ginu Tricot og hún starfaði síðan hjá sænska hlífðarfatnaðarfyrirtækinu Didrikson, sem er með höfuðstöðvar sínar í Borås, og skandinavíska netverslunarrisnum Nelly.

Matthildur kynntist Finni Guðjónssyni sem vinnur hjá Nelly og saman ákváðu þau að leita viðskiptatækifæra í netverslun. Niðurstaðan varð að lokum sú að reyna að fá umboð fyrir Ginu Tricot á Íslandi. Þau höfðu samband við sænska fyrirtækið sem hefur ekki verið með nein umsvif á Íslandi hingað til.

„Þau tóku vel í tillöguna en fram að því hafði Ísland ekki verið á kortinu hjá Ginu Tricot. Þau höfðu ekki talið að það væri eftir neinu að slægjast á íslenska markaðinum. En það má segja að opnanir H&M og Lindex hafi rutt brautina að því leyti að opnanir þessara verslana á Íslandi sköpuðu fordæmi fyrir því að þetta væri raunhæft og gæti gengið. Auk þess hafði nýr forstjóri tekið við stjórnartaumunum og



Matthildur er nýflutt til Íslands eftir um átta ár í Svíþjóð þar sem hún lærði textilstjórnun. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

## Mikill munur á pósthjónustunni

Matthildur segir að stór munur á rekstrarumhverfinu á Íslandi annars vegar og í Svíþjóð hins vegar varði pósthjónustuna. Í Svíþjóð sé þjónustan mun þróaðri og í talsverðan tíma hafi verið reynt að koma til móts við þarfir netverslana. Sú hafi ekki verið raunin á Íslandi fyrr en nýlega.

„Við finnum að viðhorfið hefur breyst. Nú spyr Íslandspóstur hvað hægt sé að gera til að bæta þjónustuna. Það skiptir miklu máli vegna þess að við viljum að kunninn fái vöruna eins fljótt og

mögulegt er,“ segir Matthildur.

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, sagði í viðtali við Markaðinn í vetur að viðsnúningi í rekstri fyrirtækisins hefði verið náð á sama tíma og þjónusta við viðskiptavinum hefði verið stóraukin. Íslandspóstur hefði til að mynda þróað ýmsar nýjungar í þjónustu við netverslanir og bjóði nú upp á heimsendingar samdægurs. Þá hefði verið þróuð lausn til að dreifa matvörum úr verslunum innan nokkurra klukkustunda.

breytt um stefnu með því að opna fyrir veitingu á söluumboðum eins og því sem við höfum núna fengið fyrir Ísland,“ segir Matthildur.

Sérðu mikil tækifæri í netverslun með fatnað á Íslandi?

„Já, sérstaklega í ljósi þess að Ísland er á eftir mörgum nágrannaríkjum á þessu sviði. Ég tel að fataverslun á Íslandi muni færast í auknum mæli á netið og ein ástæða fyrir því er sú að það er svo mikil

keyrsla í samfélaginu. Það eru allir í fullri vinnu með börn og enginn hefur tíma fyrir neitt. Þegar keyrslan er svona mikil er gott að geta pantað föt í rólegheitunum á netinu og sleppt því að fara í verslanir og máta föt í stressi. Að geta mátað föt heima, þegar manni hentar er breyta sem hefur heilmikil áhrif svo ekki sé minnst á yngstu kynslóðina sem hefur oftast en ekki takmarkaða þolinmæði fyrir máttunarklefum verslunarmiðstöðva,“ segir Matthildur.

Eru áskoranir sem fylgja því að netverslun er skammt á veg komin hér á landi?

„Við finnum fyrir því að það er meira hik hjá Íslendingum heldur en til dæmis hjá Svíum. Það tekur alltaf sinn tíma fyrir samfélag að venjast nýjungum. Fólk er dálítið hikandi við að panta á netinu, sérstaklega í fyrsta skiptið, og það veltir fyrir sér hvort það geti komið og mátað fötin og hvort það sé ekki

**Ef eitthvað er of flókið eða óskýrt þá er salan einfaldlega töpuð.**

vesen að skila vörunum,“ segir Matthildur.

„Eins áætla margir að með því að nýta sér netverslun af þessu tagi sé það ávisun á að þurfa að bíða lengi eftir vörunni. Eitt af því sem við stærum okkur af er einmitt þessi stutti biðtími samanborið við erlendar netverslanir. Með því að nýta sér innlenda netverslun umfram erlendar er hægt að nýta kraft smæðarinnar þannig að við getum afgreitt pantanir tiltölulega hratt og það eru jafnvel ekki nema einn eða tveir dagar sem liða frá fyrstu snertingu á vefnum og þar til viðskiptavinurinn getur náð í flikina á pósthúsið eða í boxin,“ segir Matthildur.

Netverslun með fatnað er þannig auðvelt og aðgengilegt fyrirkomulag sem flestir geta tileinkað sér að sögn Matthildur.

„Það er til dæmis vel hægt panta tvær stærðir og máta þær báðar heima. Við höfum lagt mikla áherslu á að allt umstang í kringum skil sé eins lítið og hægt er og það endurspeglast vel í pakkningunum okkar sem eru hannaðar þannig að það sé einfalt að senda til baka. Varan er bara sett aftur í pakkningarnar og endursendingarmiðinn sem kemur með, er limdur á og pakkinn afhentur á næsta pósthúsi.“

Þá segir hún að upplýsingagjöf um stærðir fatnaðar í netverslunum sé lykilatriði. Þannig sé hægt að minnka óvissu um val og stærðir.

„Við reynum að minnka líkur á að viðskiptavinir þurfi að vera að skila og við gerum það með því að vera með eins góða upplýsingagjöf og mögulegt er þannig að fólk geti séð stærðarkúrfuna og hvar eigi að taka mál í takt við hana. Það þarf að huga að mörgu til að viðskiptavinir hætti ekki við kaupin. Ef eitthvað er of flókið eða óskýrt þá er salan einfaldlega töpuð.“

thorsteinn@frettabladid.is

## Hvers vegna valdi ríkið þig?



Guðrún Tinna Ólafsdóttir stjórnarmaður í skráðu fyrirtæki og rekstrarstjóri

Íslandi er fjöldi fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Þau eru oftast stofnuð utan um rekstur á vegum hins opinbera sem þjóna viðskiptalegum tilgangi og eru fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Á Íslandi er jafnframt fjöldi ríkisstofnana fjármagnaður af skatttekjum ríkissjóðs og/eða með eigin rekstrartekjum eða lögbundnum þjónustutekjum.

Hjá stórum hluta ofangreindra fyrirtækja er skipuð stjórn, en önnur heyra beint undir ráðherra, borgarstjóra eða bæjarstjóra hvers sveitarfélags. Í flestum tilvikum skipar ráðherra eða meirihluti sveitarstjórnar stjórnarmennina. Áætla má að stjórnarmenn á vegum hins opinbera séu nokkur hundruð talsins hverju sinni. En hvar finnur

**Ef eigendur skráðra hlutabréfa telja þetta fyrirkomulag tryggja bestu samsetningu stjórnar og stjórnarhætti félaganna, þá má spyrja sig af hverju opinber fyrirtæki hafi ekki stigið sambærilegt skref við val á sínum stjórnarmönnum.**

og hvernig velur ráðherra eða sveitarstjórnir þá einstaklinga sem þeir skipa sem stjórnarmenn?

Á síðustu vikum hafa birst auglýsingar í fjölmiðlum frá tilnefningarnefndum skráðra fyrirtækja þar sem óskað er eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar viðkomandi félags. Tilnefningarnefndir starfa í umboði hluthafa og er hlut-

verk þeirra að vera ráðgefandi við val á stjórnarmönnum, meta hæfni hvers og eins og huga að bestri samsetningu stjórnar til að takast á við þær áskoranir sem fyrirtækið stendur frammi fyrir við að fylgja eftir stefnu þess. Hér mun ég ekki taka afstöðu með eða á móti þessu fyrirkomulagi. Hins vegar ef eigendur skráðra hlutabréfa telja þetta fyrirkomulag tryggja bestu samsetningu stjórnar og stjórnarhætti félaganna, þá má spyrja sig af hverju opinber fyrirtæki hafi ekki stigið sambærilegt skref við val á sínum stjórnarmönnum. Hér skiptir ekki máli að hluthafinn er einn, því fyrirtæki og stofnanir í eigu hins opinbera hafa í raun 360.000 eigendur á bak við sig. Hér er lykilatriði hvernig við, endanlegir eigendur þessara fyrirtækja, getum verið viss um að stjórn sé samsett á sem bestan máta til að hámarka þann árangur sem stefnu fyrirtækisins er ætlað að ná, með hámarksnýtingu skatttekna ríkissjóðs og sveitarfélaga og ekki síður án pólitískra sérhagsmuna eða skammtímahugsunar.

Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er sérstaklega beint að

fyrirtækjum tengdum almannahagsmunum og því er spurning hvort æskilegt væri að opinber fyrirtæki tækju mið af sömu leiðbeiningunum í starfsemi sinni. Því má spyrja, samhliða fyrrgreindri umfjöllun, hvort ráðherra þurfi ekki sína eigin tilnefningarnefnd sem hefur þá ráðgefandi hlutverk (eða ef til vill vald) til að velja stjórnarmennina. Þarf ráðherra eða sveitarstjórnir ekki að setja niður opinberar verklagsreglur og jafnframt þá grunn-, lykil- og persónulega hæfni sem stjórnarmaður þarf yfir að búa hverju sinni? Og ekki síður, þarf viðkomandi stjórnvald ekki að tryggja að hæfir einstaklingar hafi tækifæri til að sækja um stjórnarsetu? Hvar og hvenær getur til dæmis Jón Jónsson skilað í dag inn framboði í stjórn opinbers fyrirtækis eða stofnunar? Hvar er auglýst eftir þessum hæfu einstaklingum? Hvar finnur ríkið þig?

Í mörgum tilvikum hefur ráðherra sett niður (mjög) grunnhæfisskilyrði, samanber haldgóða menntun. Í fáum tilvikum hefur stjórn opinbers fyrirtækis skipað sérstaka valnefnd. En er ferlið

almennt hjá hinu opinbera skýrt og gagnstætt? Hvernig getum við eigendur (þjóðin) verið viss um að eini hluthafinn tryggji sterka liðsheilid við stýringu stofnunarinnar án pólitískra sérhagsmuna. Við eigendur opinberra fyrirtækja viljum vera viss um að stjórnarmenn myndi heildstæðan og fjölhæfan hóp til ákvarðanatöku og eftirlits. Í raun viljum við vera viss um að allir þeir sem hafa bestu færni og getuna hafi tækifæri til að sækja um og taka þátt í gagnsæju og faglegu vali. Stjórnarmenn opinberra fyrirtækja eiga allir að geta svarað óhikað spurningunni: „Hvers vegna valdi ríkið þig í stjórn?“

Ég tel að við getum verið samála um að nokkur stór dæmi á liðnum misserum, meðal annars Sorpumáliði í síðasta mánuði, sýna mikilvægi þess að stjórnir opinberra fyrirtækja hafi á að skipa sterkri liðsheilid til að koma í veg fyrir að stjórnir verði lítt starfhæf vegna til dæmis óeiningar, pólitískra hagsmuna eða skorts á lykilfærni til að sinna eftirlitshlutverki sínu eða taka ákvarðanir um stefnu fyrirtækisins?

# Fær útrásina gegnum mótorsportid

## Svipmynd

Sigurjón Andrésón

### Nám:

Mannauðsstjórnun, diploma, Háskóli Íslands 2005.  
Verkefnastjórnun, Six Sigma (Black belt) Juran Institute, USA 2006.  
MBA – Háskólinn í Reykjavík 2010.

### Störf:

Ég hef starfað hjá Sjóvá í tæp 22 ár. Ég hóf störf í tjónaskoðunarstöð félagsins 1998, en varð síðan forvarnarmálfulltrúi árið 2000 þar sem ég rannsakaði meðal annars tryggingasvik. Þá var ég verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra 2004-5 og viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði 2006. Árið 2007 varð ég kynningarstjóri og svo markaðsstjóri 2008. Nú er titillinn forstöðumaður markaðsmála og forvarna.

### Fjölskylduhagir:

Ég er kvæntur Margréti Söru Guðjónsdóttur, enskukennara við Menntaskólann í Reykjavík. Saman eigum við tvær dætur, Hrafnhildi Svölu 22 ára og Heklu Sif 19.

**S**igurjón Andrésón hefur starfað hjá tryggingafélaginu Sjóvá í 22 ár og þar af 12 ár sem markaðsstjóri. Hann segir að Sjóvá hafi unnið markaðsefni sitt þannig að fjallað sé um tryggingar og forvarnir á mannamáli. Þessu hafi fylgt gagnger endurhugsun og árangurinn hafi ekki látið á sér standa.

#### Hver eru þín helstu áhugamál?

Fyrir utan samveru með fjölskyldunni er ég forfallinn áhugamaður um mótorhjól og mótorsport. Í mótorsportinu tekst mér að fá útrás og hreyfingu en ekki síður að tengja saman áhuga minn á ferðalögum um landið. Ég er virkur í starfi ferða- og útivistarfélagins Slóðavina, og er reyndar nýhættur sem formaður samtakanna. Með Slóðavinum hef ég ferðast um landið þvert og endilangt og kynnst enn þá betur byggða- og jarðsögu landsins.

#### Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég vakna snemma og les blöðin áður en ég baða mig. Ég er einn af þeim sem lesa Moggann á hverjum degi yfir góðum kaffibolla.



Sigurjón segist lesa mikið, einkum bækur sem tengjast sögu eða jarðfræði. LJÓSMYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

#### Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég les mikið, en þó mest bækur sem tengjast sögu okkar ásamt hvers kyns jarðfræði- og eldgosasögu. Min uppáhaldsbók heitir Örnefni í Vestmannaeyjum en hún kom út árið 1938 og er mikill fjársjóður fyrir okkur Eyjamenn. En ætli bókin Þýr Íslendingur hér? sé ekki sú bók sem hefur haft mest áhrif á mig, en í bókinni segir Íslendingurinn Leifur Müller ótrúlega hörmungasögu sína úr fanga-

búðum nasista í síðari heimsstyrjöldinni.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum misserum og hvað er fram undan?*

Við hjá Sjóvá höfum breytt fyrirtækjameningunni hjá okkur á síðustu árum og það hefur verið krefjandi og skemmtilegt verkefni. Árangurinn hefur verið mikill, starfsánægja er orðin með því mesta sem mælist á Íslandi og ánægja viðskiptavina hefur stórkostlega aukist en síðustu þrjú ár höfum við

verið með ánægðustu viðskiptavinina á tryggingamarkaði. Lykilatriði í þessari vinnu var að við settum aukna áherslu á verkefni sem bæta upplifun viðskiptavina og setjum þarfir þeirra í forgrunn.

Hvað varðar markaðsmálin höfum við unnið markaðsefni okkar þannig að þar sé fjallað um tryggingar og forvarnir á mannamáli og að það komist til skila á öllum snertiflötum. Þessu fylgdi gagnger endurhugsun á því hvernig við tölum um tryggingar og árang-

**Við búum ekki lengur í heimi „ímyndarauglýsinga“ heldur í heimi samskipta á jafningjagrundvelli.**

urinn hefur ekki látið á sér standa, hvort sem um er að ræða tryggð viðskiptavina okkar eða rekstrarlega mælikvarða.

*Sérðu fyrir þér að rekstrarumhverfið taki breytingum? Ef svo er, hvaða tækifæri felast í þeim?*

Samskipti hafa breyst. Við búum ekki lengur í heimi „ímyndarauglýsinga“ heldur í heimi samskipta á jafningjagrundvelli, sem gefur okkur tækifæri til að miðla upplýsingum á allt annan og persónulegri hátt en áður. Þetta breytir hvernig við nálgumst samskipti þar sem vinnubrögðin, tæki og aðferðir eru allt aðrar.

Gott dæmi er það samtal sem við getum átt við fólk í gegnum auglýsingar okkar á samfélagsmiðlum. En þó að samskipti séu í auknum mæli rafræn þá þýðir það ekki að þau séu orðin ópersónulegri. Tækifærin fyrir okkur liggja í því að geta mætt þörfum viðskiptavinarins með breiðari hætti en áður, þegar fólk vill afgreiða málin á netinu þá getur það gert það hratt og örugglega og þegar það vill ræða hlutina við einhvern sem það treystir þá erum við til staðar í útibúum okkar um allt land.

*Hvers konar stjórnunarstíl hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?*

Ef þú vilt fá hóp fólks til liðs við þig er skýrt markmið og tilgangur með vegferðinni nauðsynlegt vegnæsti. Ég reyni að nýta styrkleika hvers og eins og hef unun af því að sjá fólk í kringum mig blómstra. Ég nota aldrei orðin yfirmaður eða undirmaður og kys að taka þetta á breiddinni með áherslu á jafnrétti milli kynja og að raddir allra fái að heyrast.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Ég vona að mér gefist tækifæri til að vinna áfram með skemmtilegu fólki að krefjandi verkefnum sem skipta máli. Eftir 10 ár verð ég vonandi umkringdur fjölskyldu og vinum með fallega fjallasýn í grenndinni.

## Nauðasamningur – vannýtt úrræði



**Birgir Már Björnsson**  
hæstaréttarlögmaður á LEX og kennari í skuldaskilarétti við HR

Í XI. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er að finna hvoru tveggja ákvæði sem heimilar lánardrottnum að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldara og ákvæði er skyldar stjórnendur til að gefa búi félags upp til gjaldþrotaskipta að viðlagðri bótaábyrgð. Gjaldþrotaskipti eru sameiginleg fullnustugerð allra kröfuhafa sem hefst við uppkvaðningu úrskurðar um að búi sé tekið til gjaldþrotaskipta. Markmið gjaldþrotaskipta er að slíta tilvist búsins með því að greiða allar eignir búsins til kröfuhafa eftir framgefnum reglum.

Í lögum um gjaldþrotaskipti er jafnframt fyrir að fara öðru minna þekktu úrræði til úrlausnar á skuldavanda fyrirtækja, nánar tiltekið nauðasamningi samkvæmt VI.-X. kafla laganna. Ófugt við gjaldþrotaskipti felur nauðasamningur ekki í sér slit skuldara heldur áframhaldandi tilveru hans

á grundvelli samnings um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum, sem kemst á milli skuldans og áskilins meirihluta kröfuhafa hans og staðfestur er fyrir dómi. Nauðasamningur bindur einnig aðra kröfuhafa en þá sem að honum standa og hefur það markmið að ráða bót á neikvæðri eiginfjárstöðu eða ógreiðslufærni skuldara. Beiðni um heimild til að leita nauðasamnings er oftast en ekki sett fram í kjölfar þess að skuldara hefur verið veitt heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt III.-V. kafla laganna, en greiðslustöðvun er þó ekki nauðsynlegur undanfari nauðasamningsumleitana.

Með nauðasamningi falla tilteknar kröfur niður svo sem kröfur um vexti, verðbætur eftir úrskurðardag, gjafakröfur og víkjandi lán. Jafnframt standa tilteknar kröfur utan nauðasamnings svo ekki verður um þær samið, til dæmis kröfur um annað en peningagreiðslur sem verður fullnægt eftir efni sínu og kröfur í skuldargæð samkvæmt 109., 110. og 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti, það er eignaréttarkröfur, búskröfur og forgangskröfur. Jafnframt standa vedkröfur samkvæmt 111. gr. laga um gjaldþrotaskipti óhaggðar að því marki sem trygging er fyrir þeim í eign skuldans.

**Alvarlegur skuldavandi fyrirtækja sem þeim hefur ekki tekist að ráða bót á af sjálfsdáðum, leiðir í 99,9% tilvika til þess að beiðni er sett fram um gjaldþrotaskipti.**

Um afdrif annarra krafna en að framan greinir getur skuldari samið í nauðasamningi við kröfuhafa sína. Algengustu áhrif nauðasamnings á slíkar kröfur eru eftirgjöf þeirra í heild eða að hluta, gjaldfrestur eða breytt form greiðslu, til dæmis að kröfur séu greiddar með útgáfu nýs hlutafjár í skuldaranum.

Úrræði gjaldþrotaskiptalaga um nauðasamninga hafa í gegnum tíðina gefið góða raun séu skilyrði til beitingar þeirra fyrir hendi. Það hefur jafnframt sýnt sig að hafi verið staðið af heilindum að rekstri fyrirtækja og vandað til verka við gerð nauðasamnings, fái slíkir samningar almennt jákvæð viðbrögð frá kröfuhöfum. Með

beitingu þeirra er þannig oftast en ekki hægt að afstýra gjaldþroti félags, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir samfélagið.

Í kjölfar efnahagskransins horfði löggjafinn með góðum árangri til nauðasamningsúrreðisins til úrlausnar á fordæmalausri skuldastöðu einstaklinga sem þá var uppi. Það gerði löggjafinn með setningu laga nr. 24/2009 og síðar 101/2010 um greiðsluáðlögum einstaklinga. Með því fengu margir einstaklingar raunhæfa úrlausn skuldamála sinna sem án úrræðisins hefði leitt til gjaldþrotaskipta á búum þeirra. Þá lauk slitum á búum föllnu viðskiptabankanna þriggja öllum með nauðasamningi árið 2015. Ef frá eru talin þessi tilvik hefur úrræðinu um nauðasamninga sjaldan verið beitt hér á landi á liðnum árum.

Í ársskýrslum dómstólaráðs og héraðsdómstólanna kemur fram að á árinu 2009 voru beiðnir um gjaldþrotaskipti 2.511 og beiðnir um nauðasamningsumleitana 688. Á árinu 2010 voru beiðnir um gjaldþrotaskipti 2.790 og beiðnir um nauðasamningsumleitana 774. Á árinu 2011 fjölga beiðnum um gjaldþrotaskipti í 3.011 en beiðnum um nauðasamningsumleitana í 33. Skýrist fækkun nauðasamningsumleitana á árinu

2011 af því að úrlausn skuldamála einstaklinga hefur frá þeim tíma lokið fyrir milligöngu embættis umboðsmanns skuldara en ekki héraðsdóms.

Frá árinu 2012 hafa gjaldþrotabeiðnir alla jafna verið í kringum 2.300 á ári hverju en beiðnir um nauðasamningsumleitana einungis um 20. Ljóst er þannig að alvarlegur skuldavandi fyrirtækja sem þeim hefur ekki tekist að ráða bót á af sjálfsdáðum, leiðir í 99,9% tilvika til þess að beiðni er sett fram um gjaldþrotaskipti. Er þannig ekki látið reyna á heimild til að leita nauðasamninga nema í 0,1% tilvika.

Þessi tölfræði er töluvert langt frá því sem gætir í nágrannalöndum okkar og ekki eitthvað sem íslenskt viðskiptalíf á að vera stolt af. Til efni er til þess að bæði skuldara og kröfuhafar gefi úrræðinu um nauðasamninga frekari gaum í tengslum við fjárhagsferfiðleikara fyrirtækja og leiti sér aðstoðar við framkvæmd þeirra. Slík aukin beiting heimilda til nauðasamningsumleitana er jafnframt í samræmi við þá almennu grunnreglu skiptaréttar að gjaldþrotaskipti skuli prautauðræði. Þá verður að ætla að það horfi til almannahags að gæta þessa úrræðis oftast en raunin hefur verið.



## Skotsilfur



## Frá Marel til KS

## Stella Björg

**Kristinsdóttir** lét í síðasta mánuði af störfum sem markaðsstjóri fiskiðnaðar Marel og tók til starfa sem forstöðumaður hjá Mjólkursamlagi Kaupfélags Skagfirðinga. Stella Björg starfaði um fimmtán ára skeið hjá Marel en hún stýrði markaðsmálum fiskiðnaðarsviðs félagsins á árunum 2009 til 2020. Áður hafði hún meðal annars gegnt starfi sýningarstjóra og almannatengils Marel. Stella Björg er með MS-gráðu í alþjóðamarkaðssetningu og stjórnun frá Copenhagen Business School.



## Aftur til WOW air

## Kristján Þorvaldsson

hefur verið ráðinn yfirmaður tæknimála hjá WOW air sem USAero-space Associates, félag Michele Rosevelt Edwards, hyggst endurreisa á grunni hins gjaldþrota flugfélags. Kristján starfaði hjá WOW air um fimm ára skeið, eða frá árinu 2013 til sumarsins 2018, en þar var hann yfirmaður upplýsingatæknideildar. Kristján réð sig til Marel þar sem hann var deildarstjóri innviða áður en hann tók við starfinu hjá WOW air um síðustu áramót. Kristján er fyrsti íslenski stjórnandinn sem vitað er um hjá WOW air en mikil leynd hefur hvílt yfir endurreisn flugfélagsins.



## Erfið sala

Það er ekki hlaupið að því að selja um 700 milljóna króna fasteign á Seltjarnarnesi. **Skúli Mogensen** hefur reynt að selja heimilið sitt frá því í sumar við dræmar undirtektir. Það er enda ekki á færi marga hendlendis að festa kaup á húsinu. Skúli, sem hefur mætt nokkrum mótvindi upp á síðkastið, reynir að hámarka hvað hann fær við sölu með því að selja eignina sjálfur og horfir út fyrir landsteinana að kaupanda. Frumkvöðullinn lék þennan sama leik þegar OZ varð gjaldþrota og seldi Fjölisveg 11 fyrir hæsta mögulega verð til Boga Pálssonar.



## Versti dagur á kínverskum hlutabréfamarkaði í fimm ár



Kínverskar hlutabréfavitölur hriðföllu á mánudag, fyrsta viðskiptadag eftir meira en vikulangt frí, vegna va xandi áhyggna þarlandra fjárfesta af áhrifum kórónaveirunnar á hagkerfi landsins. CSI 300 vísitalan í Sjanghæ lækkaði sem dæmi um 7,9 prósent en hún hefur ekki lækkað eins mikið á einum degi frá því í ágúst 2015. Kínversk stjórnvöld dældu lausafé inn í fjármálakerfið en aðgerðirnar höfðu ekki tilskilin áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Skuldsettur viðsnúningur



**Krístrún Frostadóttir**  
aðalhaftræðingur Kviku banka

Öft hefur verið rætt um lækkun fyrirtækjaskulda hér á landi síðastliðin ár. Sá skuldatoppur sem lækkunin er miðuð við skilaði okkur reyndar efst á heimslista yfir skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu. Þó að skuldir hafi lækkað þýðir það ekki að þær séu lágur. Skuldir íslenskra fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu eru til dæmis rúmlega 10% hærri en í Bandaríkjunum, þar sem aukin skuldsetning á tímum lágra vaxta hefur mikið verið til umræðu. Þá var umrætt skuldahlutfall jafnt hlutfalli þróaðra landa fyrir ári, eða 89%. Umræðu um skuldaaukningu þessara þjóða þarf vart að nefna. Við stöndum nú í 85% ekki vegna minnkandi framlags íslensks fjármagnsmarkaðar heldur vegna þess að hlutfall erlendra skulda

fyrirtækja hefur lækkað.

Frétt hefur að hrein ný útlán til atvinnufyrirtækja hafi dregist saman um tæp 60% á milli ára í fyrra. Ný útlán voru þó veitt, viðbót var við útlánastofninn, rétt eins og hagvöxtur mælist þegar viðbót er við landsframleiðsluna. Viðbótin var bara minni í fyrra en árið þar áður. Raunin er sú að útlánastofn innlendra lánastofnana óx um 8% í fyrra miðað við 14% árið áður, líkt og hagvöxtur var 0% í fyrra borið saman við tæplega 5% árið áður. Útlán til fyrirtækja jukust um 6% umfram landsframleiðslu frá miðju ári 2016 fram á mitt síðasta ár, á tímum mikils hagvaxtar. Það er ekki sjálfbært til lengri tíma að útlán vaxi umfram landsframleiðslu. Afleiðingin er sú að skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu hækka, eða í tilvikum íslenskra fyrirtækja um 6% frá miðju ári 2016 til loka ársins 2018.

Áhugaverð spurning á tímum lækkandi vaxta og hárra skulda á heimsvísu er að hve miklu leyti eigi að yta undir hagvöxt með aukningu skulda. Örvun getur falist í lækkun vaxta þó það hægt sé að útlánvæxti, enda ekki sjálfgæfið að lægri vextir skili sér til allra fyrirtækja. Hagvöxturinn

er þannig drifinn áfram af best stöddu félögum með hagstæðari fjármögnun, á meðan búast má við hagræðingu hjá þeim félögum þar sem svigrúm til aukinnar fjármögnunar er ekki til staðar. Hagvöxtur til skamms tíma er þá minni en ef allir fengu fjármagn. Þessari stöðu fylgir óhjákvæmilega auknið atvinnuleysi í einhvern tíma. En spurningin er hvort rétt sé að fresta slíkri aukningu í atvinnuleysi tímabundið með ósjálfbærri skuldsetningu. Skuldastaðan skiptir máli.

Annar mikilvægur mælikvarði á sjálfbærni fyrirtækjaskulda er nettó skuldir sem hlutfall af EBITDA-framlegð, sem gefur til kynna hve auðvelt er að standa straum af vaxta- og afborgunargreiðslum. Því lægra sem hlutfallið er, því auðveldara. Nýjustu tölur Hagstofunnar sem leyfa slíkan útreikning fyrir viðskiptahagkerfið sýna að hlutfallið var um 4 í lok árs 2018. [1] Hlutfallið náði lágmarki árið 2016, um 3. Sambærilegt hlutfall í Bandaríkjunum er um 2,5 sem er yfir sögulegu meðaltali þarlandis. Er ástæða til að ætla að íslensk fyrirtæki beri hærri skuldsetningu en bandarísk? EBITDA-framlegð íslenskra fyrirtækja var 9% árið 2018 en

19% í Bandaríkjunum. Framlegðin hefur farið minnkandi hér á landi á síðustu árum meðal annars vegna launahækkana. Efeitt hvað er ættu skuldahlutföll að vera lægri hér en í Bandaríkjunum vegna þess að ekki er eins mikið borð fyrir báru í rekstri og almennt meiri sveiflur í efnahagslífinu.

Því er ekki að furða að innlendar bankastofnanir haldi nú að sér höndum. Fyrrgreind hlutföll hafa að öllum líkindum versnað miðað við í lok árs 2018 vegna slakari rekstrarafkomu í fyrra. Hærra áhættuálag á vexti til íslenskra fyrirtækja endurspeglar líka þessa stöðu. Hitt er annað mál að við upphaf niðursveiflu kann aukin áhættufærni meðal lánveitenda einnig að hafa áhrif á fjármagnsaðgengi fyrirtækja sem standa vel, enda óvissan mikil. Fyrr en síðar hljóta þessi fyrirtæki þó að geta nýtt sterka stöðu sína til að sækja sér fjármagn á lægri vöxtum. Hinir ættu líklega að biða.

[1] Fasteignafélögin sem hafa hátt skuldahlutfall en sterk veð hafa verið tekin út fyrir sviga sökum umfangs, auk veitustarfsemi sem er í flestum tilvikum opinber og álfyrirtæki sem eru útibú erlendra fyrirtækja og fjármögnuð sem slík.

## Hvar er erlenda fjárfestingin?

## RÁÐDEILDIN

**Konráð Guðjónsson**  
haftræðingur  
Viðskiptaráðs




sem opið órhagkerfi er Ísland afar háð viðskiptum og samskiptum við önnur ríki, ekki hvað síst í fjárfestingum. Þrátt fyrir það, og afnám hafta, hefur lítið gerst síðustu ár, sem er áhyggjuefni.

Eins og myndin hér sýnir hefur verðbréfafjárfesting leitað frá landinu síðustu ár. Að hluta til vegna

erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða eftir afnám hafta en einnig vegna útstreymis erlendra fjárfesta, sem til dæmis seldu meiri íslensk verðbréf en þeir keyptu að fjárhæð 54 milljarðar króna árið 2019.

Ekki hafa birst tölur um beina erlenda fjárfestingu fyrir árið 2019 en myndin sýnir að þar er sagan svipuð og til dæmis drögu erlendir aðilar úr beinni fjárfestingu hér á landi um 34 milljarða króna árið 2018. Það er enn meira áhyggjuefni því slíkrí fjárfestingu fylgir oftast en ekki bein atvinnusköpun, þekking og ný tækni.

## Hreint fjármagnsflæði\*



\*Í gögnum Seðlabankans eru formerki ófug. Uppgjör þrotabúa bankanna 2015 og uppgjör aflandskróna 2016 skekkja tölur.

Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðbréfafjárfesting hefur leitað frá landinu síðustu ár. Að hluta til vegna erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða eftir afnám hafta en einnig vegna útstreymis erlendra fjárfesta.

Það er til mikils að vinna að snúa þróuninni við. Til þess þarf að kortleggja og draga úr beinum og óbeinum hindrunum eftir fremsta megni, en einnig tryggja fyrir sjáanlegt og gott rekstrarumhverfi.

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**93.000** Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000 eða sendu póst a orn@frettabladid.is.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



\*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.  
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

## SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik  
Halldórsson



## Með örlögin í eigin höndum

Það var kominn tími til. Þremur og hálfu ári eftir afdrifaríka þjóðaratkvæðagreiðslu er Bretland loksins gengið úr Evrópusambandinu. Þessi sögulegu þáttaskil eru fagnaðarefni fyrir Bretland og nauðsynleg fyrir Evrópusambandið.

Bretar eru nú í komnir í stöðu til að grípa hin fjölmörgu tækifæri í alþjóðaviðskiptum sem áður voru utan seilingar. Þá skiptir miklu máli að hafa stefnufastan og stórhuga leiðtoga við stjórnvölinn. Ef leiðtoga hugar á sömu nótum og sumir álitgjafar, það er að segja að Bretar sitji ekki lengur við stóra borðið, verður ávinningurinn minni en ella. Hugarfarið skiptir máli og Boris Johnson forsætisráðherra hefur sýnt að hann sé rétti maðurinn í verkið. Hann sér tækifærin og er tilbúinn að grípa þau.

Hvað ESB varðar ætti leiðtogum og embættismönnum þess nú að vera ljóst að aðildarþjóðir geta fengið nóg og sagt sig úr sambandinu. Það er engu fyrirtæki hollt að taka viðskiptavinum sínum sem sjálfsgöðum hlut og það sama gildir um ríkjasamband. Ósögð en trúverðug hótun um útgöngu þarf að liggja að baki þátttöku í slíku samstarfi til þess að því sé veitt aðhald. Hugsanlega þarf hótun um aðra eða þriðju útgöngu aðildarríkis til að embættismennirnir átti sig á stöðunni.

Eitt af því sem hefur einkennt Brexit-deiluna frá upphafi – og mun líklega einkenna hana til enda – er hroki af hálfu þeirra sem sætta sig ekki við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þetta á við ýmsa embættismenn, stjórnmalamenn og álitgjafa. Þeir fullyrða að blekkingaráróður frá breskum útgöngusinum og jafnvel rússneskum undirróðursmönnum geti hafa ráðið úrslitum. Hins vegar telja þeir sjálfa sig ónæma fyrir slíkum áróðri.

Þannig er yfirlætið afhjúpað. Það hvarflar ekki að þeim að svart-sýnisspárnar, sem þeir bera á borð en aldrei rætast, séu helsti áróðurinn. Né heldur að niðurstaðan endurspegli sanna óánægju með ESB sem grundvallast í gildismati kjósenda. Nei, skýringin er sú, að þeirra mati, að kjósendur – og þá er oftast verið að vísa til láglaunastétta – láti blekkjast af slóttugum stjórnmalamönnum.

Þrátt fyrir allar svart-sýnisspárnar og dragbitana hefur breska þjóðin náð fram kröfunni sem fólst í niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Bretar geta nú skapað fordæmi fyrir aðrar aðildarþjóðir sem eru hugsi yfir stöðu ESB. Tíminn mun leiða í ljós að útganga Bretlands úr sambandinu – rétt eins og höfnun íslensku þjóðarinnar á Icesave – hafi verið farsælt skref. Aldrei skal vanmeta þjóð sem fær sjálfstraust og tekur örlögin í eigin hendur.

## Valdimar Ármann til Arctica

Valdimar Ármann, sem var áður forstjóri GAMMA Capital Management, hefur verið ráðinn til verðbréfafyrirtækisins Arctica Finance. Valdimar, sem er hagfræðingur og verkfræðingur að mennt, staðfestir það í samtali við Markaðinn en hann hefur hafið störf sem sérfræðingur í markaðsviðskiptum félagsins.

Valdimar lét af störfum sem forstjóri GAMMA í september í fyrra, eftir að hafa stýrt



Valdimar Ármann

félaginu frá því í ársbyrjun 2017, en áður hafði hann gegnt starfi framkvæmdastjóra sjóða hjá fjármálafræðingum um margra ára skeið.

Þá starfaði Valdimar um árabíl í London og New York við verðbólgu tengd afleiðuviðskipti, fyrst hjá hollenska bankanum ABN AMRO og síðar Royal Bank of Scotland. – hae

02.02.2020

Ef útgefendur eða aðrir vilja sækja ríkisaðstoð þá er það ekki hlutverk Íslandspósts að veita hana frekar en annarra fyrirtækja á markaði.

Birgir Jónsson,  
forstjóri Íslandspósts



### Bókhald & laun

# Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á [www.pwc.is/bokhald](http://www.pwc.is/bokhald)

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

# Stórtíðindi fyrir íþróttahreyfinguna

Endurgreiðsla á byggingarkostnaði íþróttamannvirkja og ýmislegt fleira má finna í skýrslu starfshóps sem kynnt var ríkisstjórninni fyrir skömmu. Getur skipt íþróttafélög í landinu miklu en fjölmörg íþróttamannvirki eru í burðarliðnum á höfuðborgarsvæðinu.

**ÍÞRÓTTIR** „Það sem við erum að leggja til er ekki ósvipað því sem þekktist í kvikmyndagerð, bókaútgáfu og fleiri geirum, að menn skili reikningum og fái endurgreiddan kostnað. Þetta er stórt mál og jákvætt fyrir þennan þriðja geira,“ segir Willum Þór Þórssón, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður starfshóps um skattalegt umhverfi þeirrar starfsemi sem fellur undir þriðja geirann sem telur íþróttafélög, björgunarsveitir, góðgerðarfélag og mannúðarsamtök.

Í yfirliti yfir framkomnar hugmyndir að íþróttamannvirkjum sem taldar eru upp í skýrslu sem lögð var fram til umsagnar íþrótt- og tómstundaráðs borgarinnar á síðasta fundi er ljóst að ef af þessu verður hleypur endurgreiðslan á hundruðum milljóna. Jafnvel milljörðum.

Þróttarar og Ármenningar eru komnir með tillögu að íþróttahúsi, KR er að fara af stað í sína uppbyggingu með knattþúsi, íþróttahúsi, knattspyrnuvelli með aðstöðu fyrir áhorfendur, húsnæði fyrir ýmsa félagstengda þjónustu og verulegu magni íbúðabygginga á svæðinu. Knattþús er áætlað á Hlíðarenda, tennishús við TBR, fimleikahús í Breiðholti, knattþús við Leiknisvöll, uppbygging er á teikniborðinu á Fylkissvæðinu og í Úlfarsárdal. Þá á eftir að telja upp framtíðarmúsikina í Laugardal en alls eru blaðsíðurnar fjórar um framkomnar hugmyndir.

„Þetta yrði mikill stuðningur og nú er ríkisstjórnin komin með þessar tillögur. Vonandi gripur hún þessar tillögur og formar í frumvarp og fer með inn í þingið hratt og örugglega,“ bætir Willum við. Hann lagði í þriggja fram frumvarp um endurgreiðslu á virðisaukaskatti við mannvirkjagerð til íþróttafélaga sem fór ekki í gegn.

„Auðvitað er þetta samt flókið og það þarf að passa að það verði ekki spilað með þetta. Það er þó virkilegur vilji til að styðja þetta starf og þetta er talað inn í hjarta allra. Ef frumvörpin eru góð þá fer þetta þvert á alla flokka,“ segir Willum.

Hann segir að fyrir utan byggingarkostnaðinn séu aðrar tillögur áhugaverðar. Eins og að einstaklingur geti styrkt íþróttafélög, björgunarsveitir eða önnur almannahéillafélög, gegn skattaivilnun. „Ef einstaklingur vill styrkja almannahéillafélag fær viðkomandi það skráð í skattframtalið og getur þannig fengið afslátt af tekjuskattinum. Það er ekki heimilt í dag.



Frostaskjól er eitt þeirra svæða þar sem mikil uppbygging er fyrirhuguð. Félagið getur þá fengið endurgreiðslu á byggingarkostnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Helstu tillögur starfshópsins

■ Erfðafjárskattur. Að kannað verði hvort undanþága félagsamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa að almannahéillum frá greiðslu erfðafjárskatts af dánargjöfum geti tekið til lögaðila í öðrum félagaformum.

■ Fasteignaskattur. Að kannað verði að veita undanþágu, lækka eða fella niður fasteignaskatt hjá lögaðilum sem verja hagnaði sínum einungis til almannahéilla og hafa það að einasta markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum.

■ Fjármagnstekjuskattur. Að lögaðilar sem verja hagnaði

sínum einungis til almannahéilla og hafa það að einasta markmiði sínu samkvæmt samþykktum sínum verði undanþegnir greiðslu tekjuskatts af fjármagnstekjum.

■ Stimpilgjald. Að lögadilar sem verja hagnaði sínum einungis til almannahéilla verði undanþegnir, að öllu leyti eða að hluta, frá greiðslu stimpilgjalds af kaupsamningum sem þeir eru aðilar að.

■ Stuðningur vegna útlagðs byggingarkostnaðar. Að þeim lögaðilum sem starfa til almannahéilla og hlotið hafa staðfestingu frá Skattinum í kjölfar skráningar á almannahéilla-félagaskrá verði veitt

heimild til að óska eftir fjárstuðningi af útlögðum kostnaði upp að ákveðnu hámarki vegna byggingar, viðhalds eða endurbóta á mannvirki undir starfsemi til almannahéilla, að uppfylltum ítarlegum skilyrðum.

■ Tekjuskattur. Að ákvæði 2. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga verði endurskoðað með tilliti til hlutfalls og gildissviðs heimils frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri. Jafnframt verði einstaklingum gert heimilt að draga frá tekjum sínum sambærilegar gjafir og framlög upp að ákveðnu hámarki. Samhliða verði skoð-

að hvort ákjósanlegt sé að miða frádráttarheimild ákvæðisins við tiltekna fjárhæð og/eða ákveðið hlutfall af tekjum.

■ Virðisaukaskattur. Að undanþáguákvæði 5. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga er varðar góðgerðarstarfsemi verði endurskoðað auk þess sem það verði útvíkkað þannig að undanþágan nái jafnframt til ráðstöfunar hagnaðar til almannahéilla en ekki aðeins til líknarmála. Þá er lagt til að þau tímamörk sem sett er fyrir undanþágu góðgerðarstarfsemi samkvæmt ákvæðinu verði endurskoðuð.

●● **Þetta yrði mikill stuðningur og nú er ríkisstjórnin komin með þessar tillögur.**

Willum Þór Þórssón, þingmaður Framsóknarflokksins



Í Noregi og Danmörku eru einstaklingar með þetta heimilt og við viljum sjá það gerast hér líka hvort sem aðilinn vill styrkja björgunarsveitina, Val eða KR.“

Skýrslan er um 70 síður og ljóst að það hefur verið vandað til verka. Skýrsluna má finna á vef Stjórnarráðsins. „Við tókum fullt af fundum og settum inn í samráðsgáttina þar sem við fengum góð viðbrögð frá íþróttafélögum meðal annars. Nú hefur þetta verið kynnt ríkisstjórninni og ég sagði að hún ætti að taka þetta til sín og keyra á þetta.“ [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

FJÓRÐUNGSUPPGJÖR Í OLÍS DEILD KVENNA



Í KVÖLD 21:15



**SPORT**

Tryggðu þér áskrift [stod2.is](http://stod2.is) | 1817

# TÍMAMÓT

## 90 ára afmæli

**Frú Steinunn Guðbrandsdóttir**  
frá Hólmavík

er 90 ára í dag, 5. febrúar.

Hún verður að heiman á afmælisdaginn en býður vinum og ættingjum að fagna með sér laugardaginn 8. febrúar frá kl. 15.00-17.00 í Félagsmiðstöðinni Borgum, Spönginni 43, 112 Reykjavík.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Sigurbergur Sigsteinsson**  
iþróttakennari,  
Ásbúð 68,  
210 Garðabæ,

lést 29. janúar á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 10. febrúar klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Guðrún Hauksdóttir**

**Herdís Sigurbergsdóttir**

**Heiða Sigurbergsdóttir**

**Sigsteinn Sigurbergsson**

**Oddný Sigurbergsdóttir**

**Hafliði Halldórsson**

**Arnar Daði Helgason**

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Guðfinna Hrefna Arnórsdóttir**  
(Guffý)

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 28. janúar. Útför hennar fer fram frá Stykkishólmskirkju 8. febrúar 2020 kl. 14.00. Kransar og blóm eru afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á félagsstarf Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi. Banki: 0309-26-002000, kt: 620269-7009.

**Karvel Hólm Jóhannesson**

**Guðlaugur Ari Karvelsson**

**Hermann K. Karvelsson**

**Kjartan J. Karvelsson**

**Ivar Sindri Karvelsson**

**Pórunn Inga Gísladóttir**

**Kristín Þorbjörg Sverrisdóttir**

**Ólöf Inga Stefánsdóttir**

**Jóhanna Kristín Sigurðardóttir**

barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar ástkæri  
**Ástþór Runólfsson**

Þúfuseli 2,

lést 2. febrúar.

Útförin verður auglýst síðar.

**Ingunn Jóna Óskarsdóttir**

**Hildur Ástþórsdóttir**

**Guðmundur Már Ástþórsson**

**Hlin Ástþórsdóttir**

**Hulda Ástþórsdóttir**

**Runólfur Þór Ástþórsson**

**Silja Ástþórsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

**Jóhann Ólafur Jónsson**

**Dagný Alda Steinsdóttir**

**Hrafnkell Marinósson**

**Aðalsteinn Guðmannsson**

**Heiðrún Ólöf Jónsdóttir**



Gunnar og Sigurður stilla sér upp við orgel Hallgrímskirkju og búa sig andlega undir tónleikana á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Tuttugu ára sálmasamstarf

Félagarnir Gunnar Gunnarsson organisti og Sigurður Flosason saxófónleikari fagna samstarfsafmæli í Hallgrímskirkju á morgun með sálmaspuna og virkja þar völdugan kór.

Við Siggí Flosa gáfum út okkar fyrsta disk fyrir tuttugu árum. Hann hét Sálmar lífsins og á honum voru mestmegnis bara venjulegir sálmar úr sálmaþókinni," segir Gunnar Gunnarsson organisti og bætir við að þeir hafi tekið diskinn upp í Hallgrímskirkju. „Bæði saxófóninn og orgelið eiga langa hefð í sambandi við spuna. Það kemur engum á óvart í sambandi við saxófóninn en færri þekkja spuna á orgelið. Það hefur samt alltaf verið hefð að spinna á orgel í gegnum aldirnar og var gert löngu áður en djassinn varð til.“

Þetta er í raun formálinn að því sem málið snýst um núna, tónleikum sem þeir félagar ætla að halda í Hallgrímskirkju á morgun, fimmtudaginn 6. febrúar, og verða nánast upptakturinn að Vetrarhátíð. Þar ætla þeir að fagna samstarfi sínu og fá Mótettukórinn, með stjórnandanum Herði Áskelssyni, með í spunann.

Gunnar heldur áfram að rifja upp hið gjöfuga samband þeirra Sigurðar sem hófst í Laugarneskirkju. „Við höfðum gaman af því að spila saman sálma," segir hann, „og líka að flétta þessi tvö



Nýjungin er fölginn í því að við fáum með okkur Mótettukór Hallgrímskirkju til að syngja sálmana, við spinnum í kringum þá og fáum líka kórinn til að spinna með.

ólíku hljóðfæri saman, orgelið og saxófóninn.“ Hann segir að diskinn, Sálmar lífsins, hafi verið almennt mjög vel tekið. „Flestum fannst kveða við nýjan tón. En það voru kannski ekki allir kirkjunnar menn sem höfðu húmor fyrir þessum útsetningum og einhverjir töluðu um „medferðina“ á sálmunum. Þó gerðum við þetta af fullri virðingu fyrir sálmalögnum, en útkoman féll sem sagt ekki í kramið hjá allveg öllum.“

Þeir Gunnar og Sigurður létu samt

ekkert stoppa sig, gáfu út fleiri diska með sálmaspuna og spiluðu efnið líka töluvert erlendis,“ að sögn Gunnars. „Verkefnið hlóð dálítið utan á sig. Biskupsstofa aðstoðaði okkur við að ferðast um landið með þetta sálmaprogramm og spila það í kirkjunum með kórum á hverjum stað fyrir sig. Svo við erum búnir að spila í öllum landshlutum og meira en það.“

Einn diskurinn þeirra féлага heitir Draumalandið og hann geymir íslensk ættjarðarlög, leikin á orgel og saxófón. „Við gerðum þeim svipuð skil og sálmunum,“ útskýrir Gunnar. Spurdur hvort þeir ætli svo að flytja sitt lítið af hverju í Hallgrímskirkju á morgun, svarar hann: „Já, við ætlum að spila einir til að byrja með, upp á gamla mátann, en nýjungin er fölginn í því að við fáum með okkur Mótettukór Hallgrímskirkju til að syngja sálmana, við spinnum í kringum þá og fáum líka kórinn til að spinna með. Það er kannski ekki það sem kórar gera venjulega en þetta verður vöð skemmtilegt. Fyrsta kórteríð verður setning Vetrarhátíðar, svo komum við í kjölfarið og flytjum okkar dagskrá.“

gun@frettabladid.is

### Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



Elskulegur bróðir okkar og mágur,  
**Gísli Þór Sigurðsson**  
dvalar- og hjúkrunarheimilinu  
Höfða, Akranesi,

lést miðvikudaginn 29. janúar.  
Útför fer fram frá Akraneskirkju  
föstudaginn 7. febrúar kl. 13.00.

**Hrefna Sigurðardóttir**  
**Árman M. Sigurðsson**  
**Sigurjón Sigurðsson**  
**Guðrún Adda Mariusdóttir**



Elskuleg eiginkona mín,  
móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Kolbrún Karlsdóttir**

lést þann 8. janúar sl.  
Útförin fór fram í kyrrþey.

**Jónas Jónasson**  
**Sólveig Ásta Jónasdóttir**  
**Karl Márus Jónasson**  
**Kolbrún Ýrr Jónasdóttir**  
**Stefán Karl Baldursson**  
**Erpur Sigurðarson**  
og barnabörn.

Frjáls framlög



enginn kostnaður!

## VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.

907 1083 – 3.000 kr.

907 1085 – 5.000 kr.

907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

[www.facebook.com/samferdafoundation](http://www.facebook.com/samferdafoundation)

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Reykjavík  7   10 °C   ↑	Ísafjörður  4   12 °C   ↗	Akureyri  8   23 °C   ↗
Egilsstaðir  6   3 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  6   10 °C   ↗	Hveravellir  2   15 °C   ↑

Sunnan og suðvestan 10-18 m/s í dag og rigning eða súld, en úrkomuminna NA-lands. Dregur úr úrkomu í kvöld. Hiti 4 til 11 stig, hlýjast fyrir norðan.

## Fimmtudagur

Reykjavík  5   7 °C   ↑	Ísafjörður  2   22 °C   ↗	Akureyri  8   24 °C   ↑
Egilsstaðir  8   12 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  4   3 °C   ↑	Hveravellir  0   17 °C   ↑

## Föstudagur

Reykjavík  6   10 °C   ↗	Ísafjörður  1   2 °C   ↗	Akureyri  1   1 °C   ↑
Egilsstaðir  3   3 °C   ↗	Kirkjubæjarkl  5   7 °C   ↗	Hveravellir  2   15 °C   ↑

### LÉTT

	6		2	9	7	1	
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1	3		
	2						
8	4	7		6		5	
			9	6	3	1	7
		4		7		8	
9			8	2			

### MIÐLUNGS

3	1						
2	8			9	4		3
		9	3	8	6	7	
5	7		6		3		1
6		1				8	5
						4	
			9				
1	3	5		2	4		9
		9		5			

### PUNG

			8		3	9	2
5	7					8	
			1	2			
		5			9		
		4		7			2
6						3	
		6					4
3	5				8		6
9							

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- Afbaka
- Þvælingur
- Í röð
- Skógarmaður
- Samtök
- Tangi
- Afkvæmi
- Sæla
- Vega að
- Flik

### LÓÐRÉTT

- Skúfur
- Bekenna
- Þróttur
- Einskær
- Misbrúka
- Ávöxtur
- Splæstu
- Læri
- Tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. þjaga, 5. ráf, 6. ím, 8. útagi, 10. sa, 11. misnota, 9. anans, 12. buðu, 14. nám, 16. ss.  
LÓÐRÉTT: 1. þruskur, 2. játa, 3. afi, 4. algæ, 7. nes, 12. barn, 13. unun, 15. ráðast, 17. musas.

## Skák Gunnar Björnsson

Schneider átti leik gegn Ornstein í Svíþjóð árið 1985.

- ...f3+!
- Kxf3 Rh4+!
- gxf4 H4d3+
- Ke4 f5+
- Kxe5 He2+
- Kf4 He4# 0-1.

Sigurbjörn Björnsson vann Skákþing Reykjavíkur með fullu hús! Guðmundur Kjartansson varð annar og Vignir Vatnar Stefánsson þriðji.

www.skak.is: Hraðskákmót Reykjavíkur í kvöld.

### Svartur á leik



8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2
8	1	4	3	7	5	9	2	6
7	5	9	8	6	2	3	1	4
6	2	3	4	9	1	7	8	5
5	8	2	9	1	4	6	3	7
9	6	7	5	8	3	1	4	2
3	4	1	6	2	7	5	9	8
1	3	5	2	4	6	8	7	9
2	7	8	1	5	9	4	6	3
4	9	6	7	3	8	2	5	1
9	4	5	1	3	8	7	2	6
8	3	6	2	5	7	4	9	1
1	2	7	4	6	9	8	3	5
2	1	3	6	8	5	9	4	7
4	5	9	3	7	1	2	6	8
6	7	8	9	2	4	1	5	3
3	8	1	5	9	2	6	7	4
5	9	4	7	1	6	3	8	2
7	6	2	8	4	3	5	1	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

**Búningar**  
**Okkar fókus**

**Hokus Pokus**

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut

h

# Lírukassinn rokkaði á Sinfóníutónleikum

## TÓNLIST

### Sinfóníutónleikar

★★★★★

Verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Snorra Sigfús Birgisson, Missy Mazzoli, Báru Gísladóttur og Huga Guðmundsson

#### Eldborg í Hörpu

Fimmtudaginn 30. janúar

Einleikari: Andreas Borregaard

Lírukassar eru sjaldséð sjón á Íslandi og viðar sjálfsagt líka. Maður rak því upp stór augu þegar lírukassa var rúllað inn á svið í Eldborg á tónleikum Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands á Myrkum músík-dögum á fimmtudagskvöldið. Þetta var á undan frumflutningnum á harmóníkukonsert eftir Huga Guðmundsson sem bar heitið Box og var einleikari Andreas Borregaard.

Verkið byrjaði bara eins og hver annar einleikskonsert, með hljóm-sveitarleik, harmóníkuleik og einhverri blöndu þar á milli. En svo allt í einu var eins og einleikarinn missti áhugann á hljóðfærinu sínu og fór að fíka við lírukassann. Hann opnaði hann varlega og fór svo að snúa hjólinu sem lætur hann spila, en það var brotakenndur vals. Á meðan lék hljóm-sveitin undir og það skapaði furðulega sterka heildarmynd. Við tók nú óvanalega frumleg samsúða lírukassaleiks og harmóníkuspils með dyggri þátttöku hljóm-sveitarinnar. Var hún í senn draumkennnd og nostalgisk, en einnig áleitinn og þrungin merkjanlegum sársauka sem snart mann.

#### Guð bjargaði málunum

Konsertinn var í þremur hlutum. Annar hlutinn bar yfirskriftina Deus ex machina, það er, Guð í vélinni. Það er nafnið á ódýru bragði í leikhúsi, kvikmyndum eða skáldsögu, þegar eitthvað óvænt gerist sem reddar annars óleysanlegu vandamáli eða aðstæðum. Hugtakið átti við konsertinn í heild sinni, lírukassinn var svo sannarlega Guð í vélinni, utanaðkomandi afl sem breytti atburðarásinni svo



Þetta er án efa einn merkasti einleikskonsert íslenskra tónbókmennta, segir í dómnunum um Box, verk Huga Guðmundssonar tónskálds, þar sem harmóníka og lírukassi komu meðal annars við sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### LÍRUKASSINN VAR SVO SANNARLEGA GUÐ Í VÉLINNI, UTANAÐKOMANDI AFL SEM BREYTTI ATBURÐARÁSINI.

hún hlaut farsælan endi. Borregaard spilaði frábærlega vel og hljóm-sveitin sömuleiðis undir öruggri stjórn Daníels Bjarnasonar, útkoman var einkar ánægjuleg. Þetta er án efa einn merkasti einleikskonsert íslenskra tónbókmennta.

Gaman var líka að verkinu Hjakk, sem var eftir Atla Heimi Sveinsson. Það er upphaflega frá sjöunda áratug síðustu aldar, en Atli endurskoðaði það rúmum tíu árum síðar. Eins og

nafnið ber með sér var tónmálið kraftmikið og endurtekningsamt, en um leið var uppbygging þess markviss og glæsileg, með áhrifamiklum hápunkti og flottu niðurlagi.

#### Hefði mátt vera lengra

Hin efnilega Báru Gísladóttir átti tónsmíð á tónleikunum, Ós að nafni. Hún var órstutt og hefði vel mátt vera helmingi lengri, því hún var nánast búin áður en hún byrjaði.

Maður bjóst jafnframt við meiru frá Missy Mazzoli, en samkvæmt tónleikaskránni átti verkið, Sinfonia (for Orbiting Spheres), að vera eins konar tónræn eftirlíking af sólkerninu. Það sem heyrist var meira eins og rómantískt næturhljóð, áferðarfallegt vissulega, en ekki sérlega tilkomumikið.

Loks ber að nefna konsert fyrir hljóm-sveit eftir Snorra Sigfús Birgisson, sem hér var frumfluttur. Tónlistin var mestan partinn tvíþætt, annars vegar voru hrjúfar laglínur þar sem blásturshljóð-færi voru áberandi, hins vegar liggjandi strengjahljómar sem hefðu þess vegna getað sómt sér í einhverri „noir“ bíómynd. Þetta skilaði sér í dramatískri togstreitu sem var ávallt áhugaverð en kom þó aldrei beinlínis á óvart. Tónlistin var kannski dálítið gamaldags og í ætt við margt sem var gert á síðustu áratugum aldarinnar sem leið.

Jónas Sen

**NIÐURSTADA:** Skemmtilegir tónleikar með magnaðri tónlist og góðum flutningi.



Bergrún Íris sankar að sér viðurkenningum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bergrún Íris tilnefnd

Landsdómnefndir Barna- og unglíngabókmenntaverðlauna Vestnorræna ráðsins tilnefna eftirfarandi þrjú verk til Barna- og unglíngabókmenntaverðlauna Vestnorræna ráðsins 2020:

Grænland: Orpíllissat nunarsur-armi kusanarnersaat (Det smukkeste juletræ i verden) eftir Juaaka Lyberth, Milik, 2019, skáldsaga með myndum.

Ísland: Langelstur að eilifu (Forevigt den allerældste) eftir Berg-rúnu Írisi Sævarsdóttur, Bókabeitan, 2019, skáldsaga með myndum.

Færeyjar: Loftar tú mæ? (Griber du mig?) eftir Raket Helmsdal, Bókadeild Føroya Lærarafelags, 2019, skáldsaga með myndum.

Tilkynnt verður um sigurverkið 2020 á bókmenntahátíðinni Bókadagur í Norræna húsinu í Þórshöfn, Færeyjum, í nóvember.

Verðlaunin eru veitt annað hvert ár vestnorrænu bókmenntaverki ætluðu börnum og ungu fólki. Fær-eynska barnabókin Træið (Tréð) hlaut verðlaunin 2018. Bók Bergrúnar Írisar, Langelstur að eilifu, hreppti á dögum Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og unglíngabóka.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 5. FEBRÚAR 2020

#### Orðsins list

**Hvað?** Menntadagur atvinnulífsins

**Hvenær?** 08.30-11.30.

**Hvar?** Norðurljós, Hörpu Fjallað um sköpun í íslensku atvinnulífi og menntakerfi út frá fjölmörgum sjónarhornum.

**Hvað?** Breytingar í lífríki hafnsins

**Hvenær?** 12.15

**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs Hrönn Egilsdóttir sjávarvistfræðingur fjallar um lífríki hafnsins. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Jafnréttisdagur í HÍ

**Hvenær?** 14.00-16.00

**Hvar?** Setberg – Hús kennslunnar HÍ, Suðurgötu Vinnustofa um innflytjendur og háskólanám.

**Hvað?** Höfundakvöld

**Hvenær?** 19.30

**Hvar?** Norræna húsið Gestur er sænski rithöfundurinn

og þýðandinn Gunnar D. Hansson, dósent í bókmenntafræði og fyrrverandi prófessor við Háskólann í Gautaborg. Umræðan fer fram á sænsku og dönsku. Streymt er frá viðburðinum.

**Hvað?** Lífsstílskafti – Áskoranir

**Hvenær?** 20.00-22.00

**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, leiðsögumaður og eigandi ferðaskrifstofunnar Mundo, segir frá Jakobsveginum sem er krefjandi og segir frá mismunandi leiðum sem hæfa fólki með ólíka getu.

**Hvað?** Landhelgi og efnahagur

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Sjóstangaveiðifélagið, Grandagarði 18

Jóhann Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri Hafró, fjallar um fiskistofnana og útfærslu landhelginna á 8. áratugnum og Ragnar Árnason, prófessor í fiskihagfræði, um efnahagslega þýðingu þeirra gjörða. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hvar er draumurinn?

**Hvenær?** 20.30.

**Hvar?** Háaleitisbraut 13, IV. hæð ADHD samtökin bjóða upp á opinn spjallfund, um svefn barna með ADHD.

#### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar á Múlanum

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Kaldalón, Hörpu Kvartett Einars Scheving fagnar útkomu nýs disks.






Verðlaunastóllinn árið 2020 - Arch

## Húsgögn fyrir hótél og veitingastaði

# FAMEG

Handverksstólar í meira en 100 ár.

Thonet húsgagnahefðin kallar aðeins á gegnheilan efnivið í hæsta gæðaflokki







Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**98** kr./500 ml

UpGrade Íþróttadrykkur  
500 ml, 4 teg.



500ml

**98** kr./0,5 l

Coca Cola Light  
500 ml



2l

**198** kr./2 l

Coca Cola Light  
2 lítrar

**SAMA VERÐ  
UM LAND ALLT**



**79** kr./250 ml

Oatly Hafradrykkur  
Súkkulaði, 250 ml



**198** kr./280 g

ES Sólþurrkaðir Tómatar  
280 g



**95** kr./400 g

ES Kjúklingabaunir, 400 g  
ES Nýrnabaunir, 400 g



**Lágkolvetna  
Próteinbrauð**

Inniheldur 25% prótein  
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g

**398** kr./420 g

Bónus Próteinbrauð  
420 g



600ml

**659** kr./600 ml

DÚX Handspritt 70%  
600 ml



100stk.

**698** kr./pk.

Abena Latexhanskar  
100 stk. í pakka, M og L stærðir



Verð gildir til og með 9. febrúar eða meðan birgðir endast.

# BONUS BONUS BONUS BONUS

**Sparaðu**  
tíma og fyrirhöfn



**1.598** kr./stk.

Bónus Súpur  
1-1,2 kg, 6 teg.

**FORELDAÐ**  
Aðeins að hita

**Réttur mánaðarins**

Máltíð  
**Fyrir 3-4**  
Tilbúin á 20 mín.



**1.298** kr./stk.


Bónus Lasagna  
1 kg



**2 brauð**  
í pakka

**159** kr./pk.

ES Hvítlauksbrauð  
Frosið, 350 g



**Kaupauki**  
Remia tómatsósa fylgir með hverjum pakka



**598** kr./750 ml

ES Ólífuolía  
1 lítri



**598** kr./750 ml

ES Jómfrúar Ólífuolía  
750 ml



**879** kr./pk.

SG Ketó Feta Pylsur, 750 g  
SG Pepperoni Pylsur, 750 g  
Remia Tómatsósa fylgir hverjum pakka

# BONUS

**EKKERT BRUÐL**

## Miðvikudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Lífið á Spáni** Sigmundur Ernir fer og kynnir sér Íslendingalífið á Costa Blanca á Spáni.

**20.30 Viðskipti með Jóni G.** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Hauksyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

**21.00 21 - Fréttapáttur á miðvikudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Erniss með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

**21.30 Saga og samfélag** Saga og samfélag er nýr þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV SJÓNVARP

**12.25 Kastljós**  
**12.40 Menningin**  
**12.50 Gettu betur 1993 MR - FL**  
**14.00 Mósaik**  
**14.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1990-1991**  
**15.55 Persónur og leikendur: Árni Tryggvason**

**16.35 Græna herbergið**  
**17.15 Nálspor tímans**  
**17.45 Táknálsfréttir**  
**17.55 Disneystundin**  
**17.56 Dóta læknir**  
**18.19 Sigildar teiknimyndir**  
**18.26 Músahús Mikka**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**18.54 Vikinglotta**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.05 Kiljan**  
**20.45 Ljós móðirin - Call The Midwife** Sjötta þáttaröð breska myndaflokksins Ljós móðurinnar, sem er byggður á sannsögulegum heimildum um ljósmæður og skjólstaðinga þeirra í fátækra hverfi í austurborg London í byrjun sjöunda áratugarins. Meðal leikenda eru Vanessa Redgrave, Jenny Agutter og Laura Main.  
**21.40 Kappléikur Match**  
**22.00 Tiufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 ISIS. Upptök ofbeldis ISIS. The Origins of Violence** Bresk heimildarmynd. Sagnfræðingurinn Tom Holland rekur upphaf ofbeldisfullrar stefnu hryðjuverkasamtakanna Íslamska ríkisins. Samtökin halda því fram að stefnan sé í samræmi við ritningar íslams þótt flestir múslimar túlki trú sína á þveröfugan hátt. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.  
**23.20 Kveikur**  
**23.55 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**07.50 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.  
**12.50 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.  
**18.45 AT&T Pebble Beach** Útsending frá lokadegi AT&T Pebble Beach á PGA-mótaröðinni.  
**00.30 Sony Open in Hawaii** Útsending frá Sony Open in Hawaii.  
**04.00 ISPS Handa Vic Open** Bein útsending frá ISPS Handa Vic Open.

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**  
**08.00 Dr. Phil**  
**08.45 The Late Late Show**  
**09.30 Síminn + Spotify**  
**12.00 Everybody Loves Raymond**  
**12.20 The King of Queens**  
**12.40 How I Met Your Mother**  
**13.05 Dr. Phil**  
**13.50 Trúnó**  
**14.25 Lifum lengur**  
**16.00 Malcolm in the Middle**  
**16.20 Everybody Loves Raymond**  
**16.45 The King of Queens**  
**17.05 How I Met Your Mother**  
**17.30 Dr. Phil**  
**18.15 The Late Late Show**  
**19.00 America's Funniest Home Videos**  
**19.20 The Good Place**  
**19.45 Life in Pieces**  
**20.10 BH90210**  
**21.00 Chicago Med**  
**21.50 Station 19**  
**22.35 Love Island**  
**23.20 The Late Late Show**  
**00.05 NCIS**  
**00.50 9-1-1**  
**01.35 Emergence**  
**02.20 Det som göms i snö**  
**03.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Á reki með KK**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.02 Hádegisútlit**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.40 Veðurfregnir**  
**12.50 Dánarfregnir**  
**12.55 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Tónlist frá A til Ö**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Samtal**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Viðsjá**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestin**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Stormsker**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Myrkir músikdagar 2020. Caput, Bára og Skúli**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.30 Kvöldsgagan. Hjartastaður Fimmhánda lestur**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.10 Samfélagið**  
**23.05 Lestin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45 Victoria and Abdul**  
**13.35 Scooby-Doo! Shaggy's Showdown**  
**14.55 Dear Dumb Diary**  
**16.20 Victoria and Abdul**  
**18.10 Scooby-Doo! Shaggy's Showdown**  
**19.30 Dear Dumb Diary**  
**21.00 The Hero**  
**22.35 The Book of Henry**  
**00.20 Super Troopers 2**  
**02.00 The Hero**

## Dagskráin á Hringbraut

h



## EINSTÖK KONA, EINLÆG FRÁSÖGN

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir,

forstjóri Marel á Íslandi, hreppi

aðalverðlaun Félags kvenna

í atvinnulífinu á dögnum. Í

stórskemmtilegu og afar persónulegu

samtali við Sigmund Erni í Mannamáli

kvöldsins lýsir hún frama sínum og

stjórnunarstíl, eigin sjálfstæði og

yngri dótturinni sem hún afréð bara að

eignast sjálf.

Mannamál er í boði

Betolvex

B12  
vitamín

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

FM 88,5 XA-Rádió  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útlit Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



TENDENS CHARCOAL



NORDIC SPIRIT NATURAL OAK/FOCUS



SHAKER WHITE



TENDENS BLACK OAK VENEER

# NÚTÍMA LÍFSTÍLL GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS

Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.

**ORMSSON**

Lágmúla 8 • sími 530 2800

HTH á Íslandi í 40 ár,  
og þar af í 20 ár hjá Ormsson  
- endurspeglar traust  
Íslendinga til merkisins



INNRETTINGAR



ormsson

# Eins og að teikna í snjóinn með pensli

**Viðir Björnsson** og Rúnar Pétur Hjörleifsson hafa gefið út snjóbrettamyndina Volcano Lines sem hefur verið tekið vel í snjóbrettaheiminum. Í henni fer íslensk náttúra með aðalhlutverkið ásamt snjóbrettatilprifum Rúnars Péturs.



Rúnar Pétur sést hér bruna niður fjall en hann dvelur á veturna í húsbíl sínum í Ölpunum. Viðir er nýkominn úr heimsókn þaðan. MYND/ROWAN

Síðastliðinn sunnudag kom út snjóbrettamyndin Volcano Lines en hún er samstarfsverkefni ljósmyndarans Víðis Björnssonar og snjóbrettakappans Rúnars Péturs Hjörleifssonar. Myndin hefur nú þegar vakið nokkra athygli innan snjóbrettaheimsins.

„Viðtökurnar við þessari mynd hafa farið fram úr öllum vonum og nú þegar er búið að fjalla um hana nánast úti um allan heim. Stærstu snjóbrettasíðurnar hafa verið að deila þessu og við gætum ekki verið glaðari með það,“ segir Viðir.

## Líkaði stillinn

Rúnar Pétur hafði samband við Viði í gegnum samskiptamiðilinn Instagram árið 2018.

„Ég var mikið að skjóta myndir af íslenskri náttúru og landslagi á þeim tíma. Rúnari líkaði stillinn minn og hvernig mín sýn á náttúruna birtist á samskiptamiðlinum. Okkur langaði að reyna að blanda þessu tvennu saman, náttúrunni og snjóbrettaíþróttinni,“ segir Viðir.

Viðir hefur alltaf haft áhuga á ljósmyndun en þabbi hans er ljósmyndari.

„Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið myndaugað frá honum. Það var samt ekki fyrr en árið 2014 sem ég virkilega sökksti mér í þetta. Fyrir það upplifði ég eins og væri að eyða lífi mínu í starf sem ég hafði engan áhuga á, svo var maður bara í Playstation á kvöldin. Loks fékk ég nóg af því að vera á nokkurs konar sjálfstýringu, að gera eitthvað sem gaf mér enga gleði. Þannig að ég sagði upp vinnunni og skipti út Playstation-tölvunni fyrir myndavél. Í kjölfarið eyddi ég öllum mínum tíma í að mynda og áttaði mig fljótt á að þetta væri það sem ég vildi gera í lífinu,“ segir Viðir.

## Var smá efns

Hann segir þá Rúnar eiga það sam-

## ÞEGAR VIÐ FÓRUM AÐ RENNA YFIR EFNID ÁTTUÐUM VIÐ OKKUR Á ÞVI HVAD ÞAD VAR GOTT.

eiginlegt að vera ævintýragjarnir og miklir náttúruelskendur.

„Mig langaði að finna leið til að tengja þessa hluti saman í gegnum vinnu. Síðustu ár hef ég sögast mikið inn í heim jadasports á Íslandi og áttaði mig á því að þarna væri grundvöllur fyrir því að vera úti í íslenskri náttúru á meðan þú ert að vinna.“

Fyrstu tókurnar gengu svo vel að þeir ákváðu um leið að þeir myndu fara í frekara samstarf.

„Ég verð að viðurkenna að ég var smá efns með að hoppa í flugvél til Egilsstaða til þess að hitta einhvern snjóbrettastrák sem ég hafði aldrei hitt áður, en áður en ég vissi af var ég kominn upp í vélina. Þegar ég lenti þar kemur Rúnar og við förum beint í Neskaupstað í mat til mömmu hans. Eftir klukkutíma með Rúnari og fjölskyldu hans áttaði ég mig á hvað hann er yndisleg manneskja. Þarna var ég mættur heim til fjölskyldu hans og mér leið strax eins og ég væri partur af henni. Við mynduðum saman í nokkra daga og það gekk eins og í sögu. Þetta var hrein-

lega of gaman. Þegar við förum að renna yfir efnid áttuðum við okkur á því hvað það var gott. Þetta var svo óendanlega mikið af flottu efni að við urðum að gera eitthvað úr þessu, slíkt efni hefur líka ekkert að gera í einhverri möppu í tölvunni þinni þar sem þú einn sérð það,“ segir Viðir.

## Skírðu hitarann Júdas

Viðir segir Rúnar Pétur hafa komið með nafnið á myndinni.

„Hann á nafnið alveg skuldlaust. Volcano Lines hljómaði vel og nafnið er videigandi. Snjólínurnar niður fjöllin minntu oft á eldgos, það var eins og snjórinn væri að leka niður fjallið eins og brennandi hraun. Svo líta líka fjöllin mörg út eins og eldfjöll og ég er ekki frá því að eitthvað af þeim sé það. Hugmyndin á bak við myndina var að fanga fallega íslenska náttúru og landslag í bland við þennan gullfallega snjóbretta-stíl sem Rúnar er með. Það er oft eins og Rúnar sé að teikna í snjóinn með pensli á leiðinni niður.“

Viðir segir tókurnar hafa gengið vel þótt tæknin hafi stundum verið að stríða þeim.

„Billinn bilaði áður en við náðum að skjóta nokkurn skapaðan hlut. Það var mikið um hrakföll.“

Hitarinn í húsbílnum hans Rúnars tók oft upp á því að bila, þess vegna skírðum við hann Júdas.“

## Alltaf á brimbretti

Sjálfur var Viðir mikið á snjóbretti sem unglingur, en lét sportið vera í mörg ár eftir það.

„Ég var aðeins farinn að dusta rykið af brettinu áður en Rúnar hafði samband við mig. Ég verð að viðurkenna, sem gamall sjóbrettastrákur að það kitlaði mikið að stökkva í þetta verkefni með Rúnari. Það er Rúnari að þakka að í dag er ég orðinn bara nokkuð seigur á snjóbrettinu aftur,“ segir Viðir og brosir.

Undanfarin þrjú ár hefur brimbrettaíþróttin átt hug Víðis allan.

„Þetta sport gjörsamlega eyðilagði líf mitt á sama tíma og það bjargaði því. Sportið tók allan minn tíma því ég varð svo óendanlega háður þessu. Þetta er skemmtilegasta og erfiðasta sport sem er þarna úti að mínu mati. Ég var farinn að hafna mjög skemmtilegum verkefnum þegar það var góð ölduspá. Ég hef alltaf verið háður sjónum, hann er svo magnað fyrirbæri. Ég er alinn upp á Eyrarbakka og á Flateyri á sumrin þannig að sjórinn

hefur alltaf fylgt mér. Vinur minn sagði við mig: „Af hverju ertu að synda í öldunum? Af hverju prófarðu ekki bara að fara á brimbretti?“ og þar með varð ekki aftur snúið,“ segir hann

Viðir og Rúnar eru komnir langt á leið með næstu mynd.

„Ég var að koma úr ferð í Ölpunum hjá Rúnari, þar sem hann býr í húsbílnum sínum. Þar tókum við nokkur skot og plönuðum næstu verkefni. Okkur

langar að gera eina mynd á hverju ári sem er alltaf skotin héraðs.

Við erum einnig með nokkur önnur verkefni í pípunum sem koma betur í ljós síðar.“ steingerdur@frettabladid.is



Viðir hefur sjálfur sökkst sér að fullum krafti í brimbrettaíðkun, sem hann segir krefjandi en gefandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



UMFERÐARSLYS



VINNUSLYS



FRÍTÍMASLYS

HAFÐU SAMBAND




511 5008

LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

STILLANLEG RÚM  
-20-50%

HÆGINDASTÓLAR  
-30%

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG 20-50% AFSLÁTTUR



ILMKERTI  
-20%

## MIA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 99.888 KR

LAGAR SIG EINSTAKLEGA VEL AÐ  
LÍKAMANUM

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 132.340 KR

HEILSURÚM  
-20-50%

LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

30%  
AFSLÁTTUR



## COMO HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 30.450 KR

EINN LITUR, KREM

VERÐ ÁÐUR 43.500 KR

## HÍÐ SÍVINSÆLA CORINNA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 149.161 KR

VEITIR EINSTAKAN STUÐNING  
OG ÞYNGDARDREIFINGU

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 197.030 KR

# LOKAVIKAN



# ALLTAF OPIN

Allt að

# 60%

afsláttur



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

DAG HVERN LESA

## 96.000

ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI



Ástriðutrekkarinn Haukur Guðmundsson ásamt áhöfninni á Deep Space Nine sem laðaði hann að Star Trek.

## Trekkarar leigja bíósal fyrir Picard

Star Trek-nördar innan gufuhvolfsins virðast almennt ánægðir með nýju Picard-sjónvarpsþættina og þegar er orðið vel messu-fært í bíósalinn sem dyggustu Trekkararnir á Íslandi hafa leigt til þess að geta notið þess að horfa saman á fyrstu þrjá þættina.

Aðdáendur Star Trek víða um lönd fagna nú mjög nýjum og að því er virðist, í það minnsta til að byrja með, vel heppnuðum sjónvarpsþáttum um hinn dæða Jean-Luc Picard sem er, þegar hér er komið við sögu, sestur í helgan stein en lifir vitaskuld enn á fornri frægð sem farsæll kaftinn hins rómaða geimskips Enterprise.

Trekkarar á Íslandi eru hér engin undantekning og nokkur úr þeirra harðasta og innsta kjarna hafa sameinast um að leigja sal í Bíó Paradís til þess að njóta þess að upplifa fyrstu þrjá þættina saman á föstudagskvöld.

„Viðbrögðin eru ótrúlega jákvæð en þetta byrjaði bara þannig að við vorum, svolítið harður kunningjahópur í þessu, að ræða hvort það væri ekki gaman ef við myndum hittast og horfa á þetta,“ segir Haukur Guðmundsson sem endaði með að þurfa að finna þessum göðra Trekka-fundi pláss í bíósal.

### Samþykki Stjórnuflotans

„Þetta vatt einhvern veginn bara alltaf meira og meira upp á sig þangað til við ákváðum bara að heyrja í Bíó Paradís og athuga hvort það væri hægt að leigja sal,“ segir Haukur og leggur áherslu á að með því að ganga frá öllum formsatriðum og tilskildum leyfum frá þeim sem um höfundaréttarmál Star Trek sjá hafi verið auðsött mál að fá leigðan sal í Paradísarbióinu við Hverfisgötuna.

„Við höfðum samband út og þetta er þannig að það má alveg halda einkapartí, svokölluð „viewing party“, svo lengi sem fólkið sem heldur þau græðir ekki á þeim og þetta er ekki í nafni einhvers fyrirtækis eða stofnunar og fólkið sem horfir á sé með áskrift að viðeigandi streymisveitu. Þannig að í þessu til-

**ÞAD ER EINHVERN VEGINN BARA EITT-HVAD VIÐ ÞETTA ÞANNIG AÐ ÞETTA ER EINS OG AÐ FARA Í GÓÐA MESSU.**



Patrick Stewart sló til vegna sam-tímaádeilunnar í Picard-þáttunum.

félli eru bara allir velkomnir sem vinir og kunningjar í „áhorfsveisluna“ og við deilum bara kostnaðinum á salnum þannig að því fleiri sem koma, þeim mun ódýrara verður þetta fyrir hvern og einn.“

### Eins og góð messa

Hóplápið á fyrstu þrjá Picard-þættina hefst klukkan 22 á föstudagskvöld í Bíó Paradís og Hauki telst til að skömmu eftir að hann stofnaði Facebook-viðburð um uppákomuna hafi eitthvað í kringum 50 manns verið búnir að bóða komu sína.

„Við vorum komin með um 30 manns á lista af fólki í kringum okkur, eftir að við vorum búnir að tala okkur saman og miðað við viðbrögðin og hversu margir eru að bregðast við er ljóst að Star Trek er alveg góð hópupplifun. Það er einhvern veginn bara eitthvað við

þetta þannig að þetta er eins og að fara í góða messu.“

### Frjálst klæðaval

Þótt ákðufstu geimnördarnir skipi sér oft í andstæðar fylkingar þeirra sem hafa gert Star Wars að merkingarmiðju tilveru sinnar og þeirra sem lifa og hrærast í Star Trek-veröldinni eiga báðir hópar þó sameiginlega ríka tilhneigingu og þörf fyrir að klæða sig upp sem persónur þessara menningarfyribæra.

„Það hefur enginn talað um það þannig séð en ég yrði mjög hissa ef enginn myndi mæta í búningi,“ segir Haukur aðspurður hvort reikna megi með fullum sal af uppáklæddum trekkurum. „Ég hef ekkert þælt í því sjálfur en það getur vel verið að ég mæti í einhverju og maður á alveg nóg að velja úr einhverjum búningum sem hanga uppi í fataskáp.“

### Samfélagsrýnirinn Picard

Haukur dróst ungur inn í Star Trek heiminn þegar hann byrjaði fyrir tilviljun að fylgjast með Star Trek: Deep Space Nine-þáttunum, sem hófu göngu sína 1993, þegar þeir voru sýndir í íslensku sjónvarpi.

„Mér finnst þessir þættir fara skemmtilega af stað,“ segir hann þegar hann er spurður út í nýju Picard-þættina. „Þeir eru mjög ólíkir Discovery, sem eru búnir að vera í tvö ár, og fara miklu rólegar af stað enda lagt upp með þá stefnu að hafa þættina ólíka.“

Þá bendir Haukur á að leikarinn Patrick Stewart hafi ekki ætlað sér að leika Picard framfarir en þegar hann sá hvernig tekist er á við samtímann í þáttunum hafi honum snúist hugur. „Maður sér strax í fyrsta þætti mikla ádeilu á ýmsa fordóma og aðskilnaðar- og einangrunarstefnu sem verður greinilega þemað í þessum þáttum.“

totti@frettabladid.is



*Salötin & Hummusinn*


★ **GERIR KRAFTAVERK** ★

— FYRIR DAGLEGT BRAUD —

..... FERSKT Á FERDINNI ★ FRESH TO GO .....







## BAKÞANKAR

Jónu Hrannar  
Bolladóttur



## Heilsustofnun NLFÍ

Fjórúmin sinn um ævina hef ég verið þar stödd að hef þurft nauðsynlega að komast í skjól frá álagi, streitu, hugarþvætti og aukakíloum. Ég hef notið þeirrar blessunar að geta í þessum tilfellum dvalið á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Okkur hættir oft til þess að leita langt yfir skammt, en það að geta ekið bara yfir Hellsheidina og átt slíkan vin sem Heilsustofnunin reynist, er mikið lán í íslensku samfélagi. Enda kemur í ljós að meðalaldur þeirra sem þangað sækja hefur lækkað verulega á síðustu árum og hópurinn orðið fjölbreyttari.

Einu gildir hvert litíð er á þessum heilunarstað, hvort sem það er fólkið í móttökunni, sundlauginni, ræstingunni eða hjúkrunarfræðingar, lækna, sjúkranuddarar eða -þjálfarar, eldhúsfólkið sem ber fram þennan næringar- og litrika mat; alls staðar er valinn maður í hverju rúmi. Hvers kyns asi og ónot eru fjárri heldur ríkir andrúmsloft virðingar, vináttu og hvatningar sem verður til þess að gestir hússins tileinka sér falleg samskipti. Enda sér maður vináttu skapast milli fólks þar sem gott samtal fær að þróast, líffssögur eru sagðar og sorgum og gleði deilt. Augljós metnaður sem um leið virkar svo áreynslaus birtist í öllum aðbúnaði. Eins eru fyrirlestrar um gildi húmors og núvitundar, aðferðir við slökun og minnisþjálfun eða hvernig vinna má með verki og bæta mataræði hver öðrum betri. Landsmenn eru lánsamir að eiga svona heilagan stað sem fengið hefur að þróast og blómstra í árunna rás.

Ég get alltaf af heilu hjarta hvatt fólk sem mætt hefur áföllum, álagi, sorgum og veikindum að fara og dvelja á Heilsustofnun NLFÍ, því ég hef reynt gildi starfseminnar á eigin skinni.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk  
ON THE GO

VÁ VERÐ

SAMBÓ  
PRISTUR 28 G

69  
KR/STK

2464 KR/KG



Kvikk  
ON THE GO



## Út fyrir þægindarammann og umhverfis hnöttinn

Öll þekkjum við Sveppa, en færri vita að hann er Sverrisson og þeim Sverri kynnumst við betur í **Pabbi skoðar heiminn**, skemmtilegri og einlægri þáttaröð þar sem Sveppi dregur pabba sinn út fyrir þægindarammann og dröslar honum með sér í heimsreisu.

Öll þáttaröðin er komin í Sjónvarp Símans Premium.

# PABBI SKOÐAR Heiminn



siminn.is

SAFFRAN